



Ræs! – Síld!
Rannsókn á sambandi Síldarminjasafns
Íslands við samfélagið í Siglufirði

Daníel Pétur Daníelsson

Ferðamáladeild
Hólabaskóli – Háskólinn á Hólum
2025

Ræs! – Síld!
Rannsókn á sambandi Síldarminjasafns
Íslands við samfélagið í Siglufirði

Daníel Pétur Daníelsson

60 eininga ritgerð til *Magister Artium* prófs í Ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Laufey Haraldsdóttir

Ferðamáladeild
Hólaskóli – Háskólinn á Hólum
Hólar, júní 2025

Ræs! – Sild!

Rannsókn á sambandi Sildarminjasafns Íslands við samfélagið í Siglufirði
60 ECTS ritgerð til *Magister Artium* prófs í Ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2025 Daníel Pétur Daníelsson

Öll réttindi áskilin / All rights reserved

Ferðamáladeild

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum (Holar University College)

Hólar í Hjaltadal

551 Sauðárkrókur

Iceland

Sími (Telephone): 455 6300

Skráningarupplýsingar:

Daníel Pétur Daníelsson, 2025, *Ræs! – Sild! Rannsókn á sambandi Sildarminjasafns Íslands við samfélagið í Siglufirði (Everybody up! – Herring! A study of the relationship between The Herring Era Museum and the community of Siglufjörður)*, Ferðamáladeild, Háskólinn á Hólum (Holar University College), 88 bls.

Prentun: Hólar í Hjaltadal, Iceland, júní 2025

Útdráttur

Í þessari rannsókn er sambandið milli safnsins og nærsamfélagsins skoðað og er markmiðið að varpa ljósi á hvaða þættir geti stuðlað að sterkari tengslum þar á milli. Rannsóknin er eigindleg, um er að ræða tilfellarannsókn og megin gagnasöfnun fór fram í formi rýnihópaviðtala. Fyrri rannsóknir undirstrika mikilvægi safna sem menntastofnana og að mikilvægt sé að þau tengist fjölbreyttum hópum samfélagsins. Þetta hefur reynst mörgum söfnum erfitt. Síldarminjasafn Íslands sinnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu á Siglufirði, en erfiðast hefur reynst að ná til fólks í heimabyggð sem er þó mikilvægur markhópur safnsins. Rannsóknin leitast við að greina þá þætti sem hafa áhrif á tengsl safnsins við nærsamfélagið, hvernig styrkja megi sambandið þar á milli og um leið að stuðla að aukinni þekkingu á menningararfinum og inngildingu fjölbreyttra hópa. Með því að brúa bilið milli safnsins og heimafélks er möguleiki á að fjölga gestum og stuðla að eflingu á félagsanda í samfélaginu. Rannsókninni er ætlað að vera innlegg í umræðuna um tengsl safna og samfélaga og gefa innsýn í hvernig hægt sé að efla samfélagslega þátttöku safna þannig að þau tengist betur sínu nærsamfélagi. Helstu niðurstöður benda til að fjölbreytt viðburðahald, og margskonar samstarf við heimafélk skiptir sköpum hvað varðar að dýpka tengsl safna við sín nærsamfélög.

Lykilorð: Safn, samfélag, samfélagsþátttaka, inngilding, staðartilfinning, að tilheyra

Abstract

This study examines the relationship between the museum and the local community, with the aim of shedding light on the factors that can contribute to strengthening those ties. The research is qualitative, it is a case study, and the main data collection was carried out through focus group interviews. Previous research highlights the importance of museums as educational institutions and emphasizes the need for them to engage with diverse segments of society. This has proven challenging for many museums. The Herring Era Museum in Iceland plays an important role in the community of Siglufjörður, but the greatest challenge has been reaching people in the local area, who are an important target group of the museum. The study seeks to identify the factors that influence the museum's connection with the local community, how this relationship might be strengthened, and at the same time to promote increased awareness of cultural heritage and the inclusion of diverse groups. By bridging the gap between the museum and residents, there is potential to increase visitor numbers and foster a stronger sense of social cohesion within the community. The study aims to contribute to the ongoing discussion on the relationship between museums and communities, offering insight into how museums can enhance social engagement and establish deeper connections with their surrounding communities. The main findings indicate that a diverse program of events and various forms of collaboration with local people are crucial in deepening the relationship between museums and their local communities.

Keywords: Museum, community, community engagement, inclusion, sense of place, belongingness

Tileinkun

*Ritgerð þessi er tileinkuð mínu mesta stuðningsfólki í gegnum háskólanámið mitt,
mömmu og pabba.*

Efnisyfirlit

Útdráttur	v
Abstract	vi
Efnisyfirlit	viii
Töfluskra	xi
Þakkir	xiii
1 Inngangur	1
2 Söfn og samfélög í fræðilegu ljósi	5
2.1 Söfn fyrr og nú – hin nýja safnafræði	5
2.2 Samband safna og samfélaga – kenningarleg nálgun	8
2.3 Safn er ekki bara safn	14
2.4 Síldarminjasafn Íslands	15
Saga safnsins	15
Gestafjöldi	16
Síldarminjasafnið og nærsamfélagið	18
3 Aðferðarfræði	21
3.1 Fræðilegt sjónarhorn, aðferðafræði og aðferðir	21
3.2 Framkvæmd rannsókna, öflun og greining gagna	22
3.3 Siðfræði	25
4 Niðurstöður	27
4.1 Rýnihópar A, B og C	27
Samfélagsþátttaka	27
Rýnihópur A – innfæddir Siglfirðingar	27
Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn	29
Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn	29
Inngilding	31
Rýnihópur A – innfæddir Siglfirðingar	31
Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn	32
Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn	32
Staðartilfinning	33
Rýnihópur A – innfæddir Siglfirðingar	33

Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn.....	34
Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn.....	35
Að tilheyra	35
Rýnihópur A – innfæddir Siglfirðingar	35
Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn.....	36
Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn.....	36
Fyrir framtíðina	37
Rýnihópur A – innfæddir Siglfirðingar	37
Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn.....	38
Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn.....	39
4.2 Rýnihópur D	39
Tengsl safna og samfélaga.....	39
Aðgengi og fjölbreytileiki	40
Samvinna og þátttaka heimafólks.....	42
Sjálfbærastarf og samfélagsleg ábyrgð.....	43
5 Umræður.....	45
5.1 Rýnihópur A, B og C – fjölbreyttar raddir samfélagsins.....	46
Aðfluttir og tenging í gegnum þátttöku	47
Viðburðir sem brú milli fólks og safns.....	48
Raddir erlendra íbúa	50
5.2 Rýnihópur D – sjónarhorn safnafólks.....	52
5.3 Kenningar Weil, Witcomb og Crooke í ljósi niðurstaðna úr rýnihópunum	55
5.4 Sameiginleg þemu og tengingar	57
6 Lokaorð.....	59
Heimildir	61
Viðauki.....	68
Viðtalsrammar	68
Inngangur (fyrir alla rýnihópa)	68
Viðtalsrammi fyrir rýnihóp A.....	68
Viðtalsrammi fyrir rýnihóp B	69
Viðtalsrammi fyrir rýnihóp C	70
Enska:	72
Viðtalsrammi fyrir rýnihóp D.....	73
Samantekt (fyrir alla rýnihópa)	74

Töfluskrá

Tafla 1: Dæmi um tilfinningalegar hindranir fyrir gesti á söfnum.....	12
Tafla 2: Gestafjöldi Síldarminjasafns Íslands frá 1991 til 2024.....	16

Þakkir

Í upphafi náms míns í Háskólanum á Hólum þá óraði mig ekki fyrir því að ég myndi koma mér í þá aðstöðu að vera að skrifa þakkarorð í minni eigin meistararitgerð. En hér er maður, BA gráðu og diplómu ríkari, og fljótlega MA gráðu. Þetta gerir þennan námsmann, sem var áður í besta falli meðal skussi, ákaflega stoltan af sjálfum sér. En það hefur ekki verið sjálfgefið að klára þessa meistararitgerð. Það hefur verið ákaflega krefjandi, það hefur kostað þrautseigju, þrjósku, mikils tíma, þolinmæði, skilnings og stuðnings. En þrátt fyrir grýttar götur, ófærð, ranghala, tóman eldsneytistank og sprungið sálardekk, þá er komið að leiðarenda í þessu ferðalagi og mig langar að þakka þeim sem hafa ferðast með mér.

Laufey Haraldsdóttir, leiðbeinandi minn – takk fyrir alla hjálpina, ferðirnar á Sigló og fyrir að leiða mig áfram með einlægum áhuga í gegnum þetta ferðalag, ásamt því að hafa trú á mér.

Guðný Zoëga – takk fyrir að birtast á lokasprettinum með ferskt augu og aðra sýn á hlutina.

Síldarminjasafn Íslands og Anita Elefsen safnstýra, samstarfskona og vinkona – takk fyrir aðstoð við gagnaöflun, yfirlestur, afnot á aðstöðunni í Salthúsinu, skilninginn á þessu námsbrólti mínu og allt peppið þegar tankurinn var orðinn tómur.

Byggðastofnun – kærar þakkir fyrir að trúa á verkefnið og styðja það. Ykkar trú skipti mig miklu máli og veitti mér byr undir báða vængi.

Þátttakendur í rýnihópunum – 1000 þakkir, án ykkar hefði þessi ritgerð ekki orðið að veruleika.

Að lokum vil ég þakka strákunum mínum – Jörgen og Erpur, ég veit að það var stundum leiðinlegt að sjá mig sitja endalaust við tölvuna, þannig að takk fyrir að þola lærdómsþabba!! Ég er óendanlega stoltur af ykkur og þakklátur fyrir að fá að vera pabbi ykkar.

Takk öll sem eitt!

1 Inngangur

Það er skemmtilegt og gefandi að vinna á safni, og er skráning og varðveisla menningararfsins ekki eingöngu mikilvæg fyrir kynslóð samtímans heldur sér í lagi fyrir kynslóðir framtíðarinnar. Það er að minnsta kosti mín reynsla og viðhorf til safnastarfs, en ég hef verið starfsmaður Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði frá janúar 2022. Þó að starfstitillinn segi „sérfræðingur á sviði varðveislu og miðlunar“, sem vissulega er mikilvægur hluti starfsins, felst vinnan í fjölmörgu öðru. Síldarminjasafnið er stórt safn með fáum starfsmönnum og þar að leiðandi sinnum við starfsfólkið fjölbreyttum verkefnum, langt umfram það sem starfstitlarnir gefa til kynna. Við sinnum öllu sem þarf að gera og við ráðum við, hvort sem það eru rannsóknir, varðveisla, fræðsla, miðlun, móttaka safngesta, smíði, málningarvinna, þjónastörf, snjómokstur, garðsláttur, gerð efnis fyrir samfélagsmiðla eða önnur verkefni sem falla til. Hlutverk okkar starfsmannanna eru því fjölmörg, frá fræðimönnum til verkamanna, til leiðsögumanna, og allt þar á milli, og það gerir starfið lifandi og gríðarlega skemmtilegt.

Síldarminjasafnið varðveitir sögu og menningararf síldaráranna á Íslandi, en eins og gestir safnsins komast öllu jafna að, þá snýst safnið ekki eingöngu um veiðar og vinnslu síldar. Safnið heldur utan um mikilvægan kafla í sögu Íslands, og þá sérstaklega Siglufjarðar, þegar síldveiðar léku lykilhlutverk í uppbyggingu íslensku þjóðarinnar og sjálfstæði hennar, ásamt því að eiga stóran þátt í að leysa þjóðina úr viðjum fátæktar (Árni Daníel Júlíusson o.fl., 1993). Þetta var í upphafi 20. aldar og voru fengsæl fiskimið nýtt með nýrri tækni við fiskveiðar og fullkomnari fiskveiðiflota en áður hafði þekkt. Lítil sjávarpláss stækkuðu ört því fólk flutti í umvörpum úr sveit í bæ, og má því segja að síldin hafi gert Íslendingum kleift að flytja úr torfbæjum í nútíma húsnaði (Hörður Ágústsson, 1998).

Fjölbreytileiki safnastarfsins hefur komið mér verulega á óvart og það er óhætt að segja að hin síendurtekna setning starfsmanna "að enginn dagur sé eins" lýsi starfinu ansi vel. Þrátt fyrir góða aðsókn á safnið undanfarin ár, hefur starfsfólk oft rætt hvers vegna heimafólk í Fjallabyggð¹, sem þarf ekki að greiða aðgangseyri skv. samningi safnsins við sveitarfélagið, heimsækir safnið ekki oftar en raun ber vitni. Fyrir okkur á Síldarminjasafninu er heimafólk

¹ Fjallabyggð er sameiginlegt sveitarfélag Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með um 2.000 íbúa (Þjóðskrá, e.d.), 1.200 á Siglufirði og 800 í Ólafsfirði

sá hópur sem reynist erfiðast að laða að safninu. Ljóst er að sá hópur þarf annarskonar nálgun en hinn almenni ferðamaður og hefur safnið leitast við að höfða til þessa hóps með fjölbreyttum viðburðum, t.d. tónleikum, aðventuheimsóknum, bókakynningum, fyrirlestrum og öðrum viðburðum sem safnið stendur fyrir, eða hýsir í húsakynnum sínum. Á þessum viðburðum takmarkast heimsóknir heimamanna öllu jafna við þá byggingu safnsins sem hýsir viðburðinn, og beinist athygli gesta þá frekar að viðburðinum sjálfum en sýningunni í húsinu.

Sem fæddur og uppalinn Siglufirðingur þekki ég samfélagið vel. Í óformlegum samtölum mínum við heimamenn hef ég komist að því að sumir þeirra hafa heimsótt safnið einu sinni, í þeim tilgangi að sjá sýningar þess, og hafa því einfaldlega krossað það út af sínum tékklista. Þessir einstaklingar virðast hafa litla eða enga hvatningu til endurtekinna heimsókna á safnið. Svo eru enn aðrir sem ekki hafa fundið neinn hvata til að heimsækja safnið yfirhöfuð, en ég tel þann hóp afar fámennan. Í Siglufirði þrífst fjölbreytt samfélag og er fjörðurinn heimili fólks af ýmsum toga og uppruna. Þar má m.a. nefna þá sem hafa fæðst og alist upp í bænum, Íslendinga sem hafa flutt þangað frá öðrum landshlutum, sem og fólk af erlendum uppruna.

Samkvæmt Þjóðskrá (2024a) voru 76.253 erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi árið 2024 og er dreifing þeirra misjöfn milli svæða og sveitarfélaga. Erlendir ríkisborgarar eru að meðaltali 18,7% íbúa í íslenskum sveitarfélögum, en í Fjallabyggð er hlutfallið aðeins undir meðaltali, eða 10,3% (Þjóðskrá, 2024b). Það má álykta að íslenskir og erlendir einstaklingar, sem hafa sest að í Siglufirði, hafi ólíka tengingu við safnið og menningararfinn sem það varðveitir, en þeir heimamenn sem eru fæddir og uppaldir á Siglufirði. Ég tel að það felist tækifæri fyrir söfn eins og Síldarminjasafnið til að auka gestafjölda, sérstaklega utan háannatíma, með því að leita leiða til þess að ná betur til nærsamfélagsins.

Rannsóknir og verkefni tengd söfnum og samfélögum eru og hafa verið unnin undanfarin misseri á Íslandi, til dæmis verkefnin „Tökum höndum saman“² og „Inclusive Memory“³. „Tökum höndum saman“ fólst í átaki í aðgengismálum í víðu samhengi hjá Listasafni Reykjavíkur og Borgarsögusafni og lauk verkefninu árið 2022. „Inclusive Memory“ verkefnið fer fram á Íslandi, Spáni, Portúgal, Ítalíu og Grikklandi og snýst um að skapa leiðir til að styrkja félagslega þátttöku fólks. Verkefnið byggir á því að þróa nýja kennsluaðferð og nýta stafrænar lausnir, með það að markmiði að efla hæfni háskólakennara, nemenda og safngesta í samskiptum, gagnrýnni hugsun, tækniþekkingu og samvinnu.

² Tökum höndum saman: <https://reykjavik.is/graena-planid/atak-i-adgengismalum>

³ Inclusive memory: https://piattaformaintellect.it/portale/index.php/inclusive_memory/

Markmið er að stuðla að bættri velferð, heilsu og þátttöku fólks í samfélaginu (Inclusive Memory, e.d.). Þessi tvö verkefni eru dæmi um framlag til rannsókna á sambandi safna og samfélaga í íslensku samhengi líkt og sú rannsókn sem þessi ritgerð byggir á.

Með hliðsjón af því sem áður hefur komið fram, vaknaði áhugi minn á að rannsaka samband Síldarminjasafnsins við nærsamfélagið, og greina hvað það er sem skapar tengsl þar á milli. Ég valdi að byggja rýnihópa rannsóknarinnar á þremur hópum sem þegar hafa verið nefndir, þ.e. innfæddir Siglufirðingar, aðfluttir íbúar með íslenskan bakgrunn og íbúar með erlendan bakgrunn, þar sem ég taldi fyrir fram að þessir hópar gætu haft ólíkar þarfir og að mikilvægt væri að nálgast þá með mismunandi hætti.

Markmið og tilgangur rannsóknarinnar er að rannsaka fyrirbærið „tengsl safna og nærsamfélaga“, og skoða hvaða þættir geti stuðlað að styrkingu þess sambands. Rannsóknartilvikið er Síldarminjasafn Íslands og er gengið út frá rannsóknarspurningunum:

Hvaða þættir hafa áhrif á samband safns og samfélags? Hvernig getur Síldarminjasafnið styrkt tengsl sín við nærsamfélagið og aukið aðsókn íbúa þess?

Sem starfsmaður Síldarminjasafns Íslands og íbúi á Siglufirði vil ég sjá bæði safnið og samfélagið blómstra í framtíðinni. Ég tel að þessi rannsókn geti skipt máli bæði fyrir samfélagið í Siglufirði og fyrir Síldarminjasafnið og að sterkari tengsl þar á milli geti haft jákvæð áhrif á þróun samfélagsins, aukið þátttöku íbúa í starfsemi safnsins og stuðlað að menningarskiptum þar íbúum gefst kostur á að kynnast ólíkri menningu hvers annars. Með öðrum orðum, bind ég vonir við að rannsóknin geti bætt lífsgæði hinna fjölbreyttu hópa sem mynda samfélagið. Fyrir Síldarminjasafnið getur sterkara samband við nærsamfélagið leitt til aukins stuðnings frá heimamönnum, aukið fjölda gesta úr þeim hópi, aukið áhuga á menningararfinum sem varðveittur er á safninu, aukið skilning almennings á faglegu safnastarfi og hjálpað safninu að ná til fólks úr öllum kimum nærsamfélagsins. Það er einnig von mín að niðurstöður þessarar rannsóknar geti stutt önnur söfn á Íslandi í viðleitni þeirra til þess að höfða til fólks með mismunandi bakgrunn og stuðlað að aukinni inngildingu (e. inclusion) ólíkra hópa í safnastarfi.

Auk ofangreindra markmiða rannsóknarinnar er markmiðið einnig að skoða tengsl rannsóknarinnar við sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDGs / Sustainable Development Goals), sem leggja áherslu á félagslega, efnahagslega og umhverfislega sjálfbærni (United Nations Development Programme, e.d.). Í ritgerðinni mun ég því skoða tengsl sjálfbærnimarkmiðanna bæði í fræðilegri umræðu ritgerðarinnar sem og í tengslum

við niðurstöður rannsóknarinnar. Sérstök áhersla er á eftirfarandi sjálfbærnimarkmið í samhengi við efni ritgerðarinnar:

- SDG 4: Menntun fyrir alla: Menningararfur stuðlar að menntun, með varðveislu hans eflir hann hefðbundna þekkingu, siði og tungumál. Hann eykur skilning og virðingu fyrir fjölbreyttri menningu, sem styrkir sjálfsmynd og skapar tilfinningu fyrir að tilheyra.
- SDG 8: Góð atvinna og hagvöxtur: Menningararfur og siðir geta skapað efnahagsleg tækifæri, svo sem í ferðaþjónustu, handverksiðnaði og menningarviðburði, sem stuðla að hagvexti og sjálfbærri þróun á samfélaga.
- SDG 10: Minni ójöfnuður: Menningararfur getur stuðlað að minni ójöfnuði með því að efla þátttöku jaðarsettra hópa, svo sem erlendra íbúa og minnihlutahópa. Þannig getur varðveisla menningararfs getur aukið tengsl almennings við samfélagið.
- SDG 11: Sjálfbærar borgir og samfélög: Varðveisla menningararfs á þéttbýlissvæðum getur bætt lífsgæði í borgum og stærri samfélögum, stuðlað að þróun án aðgreiningar og viðhaldið menningarlegri sjálfsmynd innan samfélaga.
- SDG 16: Friður, réttlæti og sterkar stofnanir: Menningararfur getur stuðlað að félagslegri samheldni, skilningi og umburðarlyndi, sem leiðir af sér friðsæl og réttlát samfélög, með varðveislu á menningarlegri fjölbreytni og með því að stuðla að samræðum.
- SDG 17: Samstarf um markmiðin: Sameiginlegar aðgerðir til að vernda og efla menningararf fela í sér samstarf milli stjórnvalda, nærsamfélaga, frjálsra félagasamtaka og einkageirans. Með því að viðurkenna og varðveita menningararf er hægt að ná mörgum sjálfbærnimarkmiðum, sér í lagi þeim sem stuðla að sjálfbærni, inngildingu og velferð samfélaga.

Ritgerðin skiptist í sex meginhluta. Auk inngangs eru fimm kaflar sem á eftir fylgja. Sá fyrsti fjallar um söfn og samfélög í fræðilegu samhengi, þar sem þættir á borð við hina nýju safnafræði, samband safna og samfélaga og Síldarminjasafn Íslands eru skoðaðir. Í kjölfarið er gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar, þar sem fjallað er m.a. um fræðilegt sjónarhorn og framkvæmd rannsóknarinnar. Þá er farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar áður en ritgerðin er dregin saman í umræðukafla og lokaorðum, þar sem helstu ályktanir eru lagðar fram ásamt möguleikum á frekari rannsóknum.

2 Söfn og samfélög í fræðilegu ljósi

Í þessum kafla er sett fram fræðilegt samhengi rannsóknarinnar. Gert er grein fyrir hvernig söfn hafa þróast frá hefðbundnum varðveislustofnunum yfir í að vera virkir þátttakendur í samfélagi sínu, og hvernig hugmyndir um samfélagslega ábyrgð og inngildingu hafa mótað starf þeirra. Fjallað verður um breyttar áherslur í safnastarfi á 21. öldinni þar sem aukin áhersla er lögð á aðgengi, fjölbreytileika og þátttöku, bæði í erlendu og íslensku samhengi. Að því loknu verður fjallað nánar um samband safna og samfélaga, þar sem lykilhugtök rannsóknarinnar, *samfélagsþátttaka*, *inngilding*, *staðartilfinning* og *tilfinningin um að tilheyra*, eru skilgreind og sett í fræðilegt samhengi. Loks verður gerð grein fyrir sögu og þróun Síldarminjasafns Íslands, gestafjölda þess, sem og tengslum safnsins við nærsamfélagið í Siglufirði.

2.1 Söfn fyrr og nú – hin nýja safnafræði

Sé orðinu „safn“ sem stofnun flett upp í orðabók, má finna skilgreiningu sem segir að safn sé bygging sem hýsir marga hluti af ákveðnu tagi (Árnastofnun, e.d.). Skv. Anderson (2012) er ekki hægt að skilgreina orðið „safn“ (e. museum) sökum þess að orðið hefur fengið margar mismunandi merkingar. Skilgreininguna á safni er ekki að finna í orðum heldur í eðli stofnananna sjálfra, hvort sem þær eru „afl í menningarlífi samfélaga“ eða „hnappasafn“, þ.e. lítið sérhæft safn sem leggur áherslu á að safna og varðveita hnappa. Starfsemi nútíma safna er mikið breytt frá fyrri tímum og felst kjarnastarfsemi þeirra í að safna gripum, varðveita þá til framtíðar, stunda rannsóknir á safnkostinum, miðla niðurstöðum þeirra og stuðla að fræðslu sem eykur skilning og auðgar líf fólks.

Háskólar voru meðal fyrstu opinberu stofnananna til að þróa söfn í nútímalegri mynd og má rekja háskólasöfn aftur til 18. aldar eða jafnvel fyrr. Kjarnastarfsemi safna á þessum tíma fólst í söfnun, rannsóknum og fræðslu. Með árunum þróuðust söfn sem fræðlustofnanir og aukin áhersla lögð á þekkingu og þjóðarímynd, samhliða því sem söfnin urðu opnari almenningi og lögðu meira upp úr menntunarhlutverki sínu. Frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar og fram til aldamóta fjölgaði söfnum hratt, og jafnvel í löndum með langa safnasögu voru tveir þriðju hlutar eða meira af söfnum tiltölulega nýir um árið 2000 (Boylan, 1999). Veruleiki íslenskra safna er á margan hátt einstakur og frábrugðinn því sem gerðist annars staðar í nágrannalöndunum. Upphaf safnastarfs á Íslandi tengdist m.a. sjálfstæðisbaráttunni á 20. öld, þar sem söfn gegndu mikilvægu hlutverki við að móta og

styrkja sjálfsmynd þjóðarinnar. Þau varðveittu menningararf sem átti að sýna fram á rétt Íslands til sjálfstæðis (Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2015; Guðrún D. Whitehead og Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2018). Það sem gerir veruleika þeirra einnig öðruvísi er að íslensk söfn hafa þurft að glíma við þá áskorun að sýna það sem ekki er sýnilegt, þ.e. að miðla arfleifð sem er óáþreifanleg og lifir fremur í frásögnum, sögusögnum og munnlegri hefð en í áþreifanlegum hlutum. Þessi sérstaða hefur kallað á skapandi nálganir í sýningagerð, sem felast gjarnan í sterkum frásögnum, tæknilegum lausnum og þátttöku gesta, þar sem formið verður stundum ríkjandi yfir efninu (Pokojska, 2017). Skv. Ólöfu Gerði Sigfúsdóttur (2021) endurspeglast þó sérstaða íslenskra safna í því hvernig þau nálgast rannsóknarstarf og telur að þar þurfi markvissari stefnu og betri innviði.

Miklar breytingar á safnastarfi ruddu sér til rúms á níunda áratugnum, þegar hin nýja safnafræði (e. new museology) kom fram á sjónarsviðið í Frakklandi. Þessum nýju fræðum fylgdi gagnrýni á starfsemi safna og kall á umbætur, upplífgun á sýningum safna og miðlun safnkosts og breytingu á hinu hefðbundna sambandi safna og almennings (Poulot, 1994). Vergo (1989) skilgreindi hina nýju safnafræði á þann hátt að hún snerist ekki eingöngu um útlit safna eða hönnun sýninga, heldur fyrst og fremst um endurskoðun á tilgangi safna, hlutverki þeirra og fyrir hverja þau störfuðu. Hann gagnrýndi að hefðbundin safnastarfsemi hafi lengi einblínt á verkefni eins og söfnun, skráningu og varðveislu, en talaði um að hin nýja safnafræði kallaði á breiðari sýn, þar sem samfélagsleg ábyrgð og tengsl við almenning væru lykilatriði. Með öðrum orðum þá lagði hin nýja safnafræði meiri áherslu á samfélagslega virkni safna og meiri þátttöku almennings í safnastarfi (Lane o.fl., 2007; Johansson og Bevelander, 2017; Campos, 2021). Þannig yrði einstaklingurinn í brennidepli og munir innan veggja safnanna teldust fyrst og fremst mikilvægir vegna tengingar og merkingar fyrir fólk í fortíð nútíð og framtíð. Áhersla er einnig lögð á mikilvægi þess að „samfélagsraddir“ fái að heyrast ásamt röddum sérfræðinga þegar fjallað er um ákveðin mál sem eru í brennidepli (Lane o.fl., 2007; Johansson og Bevelander, 2017). Síðan þá hefur sérhver þáttur safnastarfseminnar á einum eða öðrum tímapunkti verið undir smásjá og kannaður með þeim tilgangi að efla hlutverk safna (Anderson, 2012). Skv. Ross (2004) voru það einnig pólitískar og efnahagslegar breytingar sem spiluðu stóran þátt í þessum umbreytingum innan safnageirans. Þrýst var á söfn að verða markaðsdrifnari, þannig að þau litu á gesti sína sem viðskiptavini og beindu sjónum sínum að fleiri markhópum.

Það má segja að hin nýja safnafræði hafi lagt grunninn að því sem átti eftir að koma, því fleiri vendingar hafa orðið í safnamálum og í framhaldi ný hugtök rutt sér til rúms, sem

stuðlað hafa að enn frekari þróun safnastarfs í átt að inngildingu almennings. Sem dæmi má nefna hugtak Ninu Simon, um „þátttöku safnið“ (e. The participatory museum), sem snýr að því að söfn bjóði gestum að taka þátt í starfsemi sinni. Þátttaka í verkefnum sem tengjast menningarminjum, vísindum eða sögulegum heimildum gefur gestum tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn, deila hugsunum og hugmyndum sínum og tengjast öðrum þátttakendum í gegnum samvinnu. Simon nefnir að helsta óánægja gesta með söfn sé m.a. að þau breytist lítið, þ.e. að sýningarnar séu ávallt þær sömu, séu ekki hvetjandi til sköpunar eða persónulegrar tjáningar, og ekki vettvangur fyrir miðlun hugmynda eða samskipta við aðra, hvort sem er vini eða ókunnuga. Hugmyndin með þáttökusafninu er að bregðast við þessum áskorunum með því að þróa söfn frá því að vera einhliða fræðslustofnanir, í að vera lifandi vettvangur fyrir samræðu, samstarf og sameiginlegt nám með gestum (Nina Simon, 2010). Einnig má nefna hugtakið „gagnrýna safnið“ (e. the critical museum), þar sem söfn m.a. hvetja almenning til að skilja fjölbreytileika nútímans og taka afstöðu í samfélagslegum málum (Murawska-Muthesius og Piotrowski, 2015), sem og endurskilgreining safna í samhengi nýlendusögunnar, þar sem söfn hafa verið afnýlenduvædd (e. the decolonization of museums). Söfn hafa lengi verið meðvirk í miðlun sinni hvað varðar nýlendustefnu, bæði með söfnun og sýningum á gripum nýlenduþjóða án samþykkis og tillits til þeirra samfélaga sem gripirnir komu frá, og ekki leyft röddum þeirra að heyrast (Wali og Collins, 2023).

Nina Simon (2016) segir enn fremur að söfn þurfi að skipta máli fyrir gesti sína og leggur í bók sinni, *The Art of Relevance*, fram leiðarvísi fyrir stofnanir sem vilja ná til fjölbreyttari hópa og auka mikilvægi sitt. Hún skilgreinir mikilvægi (e. relevance) sem dýpt tengingar við einstaklinga. Tengingin snýst ekki bara um eitthvað sem er kunnuglegt heldur einnig um að veita nýja þekkingu eða merkingu sem auðgar líf fólks. Söfn eiga að forgangsraða því sem skiptir gesti þeirra máli, frekar en því sem skiptir söfnin sjálf mestu máli. Því meiri þýðingu sem söfn hafa fyrir fólk, því auðveldara er að laða að safngesti. Til að ná þessu markmiði þurfa söfn að hafa jákvæð áhrif á skynjun og hugsun með lítilli fyrirhöfn fyrir gestinn. Með öðrum orðum, þá vekur það sem er einfalt og auðskilið meiri áhuga einstaklinga en það sem er flókið eða erfitt að skilja, og það virðist einnig oft minna mikilvægt, að mati Simon.

Með áherslu á jafnrétti og jöfnuð hafa söfn verið að endurmeta hlutverk sitt í samfélaginu á gagnrýninn hátt (Olivares og Piatak, 2021) og í dag má segja að flest söfn leitist eftir því að skapa sérstök tengsl við gesti sína og samfélag þar sem einstaklingar geta upplifað bæði fræðslu og skemmtun á sama tíma. Þau geta verið mjög mikilvæg samfélögum með því að vera samtímis akkeri samfélagsins og fulltrúar breytinga, auk þess að geta stutt þá tilfinningu

að tilheyra (Price, og Appelbaum, 2021). Að mati Izzo o.fl. (2023) hafa söfn burði m.a. til að auka gildi nærumhverfis síns, þau eru vettvangur fyrir þá sem eru rótgrónir í samfélaginu sem og fyrir þá sem nýir eru, og geta þannig stuðlað að félagslegri samheldni. Olivares og Piatak (2021) eru sammála um að söfn geri mikið fyrir nærumhverfi sitt, þar sem þau vekja áhuga, miðla menningararfi og segja sögur úr fortíð, nútíð og framtíð. Til að efla þetta hlutverk þurfa söfn að leitast við að skilja betur samfélagið sem þau starfa í, takast á við mögulegar hindranir sem geta komið upp og átta sig á hvað það er sem gerir safnið aðlaðandi og mikilvægt í augum fólks.

Fræðimenn hafa haldið því fram að sífellt meira sé horft til þess hvernig söfn geti þjónað samfélaginu og einstaklingum innan þess, í stað þess að leggja áherslu á söfnun, varðveislu og rannsóknir eins og tíðkaðist áður fyrr. Þessi þróun hefur fært söfn frá því að vera geymslustaðir menningararfs, yfir í að vera virkur vettvangur fyrir þekkingu, upplifun og samfélagslega þátttöku. Jafnframt er sífellt meira rætt um hvernig nýta megí safneignir með betri hætti, fremur en einungis að varðveita þær (Heiða Björk Árnadóttir og Tinna Grétarsdóttir, 2010). Þetta viðhorf undirstrikar Sigurjón Baldur Hafsteinsson (2018) prófessor í safnafræði við Háskóla Íslands þegar hann orðaði það svo skemmtilega í erindi á ráðstefnunni *Er alþýðumenning þjóðararfur*, 2018, að söfn séu ekki lengur; [...] *rykfallnir geymslustaðir fyrir hluti og andfúla sérvískupúka á flókaskóm sem gegna því hlutverki fyrst og fremst að vera verðir*.

Þrátt fyrir að söfn hafi þróast mikið í átt að almenningi síðustu áratugina þá geta þau enn gert betur til þess að ná til allra hópa samfélagsins (Sandell, 1998; Kinsley, 2016; Johansson og Bevelander, 2017; Reza, 2023) og enn virðist vera gjá á milli safna og til að mynda íbúa af erlendum uppruna (Reza, 2023). Hvort takist að brúa þá gjá í framtíðinni skal ósagt látið, en ljóst er að söfn gegna sífellt stærra hlutverki í því að skapa tengsl við samfélagið og veita aðgengilega og þýðingarmikla upplifun og þjónustu fyrir fjölbreyttan hóp gesta.

2.2 Samband safna og samfélaga – kenningarleg nálgun

Ýmsir fræðimenn hafa sett fram kenningar sem varðar samband safna og samfélaga. Sem dæmi má nefna Stephen Weil (1999) sem heldur því fram að söfn verði að snúast um þjónustu fremur en einfaldlega miðlun. Hann segir að söfn verði að vera „fyrir einhvern“ en ekki bara „um eitthvað“, og að árangur þeirra ætti að vera mældur í þeim áhrifum sem þau hafa á fólk fremur en á varðveislu safnkosts. Söfn eiga að leitast eftir samstarfi við samfélagið, bregðast við þörfum og væntingum og taka þátt í að leysa samfélagsleg mál.

Weil dregur þó ekki úr mikilvægi safnkostsins og þeirrar fagþekkingar sem býr inni í söfnum en telur að safnkosturinn eigi að styðja við breiðari markmið safna, þ.e. að þjóna samfélaginu og bæta lífsgæði fólks.

Andrea Witcomb (2015) bendir á mikilvægi tilfinninga í safnaumhverfi. Söfn þurfa að skapa rými fyrir samkennd, ígrundun og tilfinningalega tengingu, sérstaklega þegar fjallað er um viðkvæma eða erfiða sögu. Hún talar um söfn sem tilfinningaleg rými (e. pedagogy of feelings) sem geti haft áhrif á gesti með því að vekja tilfinningar, samkennd og sjálfsskoðun, en slík nálgun getur örvað menningarlegan skilning, stutt við margbreytileika, og búið til rými fyrir samræður. Witcomb sér söfn fyrir sér sem stað fyrir samskipti ólíkra menningarheima, sem bjóða ekki eingöngu upp á fræðslu heldur krefjast viðbragða, gagnrýni og í einhverjum tilfellum óþæginda. Þannig geta söfn stuðlað að félagslegri umbreytingu og styrkingu á tengslum á milli ólíkra hópa. Í stað þess að einblína á safnkostinn ættu söfn að sýna persónulegar frásagnir eða sögu samfélagsins en það getur hjálpað til við að skapa sterkari tengingu við safnið, sér í lagi fyrir minnihlutahópa eða gesti sem ekki eru ekki tengdir menningararfinum.

Elizabeth Crooke (2008) leggur áherslu að menningararfur samfélaga sé ekki hlutlaust fyrirbæri, heldur snúist bæði um pólitík og vald sem og minningar og sjálfsmýnd. Þegar kemur að uppsetningu sýninga innan safna kallar það á spurningarnar hver fær að tala, hvaða raddir fá að heyrast og hverjir stjórna sýninni á fortíðina? Söfn geta haft mikilvægu hlutverki að gegna í þróun samfélaga með því t.d. að leyfa jaðarsettum röddum að heyrast, skoða söguna út frá fleiri hliðum en einni, og með því að skapa vettvang fyrir samtal og lærdóm. Menningararfurinn og samfélagsleg verkefni tengd honum eru oft notuð sem verkfæri til að efla félagsanda, styrkja samfélagsleg tengsl, sjálfsmýnd og styrkja tilfinninguna að tilheyra.

Black (2011) leitaði svara við því hvaða hlutverki söfn gegna fyrir samfélög. Hann nefnir dæmi á borð við að söfn séu staðir fyrir menningarverðmæti, aðdráttarafl í ferðapjónustu, uppsprettu staðbundins stolts, spegill samfélaga, staðir til að fræðast, staðir sem stuðli að félagslegri þátttöku, staðir sem fagni félagslegri fjölbreytni með þann tilgang að bæta líf fólks, og fleira til. Stjórnendur safna þurfa ekki aðeins að hafa í huga hvað þau eru í bókstaflegri merkingu og hvað þau standi fyrir, heldur einnig hvað þau séu í hugum þeirra einstaklinga sem búa í samfélagi þeirra, en nota söfnin ekki reglulega (Falk og Dierking, 2013). Almennt þá skilja og meta samfélög hlutverk safna í sínu nærumhverfi, og það á einnig við þegar horft er á söfn í breiðara samhengi og staði sem varðveita sögu sem telst erfið eða umdeild (Kelly, 2006). Söfn varðveita, veita aðgang að og túlka sögu samfélaga og

gegna mikilvægu hlutverki í að skapa sjálfsmynd samfélaga og einstaklinga, en þá skipta framsetning og inngilding í sýningum miklu máli. Einnig vekja þau upp stolt í samfélögum þar sem þau bergmála minningar samfélagsins og raddir fyrri kynslóða fá að heyrast. Þau eru miðstöðvar sögu og sjálfsmyndar, örva hugsun og gegna hlutverki í að styðja foreldra, ömmur og afa og aðra ummönnunaraðila við að tala við börnin sín (Black, 2011). Þetta hlutverk safna samræmist sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna (SP) nr. 4, 11 og 17, sem koma m.a. inn á styrkingu sjálfsmyndar, varðveislu menningararfs á þéttbýlissvæðum og að með menningararfi sé hægt að ná sjálfbærnimarkmiðum sem t.d. stuðla að velferð samfélaga og inngildingu (United Nations Development Programme, e.d.).

Þrátt fyrir mikilvægt hlutverk sitt innan samfélaga þá eru söfn, eins og áður hefur komið fram, ekki að ná til allra samfélagshópa. Þó svo að miklar framfarir hafi orðið innan safnageirans, þá hefur ekki tekist að tryggja inngildingu samfélagshópa í heild og upplifuð útilokun hópa getur aukið félagslega mismun þeirra. Það endurspeglar að samfélög virðast enn búa við djúpstæðan ójöfnuð (Kinsley, 2016). Einstaklingar með mismunandi félagslegan, efnahagslegan, menningarlegan eða þjóðernislegan bakgrunn geta haft ólíkar skoðanir á hlutverki safna sem samfélagsstofnana (Falk og Dierking, 2013). Því er nauðsynlegt að söfn greini hverjir taka þátt í safnastarfi og hverjir ekki, sem og ástæður þess. Með því að ná til fjölbreyttari hópa geta söfn dregið úr félagslegum hindrunum og stuðlað að jákvæðum samfélagsbreytingum (Olivares og Piatak, 2021).

Söfn hafa beitt ýmsum aðferðum til að ná til nærsamfélagsins með mismunandi árangri. Söfn, aðrar opinberar stofnanir og einkaaðilar hafa í auknu mæli hrundið af stað verkefnum í tengslum við samfélagsþátttöku (e. Community engagement) til að efla tengsl sín við samfélagið og jafnvel til að knýja fram breytingar innan þess (Munro, 2013). Ein af sífellt mikilvægari leiðum safna til að auka gagnvirkni og aðdráttarafl, og ná þ.a.l. til hópa sem hafa ekki hafa verið tíðir safngestir, er að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá, þá einkum viðburði og verkefni sem miða að fjölskyldum og ungu fólki (Falk og Dierking, 2013). Skv. Simon (2010) eru þrjár ástæður fyrir því að söfn standi fyrir slíkum verkefnum. Í fyrsta lagi geta verkefnin gefið einstaklingum samfélagsins rödd og geta komið til móts við þarfir og áhugasvið þeirra. Í öðru lagi geta söfn boðið upp á vettvang fyrir samfélagsþátttöku og samræður og í þriðja lagi geta þau stutt þátttakendur í að þróa færni sem nýtist bæði þeim sjálfum og samfélaginu í heild.

Áður en söfn hefja samfélagsverkefni er mikilvægt að þau skilgreini sitt nærsamfélag og ákveði hvaða hópa þau vilja ná til. Því næst geta þau unnið að samstarfi og þróað dagskrá

eða viðburði sem endurspeglar gildi, þarfir og styrkleika viðkomandi hópa. Verkefnið þurfa að vera sett fram af virðingu fyrir menningarlegum fjölbreytileika (Simon, 2016) að uppfylla væntingar þátttakenda (Lane o.fl., 2007; Simon, 2016) en það er ekki alltaf einfalt mál. Til að skapa tengingu við fjölbreyttan hóp safngesta þurfa söfn að tryggja að sýningar og viðburðir séu aðgengilegir og vekja tilfinningar og skynjun sem auðvelda persónulega tengingu, og hafa rými sem eru hlýleg og mönnum af umhyggjusömu starfsfólki (Simon, 2016). Til samræmis við sjálfbærnimarkmið SP nr. 11 ættu söfn að stuðla að jákvæðum samfélagsbreytingum og inngildingu og jafnframt ættu þau að huga að markmiði nr. 16, sem segir að menningararfur geti stuðlað að samheldni, skilningi og umburðarlyndi í samfélögum þéttbýlissvæða (United Nations Development Programme, e.d.). Skv. Falk og Dierking (2013) er leiðin að djúpri og áhugaverðri safnaupplifun skýr, þó hún sé ekki alltaf einföld eða auðvelt að fylgja. Rannsóknir síðustu áratuga sýna að mikilvægt er að skilja þarfir og áhuga gesta, skapa upplifanir sem vekja tilfinningar og skynjun, veita gestum stjórn á upplifun sinni og tengja hana við fyrri reynslu, þannig að safnaupplifunin verði hluti af daglegu lífi þeirra. Þessi grunnatriði geta hjálpað safnafólki að skapa einstakar sýningar, viðburði, vefsíður og aðrar gestaupplifanir. Margvíslegir viðburðir, þar sem safn t.a.m. efnir til samstarfs við listamenn úr sínu samfélagi til sín, ríma við sjálfbærnimarkmið SP nr. 8, sem snýr m.a. að menningarviðburðum sem stuðla að hagvexti samfélaga (United Nations Development Programme, e.d.). Ekki skal vanmeta áhrif safna og annarra menningarstofnana til efnahagslífsins, en menning og skapandi greinar hafa haft mikil áhrif hvað varðar hagvöxt á Íslandi, en framlag þessara greina nam 3,5% af landsframleiðslu árið 2023, eða um 150 milljörðum króna sem er aðeins minna en það framlag sem kom frá sjávarútveginum (Ágúst Ólafur Ágústsson, 2024).

Hindranir (e. barriers) sem halda fólki frá söfunum, geta verið margvíslegar og flóknar (Kluge-Pinsker og Stauffer, 2021). Það sem hentar einum, hentar kannski alls ekki þeim sem stendur við hlið hans (Simon, 2016). Það er mannfólkinu mikilvægt, og stuðlar að hamingju og andlegri vellíðan, að finnast það tilheyra (e. belongingness), að finna hvar og hvernig það tilheyrir (Price og Appelbaum, 2021). En þegar komið er inn á safn hvílir sú ábyrgð ekki eingöngu á gestinum, heldur á sambandinu sem myndast milli gestsins og sýningarinnar eða viðburðar safnsins. Söfn hafa mikil áhrif í samfélaginu og gegna fræðilegu, listrænu, pólitísku og menningarlegu hlutverki, en jafnframt bera þau ábyrgð gagnvart samfélaginu og þeim væntingum sem gerðar eru til þeirra. Á sama tíma koma gestir með enn stærri og

flóknari hluti í farteskinu, þ.e. allt sitt líf og sína lífsreynslu, og upplifun þeirra á safninu fer eftir því hvernig þessir þættir mætast og spila saman (Falk og Dierking, 2013).

Í töflunni hér til hliðar má sjá nokkur dæmi um hvaða þættir geta haft áhrif á tilfinningar gesta sem heimsækja söfn og einnig virkað sem hindrun fyrir þá. Sýningatextar sem eru skrifaðir á flóknu fræðimáli eða sérhæfðum orðaforða, og

Tafla 1: Dæmi um tilfinningalegar hindranir fyrir gesti á söfnum

Hindrun	Heimild
Sérhæfðir sýningartextar	Archer o.fl., 2016; Dawson, 2014
Landfræðileg fjarlægð	Dawson, 2014
Viðhorf til safnsins	Dawson, 2014
Áhugaleysi	Dawson, 2014
Of hár aðgangseyrir	Kirchberg, 1988; Dawson, 2014
Skortur á fjölbreytileika	Olivares og Piatak, 2021
Of stór rými	Price og Appelbaum, 2021
Reglur og áminningar	Price og Appelbaum, 2021
Hópar sem höfðað er til	Price og Appelbaum, 2021

jafnvel ekki þýddir á tungumál gesta, geta útilokað þá sem ekki hafa fræðilegan bakgrunn eða þekkingu á viðkomandi menningu. Vegalengdir til safna geta haft áhrif á t.d. þá sem eiga ekki bíl, eru ekki með bílpróf og hafa ekki aðgang að almenningssamgöngum, og viðhorf einstaklinga þ.e. hvort að söfnin veki hjá þeim kvíða, höfnun eða allt þar á milli, getur haldið þeim frá söfnum og vakið áhugaleysi. Of hár aðgangseyrir skapar hindranir fyrir þá sem eru ekki vel staddir fjárhagslega og getur komið í veg fyrir að stór hópur geti nýtt sér fjölbreytileika safna. Einnig getur skortur á fjölbreytileika innan safna virkað sem hindrun, t.d. ef það er einblínt eingöngu á menningu eða sögu ákveðins hóps eða samfélags, getur það útilokað aðra hópa samfélagsins. Of stór rými, sem eru hönnuð til að fylla fólki lotningu eða sýna vald, geta haft neikvæð áhrif. Reglur og ákvarðanir sem geta haft áhrif á ákveðna hópa t.d. breytingar á opnunar- eða sýningatímum, og sífelldar áminningar um hegðun. Að lokum má einnig nefna þá hópa sem söfn hafa sögulega höfðað til og þjónað, og sem að jafnaði sækja söfn, en nærvera þeirra getur ómeðvitað stuðlað að því að jaðarsettir einstaklingar upplifi sig sem annars flokks safngesti og finni að sýning safnsins hafi ekki verið sett upp fyrir þá. Hindranir af þessum toga geta orðið þess valdandi að einstaklingar upplifa ekki tilfinninguna að tilheyra, en hindranir eru, líkt og áður segir, flóknar og fjölbreyttar, og geta ekki bara tengst andlegri heilsu heldur einnig líkamlegri, t.d. sjóndepurð og fötlun (Šebová o.fl., 2024). Líkamlegar hindranir geta birst öldruðum einstaklingum, einstaklingum sem glíma við offitu, fjölskyldum með ung börn (Reyes-Garcia o.fl., 2021) og haft áhrif á aðgengi þeirra, en er þessi upptalning langt frá því að vera tæmandi. Að fjarlægja hindranir fyrir fólk með fatlanir gerir þeim kleift að njóta safnaþjónustu og aðstöðu til fulls. Slík inngilding vekur ekki aðeins jákvæð viðbrögð meðal fólks með fatlanir heldur einnig hjá þeim sem starfa með þeim, bæði einstaklingum og samtökum (Šebová o.fl., 2024).

Það er engin ein töfralausn til að laða fólk úr öllum hornum samfélagsins inn á söfn, en til að ná sýnilegum árangri í þeim efnum þurfa söfn að vera viljug og tilbúin til að búa til rými fyrir ný sjónarhorn og ólíka vinkla á mál og málefni, þróa ný sambönd við samfélagshópa og leggja á sig vinnu til að ná þeim markmiðum (Kluge-Pinsker og Stauffer, 2021). Black (2011) er á sama máli og telur að það séu miklar hindranir sem söfn þurfa að yfirstíga ef þeim á að takast að laða inn þá sem telja að söfn séu „ekki fyrir fólk eins og okkur“. Skv. Simon (2016) þarf að viðhalda stöðugri samfélagslegri þátttöku og vinna með fjölbreyttum hópum að mótun dagskrár til að tryggja að hún samræmist áhuga þeirra og þörfum. Það gerir stofnunum kleift að vera sveigjanlegar og móttækilegar, og stuðlar að dýpri tengslum við fjölbreyttari hópa.

Söfn veita einstakt tækifæri til að öðlast menntun og reynslu (Falk og Dierking, 2013; Weber, 2022) en skv. Weber (2022) er nauðsynlegt að styrkja samstarf milli safna, skóla og samfélaga þar sem skólar og samfélög hafa ekki verið að nýta þau tækifæri sem skildi. Þetta á einnig við um hér á Íslandi þrátt fyrir að fjöldi samstarfsverkefna safna og skóla hafa verið starfrækt undanfarin ár víða um land (Jóhanna Bergmann, 2022b). Það eru tækifæri til að opna sambandið milli safna og grunnskóla enn frekar í báðar áttir og leggja enn meiri þunga á samskipti og samtal milli safna og kennara. Þannig er hægt að skapa markvissari og jákvæðari safnheimsókn sem getur gefið nemendum meira rými til sköpunar (Jóhanna Bergmann, 2022a). Safnheimsóknir barna geta haft það í för með sér, þ.e. ef börnin fá jákvæða reynslu af heimsókninni, að þau munu þau reyna að fá fjölskyldur sínar til að heimsækja viðkomandi safn í frítíma fjölskyldunnar síðar meir. Allir foreldrar vilja styðja börnin sín og hjálpa þeim að læra og þeir eru líklegri til að nota söfn ef þeir telja að börnin þeirra muni njóta góðs af því (Black, 2011). Menningararfur og túlkun hans stuðlar að menntun, eykur skilning á menningunni og skapar tilfinninguna um að tilheyra, og tengist þannig sjálfbærnimarkmiði SP nr. 4 (United Nations Development Programme, e.d.). Söfn ættu að leggja áherslu á að bæta aðgengi og inngildingu með því að einblína á þá einstöku upplifun sem þau bjóða, hvort sem í því felst fræðsla eða að vera samverustaður fyrir fjölskyldur og vini (Olivares og Piatak, 2021). Reyes-Garcia o.fl. (2021) eru á sama máli og telja að aðgengi og inngilding ættu að vera í fyrirrúmi á öllum söfnum, ásamt starfsfólki sem er menntað til að mæta þörfum fjölbreyttra samfélagshópa á áhrifaríkan hátt. Þó að mörg söfn leggi sig fram við að vera gestrisin, er ekki lengur hægt að hunsa vöntun á fjölbreytni í hópum safngesta. Söfn verða að horfast í augu við veikleika sína og almenningur verður að krefjast þess að þau bregðist við. Það er nauðsynlegt að tryggja að söfn móti meðvitaða og

sýnilega stefnu er varðar inngildingu, sem fer ekki aðeins í gegnum yfirborðið heldur fer djúpt inn í kjarna stofnananna (Olivares og Piatak, 2021). Með því að varðveita menningararf má stuðla að sjálfbærnimarkmiðum, sérstaklega þeim sem tengjast sjálfbærni, inngildingu og velferð samfélaga og samræmist það sjálfbærnimarkmiði SP nr. 17 (United Nations Development Programme, e.d.).

2.3 Safn er ekki bara safn

Alþjóðaráð safna, eða ICOM (International Council Of Museums) eru samtök sem setja fagleg og siðferðileg viðmið fyrir söfn og safnastarfsemi á alþjóða vettvangi (ICOM, e.d.). Alþjóðaráðið skilgreinir söfn sem stofnanir sem eiga að þjónusta samfélag sitt, eigi að vera því til framdráttar og skulu ekki vera rekin í gróðaskyni. Söfn eiga að vera opin almenningi og eiga að safna munum, varðveita muni, vinna að rannsóknum, miðla og sýna til að auka þekkingu og ánægju einstaklinga, bæði á því áþreifanlega og því óáþreifanlega (ICOM, 2017). Skilgreining Alþjóðaráðsins endurspeglar með skýrum hætti þann rauða þráð sem dreginn hefur verið í gegnum þróun safnastarfs síðustu áratugi; að söfn eigi að vera opin öllum, að þau þjóni samfélagi sínu og stuðli að aukinni þekkingu, ánægju og upplifun. Þessi sýn á hlutverk safna, sem byggist á að þau séu ekki lengur eingöngu varðveislustofnanir heldur virkir þátttakendur í samfélaginu, endurspeglar hina nýju safnafræði. Áhersla er m.a. lögð á inngildingu, fjölbreytileika í sýningum, og það að rödd samfélagsins fái rými, en ekki að eingöngu raddir sérfræðinga eða fræðimanna, fái að heyrast. Með því að starfa til samræmis við safnaskilgreiningu ICOM styrkja söfn enn frekar þá stefnu sem hlutverk þeirra í nútímasamfélagi snýst ekki aðeins um að varðveita fortíðina heldur einnig að hafa áhrif í nútíð og móta framtíðina í samstarfi við gesti sína.

Á Íslandi flokkast söfn undir höfuðsöfn, viðurkennd söfn og ábyrgðarsöfn (Safnalög nr. 141, 2011), en á landinu er einnig að finna fjölda safnvísa, setra og sýninga. Þrjú höfuðsöfn eru á Íslandi og eru þau í eigu Íslenska ríkisins, en það eru Þjóðminjasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Listasafn Íslands. Þessi söfn eru miðstöðvar hvert á sínu sviði og ber þeim m.a. að efla, samræma og leiða faglegt samstarf safna og hafa forystu í málefnum þeirra (Safnaráð Íslands, e.d.-b). Enn hafa engin ábyrgðarsöfn verið skilgreind á Íslandi. Viðurkennd söfn á Íslandi eru 47 talsins (Safnaráð, e.d.-d) og þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá starfsleyfi sem slík. Þau bera margvíslegar lögbundnu skyldur, þar á meðal að skrá og varðveita menningararf, miðla efni sínu með fræðslu og sýningum og tryggja aðgengi fyrir almenning. Einnig er gerð krafa um að slík söfn séu rekin af opinberum

aðilum, sjálfseignarstofnunum, félögum eða fyrirtækjum sem geta tryggt fjárhagslegan rekstur og hafi skipaða stjórn. Slík söfn eru ekki rekin í hagnaðarskyni en þau skuldbinda sig til að standa vörð um menningar- og náttúruarf Íslands, og gera hann aðgengilegan og miðla honum til kynslóða framtíðarinnar (Safnalög nr. 141, 2011; Safnaráð Íslands, e.d.-a). Safnvísar, setur og sýningar fylgja ekki sömu reglum og viðurkennd söfn þar sem þau uppfylla ekki skilyrði til viðurkenningar. Safnvísar sinna þó safnatengdri starfsemi á meðan að setur sinna mest rannsóknum og miðlun, en sýningar, líkt og orðið ber í för með sér, sinna eingöngu miðlun (Safnalög nr. 141, 2011).

Síldarminjasafn Íslands er viðurkennt safn en í því felst að safnið þarf að uppfylla ákveðin skilyrði gagnvart Safnaráði, þarf að starfa eftir gildandi safnalögum, ásamt því að starfa eftir siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM.). Safnaráð er stjórnsýslustofnun sem hefur það hlutverk, samkvæmt safnalögum nr. 141/2011, að hafa yfirsýn yfir safnastarfsemi á Íslandi og ber ábyrgð á að móta stefnu í málaflokknum, meta og veita viðurkenningar til safna, fylgjast með gæðum safnastarfs og veita faglega umsögn um styrkumsóknir í safnasjóð (Safnaráð, e.d.-c). Skilyrðin sem viðurkennd söfn þurfa að fylgja eru fjölmörg, en m.a. ber þeim að safna, skrá, varðveita, rannsaka og miðla safnkosti sínum, vera rekin í þágu almennings, að hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði einstaklinga með fræðslu á menningu, listum, náttúru eða vísindum og veita nemendum í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku o.fl. (Safnalög nr. 141, 2011). Yfirlýstur tilgangur Síldarminjasafnsins, skilgreindur í skipulagsskrá safnsins frá árinu 2006, er að safna og tryggja varðveislu muna og minja sem tengdir eru síldariðnaði Íslendinga, miðla sögu síldveiðanna með þjóðinni ásamt því að, auk þess að styðja við rannsóknir á þessu sviði (Síldarminjasafn Íslands, 2006).

2.4 Síldarminjasafn Íslands

Saga safnsins

Saga Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði hefur verið skráð af Örlygi Kristfinnssyni frumkvöðli og fyrrum safnstjóra Síldarminjasafnsins. Byggir hann á fundargerðabókum Byggðasafnsstjórnar Siglufjarðar, FÁUM (Félag áhugamanna um minjasafn) og Síldarminjasafnsins, auk eigin þekkingar og reynslu á málefninu allt frá árinu 1978. Frá og með árinu 2016, eftir að Örlygur lét af störfum sem safnstjóri, hefur Anita Elefsen safnstjóri gert sögu safnsins skil og ritað á vefsíðu þess.

Í grófum dráttum, þá má rekja sögu Síldarminjasafns Íslands til 1957 þegar nefnd var stofnuð til að koma á byggðasafni og safna munum tengdum sjávarútvegi. Lítið gerðist þó fyrr en 1977 þegar Frosti Jóhannsson þjóðfræðingur var ráðinn til Siglufjarðarkaupstaðar og var honum ætlað að kanna möguleika á uppbyggingu byggðarsafns og hefjast handa við söfnun muna. Gömul söltunarstöð, Róaldsbrakki, var keypt og friðuð með það að markmiði að varðveita sögu síldaráranna. Árið 1989 stofnaði hópur sjálfboðaliða *Félag áhugamanna um minjasafn, FÁUM*, með Örlyg Kristfinnsson í forsvari, og tók félagið við húsnæði og munum sem byggðasafnsstjórn hafði safnað.

Vinna við endurreisn og viðgerð Róaldsbrakka hófst árið 1990 en FÁUM opnaði sýningu um síldarárin í gömlu einbýlishúsi á Siglufirði árið eftir. Síldarminjasafnið á Siglufirði opnaði formlega þegar Róaldsbrakki var vígður í júlí 1994. Uppbygging safnsins hélt áfram og var síldarverksmiðjan Grána opnuð árið 2000 og Bátahúsið 2004. Árið 2006 varð safnið sjálfseignarstofnun í samstarfi við Siglufjarðarkaupstað og fékk núverandi nafn sitt, *Síldarminjasafn Íslands*. Safnið eignaðist gamla Slippinn 2012 (Örlygur Kristfinnsson, 2013) en nýjasta viðbót safnsins er Salthúsið. Þar opnaði kaffihúsið *Síldarkaffi* árið 2024 en húsið er að stærstum hluta varðveislurými fyrir safnkost safnsins.

Gestafjöldi

Tölur í töflu 1, um gestakomur á sýningu FÁUM og á Síldarminjasafnið, eru fengnar úr gögnum Síldarminjasafnsins og af vefsíðu þess. Í töflunni má sjá að fjöldi safngesta hefur aukist verulega frá tímum minjasýningunnar á árunum 1991-1993 en þá var áætlað að fjöldi gesta hefði verið milli 1.500 og 1.800 manns árlega (Síldarminjasafnið, e.d.). Frá opnun Síldarminjasafnsins í Róaldsbrakka árið 1994, og til ársins 2000, var fjöldi gesta á bilinu 4.100 til 7.550 manns. Frá aldamótum til ársins 2010 var árlegur gestafjöldi yfirleitt á bilinu 5.000 til 11.800. Stökk varð árið 2011 þegar gestafjöldinn náði tæplega 19.500, en þá aukningu má rekja til opnunar Héðinsfjarðargangna, sem opnuðu í október 2010 (Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson, 2015).

Tafla 2: Gestafjöldi Síldarminjasafns Íslands frá 1991 til 2024

Ár	Heildarfjöldi	Erlendir gestir	Innlendir gestir	Heimafólk
1991	1,500 - 1,800	x	x	x
1992	1,500 - 1,800	x	x	x
1993	1,500 - 1,800	x	x	x
1994	4,100	300	3,800	x
1995	5,200	560	4,640	x
1996	7,550	1,700	5,850	x
1997	5,200	1,040	4,160	x
1998	5,000	800	4,200	x
1999	5,200	900	4,300	x
2000	6,500	1,100	5,400	x
2001	5,500	900	4,600	x
2002	6,400	1,100	5,300	x
2003	6,000	1,050	4,950	x
2004	14,000	1,500	12,500	x
2005	8,000	1,020	6,980	x
2006	8,141	1,594	6,547	x
2007	8,278	2,566	5,712	x
2008	7,569	2,787	4,782	x
2009	11,316	2,933	8,383	x
2010	11,787	2,773	9,014	x
2011	19,383	3,895	15,488	x
2012	16,958	5,340	11,618	x
2013	19,845	9,093	10,752	x
2014	19,405	9,232	10,173	x
2015	22,090	14,218	7,872	x
2016	25,003	16,693	8,310	x
2017	26,069	18,711	7,358	x
2018	27,513	20,681	6,832	x
2019	25,750	18,430	7,320	650
2020	11,611	3,111	8,500	330
2021	20,060	11,978	8,082	400
2022	29,177	22,379	6,798	530
2023	34,510	24,901	9,609	640
2024	29,551	21,079	8,472	841

Eftir 2011 sveiflaðist fjöldinn milli ca. 17.000 og 27.500 gesta fram að heimsfaraldri COVID-19 árið 2020, þegar fjöldinn hrundi niður í um 11.600 gesti, með fækkun erlendra ferðamanna á Íslandi. Eftir heimsfaraldurinn jókst aðsóknin hins vegar hratt og árið 2021 voru gestir aftur komnir yfir 20.000, og árin 2022 og 2023 voru metár með tæplega 30.000 og 35.000 gesti, þar sem erlendir gestir voru í miklum meirihluta. Þróunin sýnir að safnið hefur orðið sífellt vinsælla og þá sérstaklega meðal erlendra ferðamanna.

Fjöldi heimamanna úr Fjallabyggð sem heimsækir safnið hefur verið skráður frá árinu 2019. Eins og áður segir, þá er ókeypis aðgangur að sýningum safnsins fyrir alla lögskráða í búa í Fjallabyggð skv. samningi safnsins við sveitarfélagið. Árið 2019 komu 650 heimamenn í safnið en um er að ræða bæði heimsóknir á sýningar safnsins sem og á viðburði. Þetta á við um allar komur heimafélks en vert er að benda á að í sumum tilfellum, t.d. á stórum viðburðum um Verslunarmannahelgi eða á Þjóðlagahátíð, getur reynst erfitt eða ógerlegt að halda utan um tölu heimamanna sem sækja safnið eða viðburði þess. Ekki er haldin skráning yfir gesti á Síldarkaffi, nema á skipulögðum viðburðum.

Árið 2020, þegar heimsfaraldurinn hafði áhrif á alla heimsbyggðina, fækkaði heimsóknum heimafélks í 330. Eftir það hefur fjöldinn farið vaxandi á hverju ári og árið 2024 var fjöldinn kominn í 841 (sjá töflu 1), sem er umtalsverð aukning frá fyrri árum. Þetta bendir til þess að fleiri íbúar Fjallabyggðar séu að nýta sér safnið og að áhugi þeirra sé að aukast.

Það er ákaflega ánægjulegt fyrir okkur sem störfum á safninu að sjá þessa þróun á heimsóknarfjölda heimamanna, þar sem þessi markhópur er sá hópur sem mest þarf að hafa fyrir og erfðast er að vekja áhuga þeirra á starfsemi safnsins. Miðað við samtöl við safnafólk annars staðar á landinu, þá er það ekki einsdæmi. Yfir ófáum kaffibollum höfum við kollegarnir á Síldarminjasafninu rætt um að það sé þörf á annars konar nálgun til að fá heimafélk inn á safnið, t.d. í formi tónleika eða annara viðburða. Líkt og áður hefur komið fram, þá hef ég átt óformlegt spjall við heimafélk þar sem einstaklingar höfðu t.d. heimsótt sýningar safnsins einu sinni og því krossað það út af listanum sínum eða bara komið í eitt safnhúsanna vegna viðburðar. Þrátt fyrir jákvæða þróun í fjölda heimsókna heimafélks er það hugsanlegt að margir íbúar Fjallabyggðar líti á safnið sem eitthvað sem þeir þekki nú þegar, og heimsæki það aðeins ef sérstök tilefni gefast.

Síldarminjasafnið og nærsamfélagið

Það má segja að verkefnin sem Síldarminjasafnið hefur ráðist í, til að ná til nærsamfélagsins, séu fjölmörg, og óvíst hvort allt sé upptalið. Textinn hér að neðan byggir á reynslu minni sem starfsmaður Síldarminjasafnsins, þar sem ég hef verið þátttakandi í flestum þeim verkefnum sem nefnd eru, ásamt samtölum við samstarfsfólk mitt.

Skólahópar af öllum námsstigum, frá leikskóla til háskóla, hafa verið duglegir að heimsækja sýningar Síldarminjasafnsins og hefur samstarf safnsins við skóla hafi verið töluvert á undanförunum árum. Fyrir utan hefðbundnar heimsóknir hefur Síldarminjasafnið boðið upp á fjölbreytta viðburði fyrir yngri kynslóðina í Fjallabyggð. Bæði leik- og grunnskólabörnum hefur verið boðið til sérstakra aðventustunda í aðdraganda jóla, árlega frá 2016, og hafa þau átt góða stund með starfsfólki og boðið upp á bæði leik og fræðslu. Mismunandi þema er tekið fyrir á hverju ári í aðventuheimsóknunum, en t.d. árið 2022 fræddust börnin um gamalt jólaskraut og föndruðu í framhaldi músastiga, árið 2023 var viðfangsefnið jólakort og jólakveðjur og börnin föndruðu sitt eigið jólakort, og 2024 fræddust börnin um jólasveina, bæði innlenda og erlenda og teiknuðu sinn uppáhalds svein. Heitt súkkulaði og smákökur eru fastir liðir í aðventuheimsóknunum og hefur starfsfólk safnsins spilað og sungið jólalög með börnunum í lok þessara heimsókna. Einnig hefur um 250 grunnskólabörnum og kennurum þeirra verið boðið á jólatónleika sl. ár, sem haldnir hafa verið í kjölfar árlegra jólatónleika Síldarminjasafnsins. Veturinn 2020 – 2021 fór safnið af stað með verkefnið „Safn sem námsvettvangur“ í samvinnu við Grunnskóla Fjallabyggðar, þar sem áhersla var lögð á samþættingu námsgreina, skapandi starf og virkni hjá nemendum og samvinnu við nærsamfélagið. Verkefnið heppnaðist ákaflega vel og var almenn ánægja með það hjá þeim sem að komu; starfsfólki safnsins, nemendum, kennurum og íbúum nærsamfélagsins. Þetta verkefni vakti verðskuldaða athygli enda hafði safnfræðsla ekki verið hluti af stundaskrá íslenskra grunnskólanema áður og var verkefnið eitt af fimm sem tilnefnd voru til Íslensku safnaverðlaunanna árið 2022. Að mati dómnefndar var um að ræða framúrskarandi fræðsluverkefni sem eflði tengsl safnsins við nærsamfélagið og var safnið í leiðinni virkur þátttakandi í menntun grunnskólabarna (Síldarminjasafnið, 2022). Því miður varð ekki áframhald á þessu samstarfi milli safnsins sökum skorts á fjármagni. Safnasjóður styrkti verkefnið þannig að hægt væri að koma því af stað en til að halda verkefninu gangandi annað skólaár hefði safnið þurft að ráða til sín safnkennara. Á þessum tíma var mikil óvissa sökum kórónuveirunnar og lítil sem engin innkoma af rekstri, þannig að safnið hafði ekki bolmagn til þess. Leitað var til sveitarfélagsins Fjallabyggðar en þar reyndist áhugi á þessu

einstaka verkefni því miður ekki nægilega mikill til að leggja því lið. Á Hrekkjavöku hefur starfsfólk safnsins breytt verksmiðjuhúsinu Gránu í draugaverksmiðju og hefur það reynst gríðarlega vinsælt hjá ungu kynslóðinni, en um rétt rúmlega 300 manns komu í heimsókn á Hrekkjavöku 2023 og 2024.

Safnið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum og verkefnum fyrir eldri borgara í Fjallabyggð. T.a.m. hefur starfsfólks safnsins verið með ljósmyndasýningar á Skálarhlíð, dvalarheimili aldraða, í hverri viku yfir vetrartímann frá árinu 2016, þar sem eldri borgarar hafa aðstoðað starfsfólk safnsins við að greina einstaklinga og umhverfi myndanna. Þegar þetta er ritað hafa tæplega 430 slíkar sýningar verið undirbúnar og framkvæmdar af starfsmönnum safnsins. Einnig hefur eldri borgurum verið boðið til aðventustunda og hafa það verið notalegar samverustundir. Þar hefur verið boðið upp á ýmsa skemmtun, t.d. bókakynningar, tónlistaratriði, upplestur, samsöng að ógleymdu heitu súkkulaði og smákökum.

Meðal annara aðferða sem Síldarminjasafnið hefur beitt til að ná til nærsamfélagsins er að bjóða upp á síldarsaltanir fyrir gesti og gangandi á bæjarhátíðunum Trilludögum og Síldarævintýri um Verslunarmannahelgi. Þessar sýningar hafa alla jafna laðað að sér fjölda fólks sem fær að upplifa stemninguna líkt og hún var á síldarplönunum áður fyrr, ásamt söng og bryggjuballi. Jólatónleikar Síldarminjasafnsins eru orðinn fastur liður í starfsemi safnsins, en það sem gerir þessa jólatónleika sérstaka er að aðgangur er ókeypis og flytjendur á tónleikunum eiga það allir sameiginlegt að starfa á einn eða annan hátt við safnið. Safnið hefur í tvígang staðið fyrir bókaútgáfu og komið að hinum ýmsu verkefnum, eins og minnisvarða um Síldarstúlkur og útilistaverkinu Síldartorfunni.

Í byrjun ágúst 2024 opnaði kaffihúsið Síldarkaffi á safnlóðinni, þar sem gestum safnsins og íbúum nærsamfélagsins gefst kostur á að gæða sér á góðu kaffi, síldarréttum sem einstakir eru á landsvísu og hefðbundnu íslensku bakkelsi. Á Síldarkaffi hafa farið fram ýmsir viðburðir á vegum safnsins, eins og t.d. tónleikar, bókakynningar, einleikur, jólahlaðborð, þorablót og vikulegar samverustundir fyrir eldri borgara og foreldramorgnar. Síldarkaffi hækkar án vafa þjónustustigið í nærsamfélaginu og verður vonandi til þess að komur heimafélks á safnsvæðið aukist. Húsakynni safnsins eru einstök að mörgu leiti og hefur verið vinsælt að falast eftir þeim fyrir t.d. einkasamkvæmi, tónleika, ráðstefnur, brúðkaup o.fl. og hefur safnið veitt aðgang að húsum sínum fyrir slíka viðburði, bæði gegn og án greiðslu.

Sé Síldarminjasafnið skoðað út frá áður nefndum sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna, þá er safnið að veita aðgang að menntun og er að miðla sögu og menningu

staðarins til íbúa og gesta (SDG 4), það er að skapa störf í menningartengdri ferðaþjónustu (SDG 8), það varðveitir menningararf og er vettvangur samveru (SDG 11) og stuðlar þannig að félagslegri samheldni (SDG 16), og safnið vinnur með skólum á öllum skólastigum við að efla menningararfinn (SDG 17). Í samningi Síldarminjasafnsins við sveitarfélagið Fjallabyggð er kveðið á um að allir íbúar Fjallabyggðar hafi ókeypis aðgang að safninu. Með því er verið að tryggja jafnt aðgengi allra hópa samfélagsins að safninu og tengist það heimsmarkmiði SP nr. 10 um minni ójöfnuð (SDG 10).

Auk þess að fylgja þeim tilgangi sem skilgreindur var árið 2006, leggur Síldarminjasafnið nú ríka áherslu á að hlúa að tengslum við nærsamfélagið og stuðla að virkri þátttöku í safnstarfi. Framtíðaráætlanir Síldarminjasafnsins eru fjölbreyttar og spennandi, en það er stefna safnsins að vera með fjölda viðburða á komandi misserum, bæði nýja viðburði og þá sem flokkast orðið sem árlegir. Auk þess að stunda rannsóknir og faglegt safnastarf með skipulögðum hætti. Starfsmenn safnsins munu meðal annars að gera sögu síldarstúlkna hátt undir höfði á árinu 2025, þar sem þá verða liðin 100 ár frá verkfalli þeirra í Siglufirði. Af því tilefni verður boðið upp á síldarsöltun til heiðurs síldarstúlkunum, bæði fyrir bæjarbúa og gesti þeirra, en verður unnin rannsókn með það að markmiði að varpa ljósi á mikilvægan þátt þeirra í kjarabaráttu kvenna á Íslandi og miðla niðurstöðunum með fjölbreyttum hætti.

3 Aðferðarfræði

Tilgangur þessarar rannsóknar er að skoða „tengsl safna og nærsamfélaga“. Með Síldarminjasafn Íslands sem tilvik, var leitast við að greina þá þætti sem geta stuðlað að tengslum milli safnsins og nærsamfélagsins. Lagt var upp með rannsóknarspurningarnar „Hvaða þættir hafa áhrif á samband safns og samfélags? Hvernig getur Síldarminjasafnið styrkt tengsl sín við nærsamfélagið og aukið aðsókn íbúa þess?“.

3.1 Fræðilegt sjónarhorn, aðferðafræði og aðferðir

Aðferðafræðileg nálgun rannsóknarinnar er *eigindleg* (e. Qualitative), en sú nálgun byggir á heimspeki *hugsmíðarhyggju* (e. Interpretive social science). Um var að ræða *tilviksrannsókn* (e. Case study) þar sem Síldarminjasafn Íslands, og ákveðnir markhópar þess, var tilvikið og gagna var aflað fyrst og fremst með *rýnihópaviðtölum* (e. Focus groups) (Jennings, 2010).

Ég valdi eigindlega aðferðafræði þar sem hún leggur áherslu á að skilja hvernig fólk upplifir heiminn, túlkar reynslu sína og skapar merkingu í samhengi við aðstæður, umhverfi, fólk og hluti (Leavy, 2023). Hugsmíðahyggjan er ein megin rannsóknarheimspeki sem eigindleg aðferðafræði byggir á.

Hugsmíðahyggja byggir á hugmyndinni um að raunveruleikinn sé mótaður í samskiptum manna, þar sem þekking verður til í félagslegu og menningarlegu samhengi (Jennings, 2010; Leavy, 2023). Það fræðafólk sem aðhyllist hugsmíðahyggju leitast við að skilja það hvernig hver einstaklingur býr sér til þekkingu og merkingu út frá eigin reynslu og túlkun á þeirri reynslu. En túlkun hvers og eins fer háð aðstæðum, þar sem hún byggir á einstaklingnum sjálfum, tíma, stað og samskiptum hans við félagslegt umhverfi sitt (Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2016). Í gegnum mynstur samskipta og túlkunar, móta einstaklingar sinn félagslega heim og gefa atburðum, látbragði, aðstæðum og athöfnum merkingu (Leavy, 2023). Þannig geta einstaklingar með mismunandi bakgrunn og reynslu upplifað sama hlutinn á mismunandi hátt og lagt mismunandi merkingu í það sem fram fer. Rannsakandi í eigindlegum rannsóknum leggur áherslu á huglæga túlkun einstaklinga og skilning þeirra á reynslu og aðstæðum (Leavy, 2023) og þegar hann t.d. tekur viðtöl setur hann sig í spor viðmælandans í þeim tilgangi að öðlast djúpa þekkingu á sjónarhorni hans. Verufræði hugsmíðahyggju gengur út frá að raunveruleikinn sé margþættur og flókinn,

þekkingarfræðin að rannsakandinn sé aldrei alveg hlutlaus og oft virkur hluti af rannsókninni. Gildi og þekking byggir á túlkun þeirra gagna sem aflað er (Jennings, 2010).

Tilviksrannsókn felur í sér nákvæma rannsókn á fyrirbæri í sínu náttúrulega umhverfi (Jennings, 2010). Með slíkri rannsókn er hægt að öðlast skilning á afmörkuðum tilvikum og aðstæðum, öðlast þekkingu á virkni þeirra eða tengslum, og hefur þessi aðferð verið notuð til rannsókna á einstaklingum, atburðum, hópum, fyrirtækjum og fleiru. Ég valdi að nota tilviksrannsókn sem rannsóknaraðferð þar sem rannsóknin snýst um að skoða eitt tilvik og ákveðið huglægt fyrirbæri því tengt, við raunverulegar aðstæður og samhengi.

3.2 Framkvæmd rannsókna, öflun og greining gagna

Gagnaöflun fór fram með rýnihópaviðtölum, en auk þess leitaði ég upplýsinga úr fræðiritum og rannsóknum um efnið og nýtti mína eigin starfsreynslu frá Síldarminjasafninu. Ég valdi að nota rýnihópaviðtöl við öflun frumgagna, með það í huga að viðmælendur kynnu að veita mér dýpri innsýn og skilning á reynslu sína, upplifun og samskipti við safnið, en rýnihópar eru notaðir til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps fólks gagnvart ákveðnu viðfangsefni (Sóley S. Bender, 2016). Ég taldi að ég myndi fá gagnlegri niðurstöður en t.d. með einstaklingsviðtölum, eins og upphaflega var ætlað, enda geta samræður á milli fólks í rýnihópi kveikt alls konar hugmyndir og varpað fram mismunandi sjónarmiðum.

Megintilgangur rýnihópa er að safna upplýsingum frá þátttakendum, hlusta á þá og læra af þeim (Sigríður Halldórsdóttir, 2016b) og gefa rannsakendum tækifæri til að safna nákvæmum gögnum (Jennings, 2010, Levy, 2023). Í rýnihópa þarf að velja til þátttakendur í samræmi við markmið og rannsóknarspurningar (Leavy, 2023) og því notaði ég tilgangsúrtak (e. Purposive sampling), þar sem sú úrtaksaðferð byggir á þeirri meginreglu að velja þau tilfelli sem henta rannsókninni sem best (Leavy, 2023). Slíkt er oft notað í eigindlegum rannsóknum og gerði mér kleift að ákveða, með því að nota þekkingu mína á samfélaginu og íslenska safnaheiminum, hvaða einstaklingar hentuðu í hvern rýnihóp (Jennings, 2010) og gætu gefið mér upplýsingar sem nýttust inn í rannsókna.

Rýnihóparnir voru fjórir talsins og fengu nöfnin Rýnihópur A, B, C og D en þrír af fjórum rýnihópum voru settir saman af einstaklingum úr samfélaginu á Siglufirði. Í einum hópnum voru einstaklingar sem fæddir eru og uppaldir í Siglufirði (Rýnihópur A), í öðrum aðfluttir Íslendingar (Rýnihópur B), og þriðji hópurinn var samsettur af einstaklingum af erlendum uppruna sem sest hafa að í bænum (Rýnihópur C). Fjórði hópurinn (Rýnihópur D) var

samsettur af safnstjórum safna á Norðurlandi. Var það fyrsta viðtalið og tilgangurinn með því var fyrst og fremst að fá sýn þeirra á samband sinna safna við nærsamfélög.

Vegna góðra tengsla við samfélagið á Siglufirði gekk greiðlega að fá fólk til að taka þátt í rýnihópum A, B og C. Æskilegur fjöldi þátttakenda í rýnihópaviðtölum er mismunandi eftir fræðimönnum (Sóley S. Bender, 2016), en oft er talað um 5-8 manns. Ég fékk fimm einstaklinga til að taka þátt í rýnihóp A, B og C en fjóra í rýnihóp D. Í rýnihóp A (fæddir og uppaldir) voru 2 konur og 3 karlar á aldrinum 34-54 ára, í rýnihóp B (aðfluttir með íslenskan bakgrunn) voru aðeins 2 konur og 3 karlar á aldrinum 23-56 ára, í rýnihóp C (aðfluttir með erlendan bakgrunn) voru 3 konur og 2 karlar á aldrinum 30-44 ára. Við val á þátttakendum í rýnihóp A, B og C, hafði ég í huga að velja bæði karla og konur, fá fólk á mismunandi aldri og forðast pör í sama eða sitthvorn rýnihópinn, sökum þess að ég óttaðist að ég gæti hugsanlega fengið sömu svör frá þeim eða að þau gætu haft áhrif á svör hvors annars. Fyrir rýnihóp B og C, íhugaði ég kosti þess og galla að fá inn í hópinn einstaklinga sem áttu maka frá Siglufirði eða íslenskan maka, því að ég áleit að þeir einstaklingar ættu líklega greiðari leið að samfélaginu en þeir sem væru ekki í þeirri stöðu. Einn einstaklingur í hvorum rýnihóp var í þeirri stöðu. Einnig þurfti að passa sérstaklega upp á hvað varðar rýnihóp C, að einstaklingarnir gætu talað saman m.t.t. tungumáls. Viðtalið fór fram á ensku og þátttakendur valdir í hópinn með það í huga að geta rætt saman á enskri tungu. Það reyndist áberandi erfiðast að komast í tengsl við þátttakendur í hópi C en þau voru t.d. ekki öll með skráð símanúmer þannig að það þurfti að fara aðrar leiðir en að hringja beint í viðkomandi. Í þeim tilfellum notaði ég samfélagsmiðla og einnig hafði ég samband við fólk sem ég þekkti og vissi að væri í tengslum við þátttakendur, t.d. vini eða vinnufélaga.

Í rýnihóp D valdi ég eingöngu safnstjóra sem störfuðu á landsbyggðinni, 3 konur og 1 karlmann, en mér fannst söfn á höfuðborgarsvæðinu ekki henta rannsókninni sökum stærðar og íbúafjölda. Þar sem rannsóknin var framkvæmd á Siglufirði, þar sem búa um 1.200 einstaklingar, þá vildi ég halda mig við söfn í minni samfélögum. Allir safnstjórar voru mjög áhugasamir hvað varðaði þátttöku og gekk greiðlega að koma þeim öllum saman.

Viðtöl við rýnihópa A, B og C fóru fram í notalegu umhverfi á kaffihúsi Síldarminjasafnsins, Síldarkaffi, dagana 6., 11. og 13. nóvember 2024 en viðtalið við rýnihóp D fór fram á Listasafni Akureyrar þann 4. október 2024, þegar safnafólk hittist á Farskóla FÍSOS⁴. Viðtölin gengu vel, stóðu í 35 – 50 mínútur hvert, og voru þátttakendur í

⁴ Farskóli FÍSOS (Félag íslenskra safna og safnafólks) er ráðstefna fagfólks á íslenskum söfunum sem haldin er árlega - <https://safnmenn.is/farskoli/>

öllum hópum virkir í umræðunum, sem voru oft á tíðum líflegar. Leiðbeinandi minn, Laufey Haraldsdóttir lektor við Háskólann á Hólum, lagði leið sína til Siglufjarðar og var mér til aðstoðar í viðtölum við hópa A og C. Minn mesti ótti var að fólk myndi afboða sig á síðustu stundu, þannig að allir fengu send skilaboð á viðtalsdegi þannig að enginn myndi gleyma sér. Í hópi B boðaði einn einstaklingur forföll 2,5 tímum fyrir viðtalið en annar einstaklingur fékkst til að koma í staðinn með örskömmum fyrirvara. Þrátt fyrir áminningu þá gleymdi samt sem áður einn þátttakandi að koma, þannig að í rýnihóp B voru aðeins 4 manneskjur, 2 konur og 2 karlar. Eftir viðtölin við hópa A, B og C var þátttakendum boðið að skoða húsakynni Síldarkaffis, þ.e.a.s. Salthúsið, í þakklætisskyni. Þátttakendum í hópi D var boðið að fá send afrit af þessari ritgerð.

Útbúinn var rammi fyrir viðtalið sem fól í sér kynningu á verkefninu, leiðandi spurningar til að koma umræðum af stað, umræðuþræði/meginspurningar sem byggðust á fjórum lykilhugtökum úr fræðilegri samantekt rannsóknarinnar (sjá kafla 4), og punkta fyrir samantekt í lok viðtala. Ég hafði spurningarnar opnar eftir bestu getu og voru þátttakendur hvattir til að segja frá, útskýra opinskátt eigin reynslu, upplifun og tilfinningar, og ræða efnistökin. Þar sem fræðimenn eru ekki sammála um hinn fullkomna fjölda spurninga (Sóley S. Bender, 2016), samdi ég nokkrar opnar aðalspurningar sem ég taldi að gætu náð yfir það umræðuefni sem ég mat nauðsynlegt út frá markmiðum rannsóknarinnar, en hafði fleiri til vara. Skv. Sóleyju S. Bender (2016) er gagnlegt að byggja viðtalsspurningar þannig upp að upphafsspurningarnar séu almennar áður en farið er smám saman dýpra í kjarna efnisins eftir því sem umræðan vindur fram og verður sértækari, og þannig stillti ég upp spurningum/umræðuþráðum mínum.

Sem hluti af gagnaöflun og greiningu voru samtöl rýnihópanna hljóðrituð. Ég ritaði ekki niður punkta á meðan á viðtölunum stóð, því ég vildi einbeita mér að þeirri umræðu sem fór fram. Sigríður Halldórsdóttir (2016a) staðfestir réttmæti þessarar ákvörðunar og bendir á að viðtöl krefjist fullrar athygli rannsakanda, þar sem nýjar spurningar geti komið upp og mikilvægt sé að hafa svigrúm til að leita skýringa hjá þátttakendum. Margir rannsakendur velja að skrifa viðtöl upp orðrétt til að tryggja að allt samtalið sé skráð nákvæmlega (Leavy, 2023), og þannig afritaði ég sjálfur hljóðrituð viðtöl þessarar rannsóknar.

Greining rýnihópaviðtalanna fór fram í þremur þrepum: Fyrst á meðan samtal hópsins átti sér stað, í öðru lagi strax að umræðu lokinni, og í þriðja lagi eftir að samtalið hafði verið skrifað upp/afritað. Við úrvinnslu gagnanna notaði ég þemagreiningu (e. thematic analysis) samkvæmt aðferð Braun og Clarke (2006). Þemagreining felur í sér að merkja (kóða) og

greina mynstur eða þemu í texta, sem veitir yfirsýn og dýpri skilning á innihaldi gagnanna. Ferlið fól í sér ítrekaða yfirferð á viðtalstextunum, þar sem ég hlustaði á upptökurnar, las textann og leitaði að orðum og setningum sem tengdust rannsóknarspurningunni eða vöktu athygli (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2016). Að lokinni kóðun var unnið að því að greina tengsl og mynstur milli kóða. Kóðar sem tengdust efnislega voru sameinaðir í þemu (Leavy, 2023), sem að mestu leiti samsvöruðu þeim lykilhugtökum sem höfðu verið skilgreind í skrifum á fræðilegum kafla rannsóknarinnar.

3.3 Siðfræði

Siðferði rannsakanda er einn grundvallarþáttur í rannsóknum og skv. Jennings (2010) þarf rannsakandi m.a. að tryggja upplýst samþykki þátttakenda og gæta trúnaðar og nafnleyndar ef það á við og óskað er eftir því. Mikilvægt er að valda ekki skaða og sýna þátttakendum virðingu á allan hátt. Rannsakandi á að vera heiðarlegur og gefa þátttakendum kost á að hætta þátttöku hvenær sem er. Þá á einnig að leitast við að miðla niðurstöðum til samfélagsins að rannsókn lokinni, eða skapa virði fyrir þátttakendur með öðrum hætti.

Sem rannsakandi var ég meðvitaður um skuldbindingar mínar gagnvart sjálfum mér sem rannsakanda, fræðasamfélaginu, samfélaginu í Siglufirði og þátttakendum í rannsókninni. Þ.a.l. fóru viðtöl rýnihópanna eingöngu fram með skýru samþykki og sjálfviljugri þátttöku þátttakenda. Þar sem samfélagið í Siglufirði er lítið, var mikilvægt að vanda meðhöndlun allra gagna og virða trúnað við þátttakendur. Trúnaðinn get ég eingöngu tryggt gagnvart mér sjálfum, þar sem ég, eðli málsins samkvæmt, hef ekki stjórn á gjörðum þátttakenda og við hverja þeir kjósa að tjá sig um rannsóknina, en í litlum samfélögum geta munnmæli og sögur farið bæinn endilangan á örskömmum tíma. Auk trúnaðar við viðmælendur skuldbatt ég sjálfan mig til að forðast hlutdrægni og túlka rannsóknargögn á hlutlægan hátt að því marki sem hægt er, en tenging mín við viðfangsefnið, bæði sem starfsmaður Síldarminjasafnsins og fæddur og uppalinn Siglufirðingur, mun alltaf lita hlutleysi mitt, þrátt fyrir góðan vilja um annað.

Það einfaldaði mjög aðgang að þátttakendum að ég er uppalinn á Siglufirði, starfa hjá Síldarminjasafninu og þekki marga íbúa samfélagsins, en ég gerði mér grein fyrir að samband mitt við samfélagið og safnið gat ósjálfrátt haft áhrif á svör þátttakenda og gæti haft áhrif á heiðarleika þeirra í svörum. Það á kannski sérstaklega við hóp A, þá sem eru fæddir og uppaldir í Siglufirði, en þar voru einstaklingar sem ég á tengingar við í gegnum grunnskóla, félagsstörf, fyrri atvinnu og tómstundir. Þátttakendur voru því beðnir um að

svara eftir sinni bestu vitund og viðhorfi, og minntir á að ekki var hægt að svara rangt. Fyrir fram gerði ég þó ekki ráð fyrir hindrunum hvað varðaði rannsóknina í heild, ekki nema einna helst ef íbúar Siglufjarðar vildu ekki taka þátt í henni, eða samþykktu þátttöku í rýnihóp en létu sig svo vanta. Það reyndust þó óþarfa áhyggjur.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður úr viðtölum við rýnihópana. Kaflanum er skipt í tvo hluta þar sem niðurstöður heimafólks, þ.e. rýnihópa A (innfæddir Siglfirðingar), B (aðfluttir með íslenskan bakgrunn) og C (aðfluttir með erlendan bakgrunn), eru teknar saman en niðurstöður rýnihóps D (safnstjórar), eru teknar sér, þar sem sá hópur horfir á efni rannsóknarinnar úr gagnstæðri átt miðað við hópa A, B og C. Þau meginþemu sem fram koma í niðurstöðunum rýma efnislega við viðtalsrammana sem hannaðir voru fyrir rýnihópana með hliðsjón af fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar. Meginþemun eru *samfélagsþátttaka* (e. Community engagement), *inngilding* (e. Inclusion), *staðartilfinning* (e. Sens of place) og *að tilheyra* (e. Belongingness) auk þess sem þátttakendur voru beðnir að greina frá framtíðarsýn á starfsemi safnsins.

4.1 Rýnihópar A, B og C

Til að byrja með var kannað hvort að þátttakendur hefðu komið á Síldarminjasafnið í öðrum tilgangi en að fara á einhvern viðburð sem var haldinn á safninu. Allir höfðu komið á safnið og skoðað sýningarnar fyrir utan einn einstakling í hópi C, sem þó hafði komið á nokkra viðburði, aðallega í tengslum við atvinnu sína. Helstu ástæður fyrir komum einstaklinganna voru að sýna fjölskyldu eða vinum, sem voru í heimsókn, Síldarminjasafnið.

Samfélagsþátttaka

Rýnihópur A – innfæddir Siglfirðingar

Viðmælendur í rýnihópi A segja Síldarminjasafnið vera mikilvægt fyrir samfélagið og sögu þess. Safnið sé samkomustaður sem býður upp á hina ýmsu viðburði, bæði fyrir heimamenn og gesti. Viðmælendur eru á báðum áttum um hvort að safnið sé að ná að virkja heimamenn með starfsemi sinni, en eins og einn viðmælenda benti á; *Þú getur ekki endalaust verið að skoða, sem íbúi, safnið endalaust*, og var þá átt við sömu sýningarnar. Einum viðmælenda finnst safnið vera alltaf að gera eitthvað og viðmælendur töldu upp hina ýmsa viðburði sem stuðla að samfélagsþátttöku, svo sem tónleika, samverustund eldri borgara og skólaheimsóknir. Opnun kaffihússins *Síldarkaffi* síðla sumars 2024 hefur reynst frábær viðbót við safnið að mati viðmælenda, sem segja opnun þess hafi virkjað heimafólk í að heimsækja safnið í auknu mæli; *Núna kannski þegar þetta kom [Síldarkaffi] þá er alltaf*

meira og meira af heimamönnum hér, í súpu í hádeginu og annað, það náttúrulega kannski breyttist svolítið með þessu. Viðmælendur búast við að sú virkni muni aukast enn meira með fleiri viðburðum á Síldarkaffi, og hafði einn viðmælanda að orði; Þess vegna hefur maður ekki miklar áhyggjur að þetta væri síðasta skipti sem maður kemur. Það er alltaf eitthvað sem dregur mann að safninu.

Viðmælandi úr ferðapjónustu sagði það mjög gott að geta alltaf bent ferðafólki á safnið sem afþreyingu og telur upplifun af safninu alltaf góða. Þátttakendur eru sammála um að Síldarminjasafnið sé forsenda uppbyggingar og uppgangs í ferðapjónustu á Siglufirði.

Já fólk bara... það eru rosalega margir sem hafa komið hérna [á safnið], og þegar maður er annars staðar, og já Síldarminjasafnið...og þú veist, eru að tala um það. Þannig að já, ég er alveg sammála. Skiptir gríðarlegu miklu máli fyrir okkar samfélag.

Gestir sem heimsækja viðmælendur heimsækja alla jafna safnið, þó að gestgjafarnir komi ekki alltaf með, en þeir eru alltaf jafn hrifnir skv. viðmælendum. Viðmælendur telja að þeir hefðu komið oftár með gestum sínum ef þeir hefðu munað, eða vitað, að þeir þyrftu ekki að greiða fyrir aðgang að safninu. Viðmælendur telja að þeir hefðu komið oftár með gestum sínum ef þeir hefðu munað, eða vitað, að þeir þyrftu ekki að greiða fyrir aðgang að safninu. Síldarminjasafnið og sveitarfélagið Fjallabyggð eru með samning sín á milli um að íbúar Fjallabyggðar þurfi ekki að greiða aðgangseyri og eru þátttakendur sammála um að þetta þurfi að auglýsa betur, því þetta eru upplýsingar sem heimafolk gleymir, en geti skipt máli fyrir aðsókn á safnið.

Það var tvennt sem hópurninn talaði um að safnið gæti bætt hjá sér til að ná betur til heimafolks og fá það á safnið, annars vegar varðandi skólahópa og hins vegar hinar skipulögðu síldarsaltanir. Viðmælendur telja að skólahópar, ekki bara í Fjallabyggð heldur víðar, séu duglegir að koma á safnið, en safnið má hins vegar alveg minna meira á sig; *En það þarf samt að pikka, þú veist, „ykkur er boðið að koma“*. Safnið mætti líka auglýsa viðburði líkt og síldarsaltanir betur, þannig að heimafolk geti komið og fylgst með vinnunni á planinu, en einn viðmælanda telur að það sé kynslóð í bænum sem hefur ekki séð söltun fara fram á safninu.

Það vantar kannski svona, maður hefur kannski ekki tekið eftir einhverjum auglýsingum um hvort að það séu einhverjir viðburðir eða eitthvað, eins og síldarsöltun. Kannski er síldarsöltun í gangi og maður bara heima og hefur ekki hugmynd um það. Kannski aðeins meira svona, að þó að allir sem búi hérna og viti að það sé síldarsafn, og söltun annað slagið, þá vilja kannski einhverjir koma kannski og sjá þegar hún er actually í gangi.

Einn viðmælenda nefndi að iðnaðarmenn hafi notið góðs af tilkomu safnsins. Ýmsar framkvæmdir, bæði uppbygging og viðhaldsvinna, hefur verið í gangi undanfarin ár og hefur verið mjög atvinnuskapandi fyrir þá stétt; *[...]og svo náttúrulega líka hefur maður eitthvað verið að vinna hérna líka og þá skoðar maður þetta í leiðinni.*

Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn

Líkt og kom fram hjá rýnihópi A, þá nefna viðmælendur í hópi B að safnið sé staður þar sem þeir fara með fjölskyldu og vini þegar þau koma í heimsókn til þeirra. Allir nema einn þátttakandi voru sammála um að safnið hefði stuðlað að meiri þátttöku þeirra í samfélaginu á Siglufirði, með því viðburðarhaldi sem safnið hefur staðið fyrir.

Já ég mætti þegar ég var nýflutt hingað á viðburðinn um tunnuna [Den sidste tunne], síðasta tunnan, sem var algjör veisla. Mjög fyndinn viðburður á allan hátt. Mjög skrítið koma hingað og vita ekkert um söguna. Og hérna, þá hitti ég nokkra sko í fyrsta sinn, en þá var ég ennþá að hitta fólk í fyrsta sinn þar sem ég var nýflutt. Mér finnst það líka bara svona partur af því að taka þátt í samfélaginu líka að reyna að mæta á viðburðina sem eru hérna. Það er auðvitað að fara aftur í gang gamla Fræðafélagið og ég hef mætt bæði árin á jólatónleikana, rosa eitthvað hátíðlegt og skemmtilegt og gaman hvað það er vel sótt, þannig að mér finnst þetta alveg svona, vera svona mjög nátengt við samfélagið, allavegana, þessir viðburður.

Að mati viðmælenda í þessum hópi er safnið að gera mikið til að stuðla að þátttöku í samfélaginu. Að sækja viðburði safnsins er ekki bara góð leið til að hitta fólk heldur er það einnig partur af því að taka þátt í samfélaginu. Sýningar safnsins hafa ýtt undir áhuga þeirra á menningu og sögu Siglufjarðar.

Já ég hef svona oft bara flett hlutunum aðeins betur upp, svona eftir að hafa komið á sýningu hérna. Skoðaði til dæmis svona sögulega hvernig síldin hafði færst austur. Náttúrulega, hérna, svaka mikill uppgangur á Neskaupstað eftir að þetta gerðist.

Líkt og kom fram hjá rýnihópi A, þá voru ekki allir viðmælendur meðvitaðir um að íbúar Fjallabyggðar þyrftu ekki að greiða aðgangseyri að safninu. Nokkrir höfðu greitt fyrir heimsókn, þar af einn oftast en einu sinni. Aðrir höfðu hins vegar fengið upplýsingar frá starfsfólki í afgreiðslum að íbúar hefðu frían aðgang að sýningum safnsins.

Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn

Fyrir þátttakendur í rýnihópi C stuðla viðburðir á vegum safnsins að því að þau hitta allskonar fólk, og þau fá ákveðna sýn á þessa einstaklinga sem þau hitta, hvað þeim finnst mikilvægt og hvað þeir kunna að meta:

[...]it helps me realize what people in town find important to them. Like, for example, when people come to the music festival or to some of the cultural events, you know, I realize, okay, this person is obviously interested in poetry, or in music, or something like this. It helps me understand, even if I don't speak or get to know any or all of those people.

Viðmælendur eru sammála um að sýningarnar safnsins hafi sýnt þeim hvernig lífið var í Siglufirði í gamla daga, hversu alþjóðlegur Siglufjörður var og hafa þær aukið skilning á Íslandi og fiskveiðisögu Íslendinga. Sýningar safnsins hafa hjálpað þeim að sjá samhengi hlutanna og skilja hvaðan fæddir og uppaldir Siglufirðingar koma og hvernig fólk þeir eru, þrátt fyrir að núlifandi Siglufirðingar hafi ekki allir tekið þátt í síldarævintýrinu sjálfu.

Að sögn viðmælenda í hópi C hefur safnið hjálpað þeim sem einstaklingum að tengjast samfélaginu betur með ýmsum hætti. Sem dæmi þá leitaði einn viðmælenda til safnstjóra Síldarminjasafnsins varðandi fyrirhugaða stofnun ferðaþjónustufyrirtækis og fékk ráðgjöf og upplýsingar.

I think when we first started the company, Anita [Safnstjóri Síldarminjasafnsins] was the first person we reached out to. [...] Because she's very well connected to the museum industry, but also I think the museum is such a central part of this town, and it does a really good job

Annar viðmælandi var hluti af hóp sem óskaði eftir að fá að halda viðburð í einu safnhúsanna og tók þátt í undirbúningi og framkvæmd hans, og finnst þessum viðmælendum þeir hafa öðlast sterkari tengsl við safnið sökum þess.

[...]or when we did the [nafn fjarlægt], you know, and we reached out to Anita [Safnstjóri Síldarminjasafnsins], you know, she was very happy and you helped, you personally, you helped very much and you were there the whole time. So like in action, yeah, it's as an institution, but then also on a personal level, the actual people who work there are also very nice.

Þrátt fyrir að vera stofnun telja viðmælendur safnið vera mjög persónulegt, með gott og hjálpsamt starfsfólk, sem allt talar ensku. Íslenskan er erfitt tungumál, en alþjóðlegt starfsmannahald, sem og að safnið býður erlenda ferðamenn velkomna til bæjarins, veitir þá tilfinningu að það sé allt í lagi að tala ensku á safninu. Einn viðmælenda finnur fyrir létti að koma inn í þannig umhverfi, þar sem að tungumálið skiptir ekki máli.

[...] I feel like now everything is kind of centered around the Herring Museum, is the center of the town. I just feel that there's so much comings and goings, but the people here are very experienced and also welcoming foreigners into the town, because you have so many visitors coming in, so it feels more relaxed coming in to a bunch of people coming in.

Þó að starfsfólk tali ekki allt íslensku, og að enska sé töluð á safninu, þá telur viðmælandi að hinar íslensku rætur og kjarni, sé enn til staðar á safninu.

[...] It's very multicultural [Síldarminjasafnið] and people working here from around the world as well. And yeah, but it's not like kind of lost the Icelandic root and centre in any way. It's just, it's a way to kind of bring those two things together.

Einn viðmælenda hópsins benti á að það getur reynst erfitt fyrir einstaklinga af erlendu bergi brotnu að tengjast samfélaginu, hvort sem þeir vilja eða ekki. Þessir einstaklingar starfa oft á lágmarks launum, eiga börn og hafa ekkert bakland á nýjum stað, og það gerir það erfiðara að fara út á meðal fólks og sækja viðburði. Þau benda líka á að mikið af fólki sem kemur hingað sem farandverkafólk (e. seasonal workers) og ætlar sér eingöngu að starfa á hérna í stuttan tíma, hefur kannski ekki neinn sérstakan áhuga á samfélagstengslum. Þeir einstaklingar fara ekki út til að kynnast fólki vegna þess að þeir eru of þreyttir, eiga ekki pening eða vilja ekki eyða peningum í slíkt. Viðmælendur voru sammála um að safnið getur ekki þóknast öllum, en vilja meina að það sé að þóknast flestum.

Inngilding

Rýnihópur A – innfæddir Siglirðingar

Þátttakendur eru á einu máli um að Síldarminjasafnið höfði til mismunandi hópa samfélagsins, og telja að safnið greini ekki á milli fólks eða setji það í flokka eða hópa. Einnig telja viðmælendur að það sé fjölbreytileiki í sýningum safnsins, og þar sé vel tekið á móti öllum, af starfsfólki sem brennur af áhuga fyrir starfi sínu og er allt enskumælandi.

Svo er, svo er þetta bara svo breitt áhugasvið í rauninni sem er hérna út um allt, þannig að það tengjast svo margir, mismunandi hópar líka, og eins og fólk af erlendu, það tengist þessu líka út af sögunni sko.

Hér er viðmælandi að vísa til fjölbreytileika í sýningum safnsins, sem leggja áherslu á söltunina og lífið á söltunarstöðvunum, verksmiðjurnar og fiskveiðarnar, sem og að fjöldi Norðmanna, Svía og annara erlendra sjómanna, var við síldveiðar við Íslandsstrendur á síldarárunum.

Að mati viðmælenda er safnið sífellt að teygja sig út í samfélagið og tók hópurinn sem dæmi myndasýningar fyrir eldri borgara, Hrekkjavöku viðburði fyrir börnin, og söguna, þ.e. menningararfinn sem haldið er utan um á sýningum safnsins og dregur erlent fólk að safninu. Viðmælendur telja að safnið höfði meira til fólks sem er 35 – 40 ára og eldra, og til þeirra

sem eiga forfeður sem störfuðu í síldariðnaðinum. Til að fá yngra fólk inn á safnið töldu viðmælendur að það þurfi að smita þau af áhuga, og komu með uppástungur um viðburði á borð við ratleiki, spilakvöld og keppni tengda samfélagsmiðlinum Tiktok á safnlóðinni. Hópurinn telur að það séu ekki margir fæddir og uppaldir Siglfirðinga sem hafa ekki heimsótt Síldarminjasafnið, því ef fólk hefur verið í grunnskólanum á Siglufirði frá því að safnið opnaði, þá hefur það heimsótt safnið. Hópurinn taldi sig ekki hafa heyrt af neikvæðni í garð safnsins.

Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn

Viðmælendur telja að Síldarminjasafnið sé að standa sig vel í að teygja sig inn í samfélagið og nefna í því samhengi viðburði, tónleika og foreldramorgna. Safnið getur þó bætt sig varðandi að bjóða nýja íbúa velkomna og hjálpað þeim að komast inn í samfélagið, með því að láta þá vita að þeir þurfi ekki að greiða aðgangseyri að safninu. Upp kom sú hugmynd að fá lista yfir nýja íbúa í sveitarfélaginu, t.d. á ½ árs fresti, og senda þeim bréf sem býður þau velkomin á safnið, sem og að auglýsa síldarsaltanir sem fara fram við Róaldsbrakka; *Ef ég væri með gesti og myndi sjá allt í einu inn á Facebook að það er söltun í dag, þá myndi ég koma með þá.* Einnig kom upp hugmynd að hafa leiðsagnir á ákveðnum tímum sem eru sérstaklega ætlaðar heimafólki, og það væri hægt að hafa þær ýmist á íslensku eða ensku. Þátttakendur voru sammála um að leiðsagnir gætu hjálpa mikið til við að fá samhengi í hlutina, þ.e.a.s. af hverju samfélagið er eins og það er, og að það bæti upplifunina við heimsókn á safnið.

Ég veit ekki hvort að það væri eitthvað svona, stemning fyrir því, sérstaklega á sumrin til að ná inn fólki að hafa leiðsögn kl. 10:00 á morgnana á íslensku og klukkan 11:00 á ensku, eða eitthvað svona. Það gæti verið leið til að mæta t.d. á laugardegi eða sunnudegi. Og fá svona... og það er ótrúlega góð leið til að kynnast Siglufirði.

Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn

Viðmælendur í rýnihóp C eru sammála hinum hópunum um að Síldarminjasafnið er að taka vel á móti fólki með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn. Þau hafa ekki upplifað þröskulda hvað það varðar sjálf og telja þá ekki vera til staðar á safninu. Sem dæmi nefndu þau að textar á sýningum safnsins séu nær allir á ensku og íslensku, og það séu upplýsingar á safnlóðinni á báðum tungumálum. Líkt og áður hefur komið fram, þá hafði einn einstaklingur innan hópsins tekið þátt í að setja upp viðburð á safninu, sem styrkti sambandið við safnið til muna. Að mati viðkomandi skapaði gott samstarf við safnið og viðmót

starfsfólks, löngun til að setja upp fleiri viðburði á safninu. Það væri afar dýrmætt að hafa stað sem er tilbúinn að vinna með fólki að slíku; [...] *if I have an idea, there's actually a place to implement it.*

Aðspurðir eru viðmælendur í rýnihópi C ekki endilega á því að sýningar um menningu þeirra sjálfra myndi tengja þau meira safninu eða samfélaginu í heild. Skv. þeim búa þau hérna af því að þau elska það og hafa ekki sérstakan áhuga að breyta hlutunum og hafa þá eins og í heimalöndum sínum. Þau telja þó að það myndi stuðla að inngildingu en á móti myndi það rýra gildi sýninga safnsins, þ.e. að þær yrðu ekki eins ekta. Viðmælendur telja að með því að breyta sýningum Síldarminjasafnsins á þann veg, og ef safnið færi að setja upp sýningar sem fjölluðu um menningu annarra landa, þá yrði safnið ekki lengur Síldarminjasafnið. Það væri hins vegar áhugavert fyrir þau að fá aðra sýn á Siglufjörð, t.d. með augum Norðmanna. Það sem viðmælandi á við með því, er að það myndi varpa annars konar ljósi á Íslendinga, Siglfirðinga, bæjarlífið og bæjarbraginn á síldarárunum en hægt er að sjá á safninu í dag. Ef það stæði til boða að halda sýningu þá myndu viðmælendur vilja láta hana snúast um sína eigin persónu eða sitt eigið hugarefni, frekar en upprunaland sitt. M.ö.o. þá vilja viðmælendur síður halda sýningu eða viðburð á safninu sem myndi t.d. snúa að matarmenningu í upprunalandi þeirra, því eins og einn þátttakandi segir; *But, you know, foreigners are other things as individuals, beyond just what their flag might be.*

Annar viðmælandi sagði að á safninu líði sér eins og hluta af samfélaginu, þar sem safnið leyfir fólki af erlendu bergi brotnu að vera hérna sem manneskjur en ekki sem útlendingar; *It's like the museum allows people here to just be a person, rather than be a foreigner.* Viðkomandi hefur ekki upplifað það alls staðar á Íslandi. Hluti viðmælenda hefur séð sína eigin menningu speglast með einhverjum hætti í sýningum Síldarminjasafnsins, og nefnd voru dæmi að síldin hafi verið stór hluti fiskveiða heimalands eins, á meðan að annar hafði séð muni merktu með sínu tungumáli.

Staðartilfinning

Rýnihópur A – innfæddir Siglfirðingar

Viðmælendur í rýnihópi A segjast mjög stoltir af safninu, og telja að allir íbúar Siglufjarðar séu það. Á einhvern hátt finnst fólki það alltaf eiga einhvern smá part í safninu, þó að það hafi ekki lyft hamri eða tekið þátt í uppbyggingu þess með beinum hætti. Innfæddir Siglfirðingar eiga það margir hverjir sameiginlegt að hafa orðið vitni af uppbyggingu og uppgangi safnsins og það fylli þá stolti. Einnig vekur upp stolt að safnið varðveiti svo

mikilvægan menningararf í sögu íslensku þjóðarinnar og hann tengir marga Siglfirðinga við forfeður sína; *Það eru líka svo margir sem þekkja einhvern, gamlar frænkur eða einhvern, sem hafa verið hérna og hafa hitt eitthvað og eru spenntir fyrir því.*

Menningararfurinn er áþreifanlegur innan veggja safnsins að mati viðmælenda, sem upplifa stolt við að tala við innlenda og erlenda ferðamenn, sem eru svo undrandi eftir heimsókn á Síldarminjasafnið, þar sem þeir héldu að það væri bara safn um síld.

Já líka upplifun þeirra sem vita ekkert um þetta og koma svo hérna, fara í gegnum þetta og koma svo hérna og „Já..“. Það eru svolítið svona þínu hissa, halda þetta sé bara um síld og ekkert annað. Og erlendi ferðamaðurinn, það er mjög gaman upplifa hann. Hann kemur, og áttar sig á því hversu þetta er mikilvægt fyrir landið, bara þessi fjörður, og það er búið að passa þetta allt hérna í húsunum. Það er mjög magnað.

Viðmælendur líta á síldarárin sem gleðitíma í erfiðum vinnuaðstæðum fyrir þá sem tóku þátt í þessu ævintýri, en upplifðu þrátt fyrir það sín allra bestu ár á lífsleiðinni. Myndir frá þessum tíma vekja upp minningar hjá viðmælendum, bæði um fólk og staði, og saga síldarævintýris Íslendinga hefur sýnt þeim margt varðandi þróun á áhöldum og aðbúnaði fólks í Siglufirði.

Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn

Svör viðmælenda í þessum hópi eru mjög á svipuðum nótum og nefna þau vinnustaði eða vinnuaðstöðu aðspurð um þróun tengslanets eftir komuna til Siglufjarðar. Einn viðmælandi sagðist hafa kynnst einstaklingi í sömu stétt, sem kynnti hann fyrir sínum vinum og þannig hafi boltinn farið að rúlla og tengslanetið stækkað. Þátttaka í listviðburðum kom einum viðmælenda í kynni við lítinn hóp samfélagsins, ættingi annars þátttakanda kom honum í kynni við vinkonu sína sem bjó á Siglufirði. Hluti viðmælenda talaði um hversu opið samfélagið á Siglufirði er og hvað það hafi hjálpað þeim mikið að tengjast því:

[...] en við hefðum ekkert enst hérna nema að það er fólk hérna sem var tilbúið að kynnst okkur og gera eitthvað með okkur. Þú getur búið einhvers staðar og það er rosa fallegt og þér líður voða vel, en þú hefur ekkert félagslegt. Það er ekkert gaman. Það skiptir mjög miklu máli.

Þegar viðmælendur voru spurðir hvort að Síldarminjasafnið hafi haft áhrif á tengslanet þeirra, þá voru þau sammála því að safnið hafi aukið tengingu þeirra við samfélagið og staðartilfinningu. Sem dæmi þá kynntist hluti viðmælenda öðru fólki í foreldrahittingum á vegum safnsins. Viðmælendur eru sammála um að menningararfurinn sem safnið hefur að geyma hafi einnig aukið staðartengingu og útskýrt fyrir þeim af hverju samfélagið er jafn

opið og raun ber vitni. Það sem viðmælendur eru að vísa í er að Siglufjörður iðaði öllu jafna af lífi á sumrin á síldarárunum, þegar fjölþjóðleg fólksmergðin í firðinum taldi allt að 12.000 manns. Þetta skapaði að þeirra mati samfélag þar sem heimafólk varð vant því að umgangast ókunnuga og sýna þeim jákvætt viðmót, og hefur það orðið hluti af menningu bæjarins.

Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn

Viðmælendur í rýnihópur C eru sammála um að Síldarminjasafnið sé að feta réttan stíg hvað varðar að hjálpa fólki af erlendum uppruna að skilja betur samfélagið og styrkja þannig samband einstaklinganna við safnið og staðinn. Þar telja þau að öflugt viðburðahald á vegum safnsins skipti miklu máli og opnun á kaffihúsinu Síldarkaffi sömuleiðis. Eins og einn viðmælandi sagði: *You've kind of got your niche and you're running with it, and that's working.*

Á Siglufirði eru fjölmargar byggingar og fyrirtæki sem bera nöfn sem tengjast síldarárunum svo sem Sunna, Rauðka, Hannes boy, Kveldúlfur og Síbería. Einn viðmælanda minnst á þessa staði í tali sínu, og segist ekki hafa áttað sig á að nöfn tengd síldarárunum væri að finna út um allan bæ fyrr en eftir að hafa búið í Siglufirði í nokkurn tíma. Viðkomandi taldi það hafa aukið skilning sinn á umfangi iðnaðarins í bænum og finnst það vera afar jákvætt að haldið sé í gömlu nöfnin utan safnasvæðisins; *So this actual physical positioning of things and of history outside the museum in the rest of town, I think it's amazing.*

Að tilheyra

Rýnihópur A – innfæddir Siglufirðingar

Þátttakendur í þessum hópi voru sammála um að Síldarminjasafnið sé þeirra staður og þeirra safn. Það er hreinlega í hjartastað gaf einn viðmælandi til kynna; *Þetta er svolítið hérna [bendir á hjartastað] þetta safn*, og telur að allir hugsi hlýtt til safnsins. Þegar uppbygging safnsins hófst var Örlygur Kristfinnsson, aðalhvatamaður safnsins og fyrsti safnstjóri, kennari viðmælanda í Grunnskóla Siglufjarðar. Þeir muna eftir uppbyggingartímanum og þrátt fyrir að þau hafi ekki tekið neinn þátt í uppbyggingunni þá finna þau sterka tengingu við safnið. Þau upplifa sig sem hluta af safninu og upplifa sig tilheyra því. Þessi hlýja í garð safnsins sýnir sig einna best í að íbúar eru enn að koma reglulega með gamla muni á safnið, sem þeir hefðu annars hent. Það eru ekki endilega munir sem tengjast síldariðnaðinum beint, heldur yfirhöfuð þeim áratugum sem hin svokölluðu síldarár spanna [1903-1968]. Tveir viðmælendur lýsa hvernig það atvikaðist að þeir færðu safninu muni sem þeir fundu og

enduðu á safninu, og í tengslum við það sagði annar: *Það er enginn sem segir okkur að gera þetta, en við hugsum held ég bara flest svona.*

Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn

Svör viðmælenda í rýnihópi B eru nokkuð á annan veg þar sem þau tengja ekki við þá hluti sem gerðust á síldarárunum á neinn sérstakan máta og upplifa sig ekki sem hluta af þeim sýningum sem eru í safnhúsum Síldarminjasafnsins. Þau benda á að þau hefðu sterkari tengingu við síldarárin ef forfeður þeirra hefðu tekið þátt í þessu ævintýri. Sem dæmi um það nefnir einn viðmælandinn að gestur sinn hafi séð mynd af afa sínum á safninu og myndaði gesturinn þannig tengingu við þennan tíma. Annar viðmælendanna nefnir að síldveiðarnar tengi sig á vissan hátt við tíma síldaráranna, þar sem fjölskyldumeðlimir viðkomandi stunduðu fiskveiði.

Ég held að ég tengi kannski einmitt ekkert við forsöguna, það er alla veganna alveg ótengt mínu fólki, en þetta er samt partur af því að búa hérna. Þú flytur hingað, og þessi staður er mjög mótaður af þessari sögu, þannig að okkar upplifun litast alveg af því að bærinn hafi verið svona, og svo að ég tengi aftur við það sem ég sagði áðan, að samfélagið er að sjálfsögðu opnara en mörg önnur samfélög út af þessu, þú veist, maður veit það. Þannig að þetta hefur enn þann dag í dag alveg áhrif á upplifun okkar á samfélaginu...

Viðmælendur telja þó að sýningar safnsins hafi ýtt undir skilning á samfélaginu og viðburðir þess ýtt undir tilfinninguna um að tilheyra. Viðburðirnir hafa hjálpað þeim að tengjast samfélaginu og kynnast fólki, t.d. á jólatónleikum, fundum hjá Fræðafélaginu eða á foreldramorgnum. Að safnið sé lifandi og húsakynni þess vel nýtt, skipti máli;

Ólíkir hópar að koma þó að það séu stundum alveg sama fólkið, og ég held að hérna, að það sé bara ótrúlega flott að hafa svona flott hús sem eru vel nýtt, þú veist, þetta er mjög lifandi. Og það er eiginlega ekkert verra en safn sem er ekki lifandi.

Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn

Viðmælendur í rýnihópi C eru ekki í vafa um að safnið stuðli að tilfinningunni um að tilheyra. Að þeirra sögn býður það alla velkomna og skapar möguleika á að tengjast samfélaginu og menningunni. Einn viðmælendanna orðar það sem svo að safnið geri það án þess að reyna að vera eitthvað annað en það er. Hann segist tala út frá reynslu sinni í ferðapjónustu á Íslandi, að ferðamenn komi til landsins, þeir skoða hella, fara í Bláa lónið, fara á safn og láta keyra sig um landið í rútum. Þessir ferðamenn sjá hina og þessa áfangastaði á Íslandi en hitta aldrei Íslendinga og fái því litla sem enga tengingu við hvað Ísland er í raun

og veru. Viðkomandi telur að þessa tengingu megi finna á safninu og segir það láta fólki líða eins og að það tilheyri.

But it's still very much, this is the Herring Museum of Siglufjörður and like you're welcome to come and connect with like our community, our culture, but it's not going to go out of the way to make it overly false. It still maintains what it is and I think that's really important.

Annar viðmælandi nefnir að það séu tvær gerðir af söfnum, söfn sem leggja höfuð áherslu á söfnun muna, og þau eru full af munum sem ekki má snerta og bara skoða í örstuttan tíma. Og svo söfn eins og Síldarminjasafnið, þar sem leitast er við að stuðla að inngildingu, hvort sem er með því að hýsa viðburði sem aðrir halda eða halda viðburði á borð við Hrekkjavöku sem er opinn almenningi. Að safnið starfi með þessum hætti er afar jákvætt að hans mati; *There's always something more being done to include the community, and that's really, really nice.*

Viðmælendur eru sammála um að það sé gott að hitta fólk á viðburðum sem safnið stendur fyrir og kynnast því þar. Einn viðmælandi segir það skipta máli að sækja slíka viðburði, því það sýni heimafólki að hann sé íbúi bæjarins og hluti af samfélaginu, en ekki farandverkamanneskja sem verður farin eftir þriggja mánaða vinnu. Það sem viðmælandinn á við er að það styrkir sjálfsmyndina og tilfinninguna um að tilheyra, að öðrum íbúum sé ljóst að viðkomandi sé hluti af samfélaginu; *But sometimes people make you think about your self image because you are an outsider.* Fátt er um svör þegar þátttakendur eru spurðir hvað safnið geti gert betur eða meira í þessum efnum en hvetja til þess að halda áfram á sömu braut; *I think it's one of those things, if it was any more right, it would be wrong. You've just got to run with it.*

Fyrir framtíðina

Rýnihópur A – innfæddir Siglufirðingar

Þrátt fyrir að Síldarminjasafnið sé duglegt að miðla menningararfinum út í samfélagið, að mati viðmælenda í rýnihópi A, og standi sig vel gagnvart íbúum með t.d. viðburðarhaldi, opnun kaffihússins og í öðrum verkefnum sem tengjast samfélaginu, þá er alltaf hægt að gera betur. Viðmælendur telja að það þurfi að grípa öll tækifæri til að fá fólk í hús, t.d. með því að hafa sérstök tilefni fyrir heimamenn að koma því það myndast öðruvísi stemning þegar allir þekkja alla. Einn viðmælenda hafði á orði að:

Fólk vill kannski ekkert endilega koma inn á safnið þegar það eru þúsund manns hérna, að horfa á einhverja... manni líður þá bara eins og maður sé þínu fyrir. Ég fór einhvern tímann, og ætla að fara með [Nafn fjarlæg] og krökkunum, og það voru svo margir hérna, að ég svona „ég ætla ekkert að fara að trufla eða ónáða þau“. Þannig að maður fær svona þínu svona... „Jæja, maður fer þegar það eru færri“

Að fá íbúa saman skapar ákveðna stemningu sem getur eflt félagsandann í samfélaginu að mati viðmælenda.

Hópurinn telur að Síldarminjasafnið eigi þó að halda áfram á sömu braut, halda áfram að teygja sig inn í samfélagið og taka vel á móti öllum, bæði heimafólki og ferðafólki. Að mati viðmælenda mætti safnið þó vera sýnilegra á samfélagmiðlum og auglýsa meira, fara jafnvel í fyrirtæki til að minna á sig, og vekja heimafólk þannig upp svo að það komi á safnið. Hugmyndir á borð við Siglfirðingadag, Tiktok myndbandakeppni á safnlóðinni, listasmiðju, fatamarkað, spilakvöld og ratleik, voru uppástungur sem viðmælendur kom upp með til að m.a. auðga félagsandann.

Rýnihópur B – aðfluttir með íslenskan bakgrunn

Viðmælendur í rýnihópi B voru spurðir út í hvor Síldarminjasafnið gæti tekið þátt í einhverju samstarfi við félagasamtök, sveitarfélagið eða eitthvað annað, sem gæti stutt við aðlögun nýrra íbúa í Siglufirði. Viðmælendur telja ekki svo vera, en einn viðmælendi benti á að mikil þörf er á áframhaldandi stuðningi við tungumálakennslu hjá innflytjendum og þannig verkefni gæti vel átt heima á Síldarkaffi.

Ég veit ekki alveg með Íslendinga frá öðrum stöðum eins og okkur, en það er náttúrulega rosalega mikil þörf á áframhaldandi stuðningi tungumálakennslu við innflytjendur. Þannig að, það er til dæmis hjá Rauða krossinum í bænum, þá eru bara svona kaffiveitingar þar sem fólk getur komið og æft sig á íslensku og eitthvað, það væri hægt að hafa eitthvað svoleiðis hér, af því að fólk er alveg að mæta í tíma líka en stundum vill fólk líka gera eitthvað skemmtilegt og bara prófa sig áfram, en ekki vera bara í kennslustund.

Að mati viðmælenda er mikilvægt að safnið haldi áfram á sömu braut til framtíðar, hvað varðar að virkja samfélagið, þar sem þeir telja að það sé að gera vel hvað það varðar. Hvort sem safnið er í samstarfi við aðra aðila eða ekki, þá er það samt sem áður að hafa áhrif að mati viðmælenda. Viðburðir sem safnið bæði heldur og hýsir eru að gera mikið fyrir samfélagið; *Mín upplifun alla veganna af safninu er, að það sé svolítið meðvitað um hlutverk sitt um að þjóna samfélaginu.*

Að mati viðmælenda fylgja Síldarminjasafninu mjög mikil jákvæð ruðningsáhrif sem orsaka að fólk heimsæki Siglufjörð. Þau telja að það væri ekki margt annað í boði og að Siglufjörður væri vart búandlegur án safnsins, því án þess væri fólk ekki að gera sér ferð hingað nyrst á Tröllaskagann; *Það væri ekkert rennerí, það væri ekkert margt annað í boði ef safnið væri ekki. Safnið er að rífa fólk hingað, af hverju keyrir það Tröllaskagann?* Viðmælandi lítur á Síldarminjasafnið sem eina af stoðum samfélagsins og er á þeirri skoðun að Siglufjörður væri töluvert fátækari ef safnsins nyti ekki við.

Fyrir mér væri Siglufjörður töluvert fátækari ef safnið væri ekki hérna. [...] og líka finnst mér það þegar ég tala við fólk á Siglufirði, það er svona laumulega stolt af allskonar hlutum hérna, og það væri ekkert að bera það á borð ef safnið væri ekki hérna

Rýnihópur C – aðfluttir með erlendan bakgrunn

Viðmælendur í rýnihópi C voru spurðir út í hvor Síldarminjasafnið gæti tekið þátt í einhverju samstarfi við innlend eða erlend samtök, sem gæti stutt við aðlögun nýrra íbúa í Siglufirði. Viðmælendur sjá ekki fyrir sér hvernig samstarf það gæti verið og hvort að safnið geti yfir höfuð gert eitthvað meira en það gerir nú þegar, en vilja hins vegar færa ábyrgðina einnig yfir á einstaklinginn sjálfan. Einstaklingar af erlendum uppruna þurfa að þeirra mati að taka ábyrgð, þurfa að hafa vilja og sýna kjark og þor til að komast inn í samfélagið, en samfélagið þarf þá aftur á móti að vera opið og vera tilbúið að vilja taka á móti þeim.

I feel like to some extent, the responsibility also needs to be placed on people with diverse backgrounds, to intergrade. It's also on us to be brave, to go out, but it's also on the communities to open if we open doors, and be welcoming.

Viðmælendur benda hins vegar á það, að þó að það sé vilji þá er í sumum tilfellum ekki geta vegna vöntunar á baklandi eða af öðrum orsökum.

4.2 Rýnihópur D

Tengsl safna og samfélaga

Hvert hlutverk safna er í samskiptum við nærsamfélagið er afar stór spurning með fjölþættu svar að mati safnstjórnanna í rýnihópi D. Viðmælendur nefna að öflugt samtal við flesta hópa samfélagsins, bæði hvað varðar miðlun og upplýsingagjöf sé góð leið til að ná til samfélagsins en það þarf að vera markvisst. Að marka stefnu heldur samtalinu lifandi og það þarf að finna nýjar leiðir eins og t.d. með viðburðum, safnfræðslu, samfélagsmiðlum og

þeirri gagnvirkni sem verður til þar, með því að bjóða hópum á safnið, skapa tengsl við stofnanir og áhugafólk, og jafnvel bjóða þeim að taka þátt eða standa fyrir viðburðum sem safnið styður við.

Viðmælendur eru sammála um að fyrir smærri samfélög eru viðburðir stór þáttur í að ná til samfélagsins. Með því að skapa lifandi vettvang, þ.e. að búa til ástæður fyrir gesti til að upplifa safnið á fjölbreyttan hátt en ekki bara sem stað þar sem þú skoðar sýningu, er hægt að búa til ástæður fyrir gesti til að koma sem oftast. Söfn þurfa að leitast við að skapa tilfinninguna hjá heimafólk um að safnið sé þeirra safn þannig að það finni að þar megi það koma og því sé vel tekið.

[...] enn og aftur þá snýst þetta um tilfinningar, af því um leið og við snertum á einhverja tilfinningum þá finnur fólk að það tilheyrir staðnum, það á eitthvað í þessu, út á það gengur þetta allt. Kannski kemur það ekki af því að það finnur ekki tengingu.

Viðmælendur eru sammála um að heimafólk upplifi stundum að söfn séu bara fyrir ferðamenn og þar af leiðandi þurfa söfn að hafa fyrir því að heimafólk upplifi safnið sem sitt eigið en ekki annarra.

Aðgengi og fjölbreytileiki

Skv. viðmælendum eru fjölmargar áskoranir sem söfn þurfa að takast á við til að vera án aðgreiningar. Aðgengismál voru fyrst nefnd en á sumum söfnum eru byggingar t.d. eru ekki aðgengilegar einstaklingum í hjólastólum. Byggingarnar sjálfar eru oft á tíðum friðlýstir safngripir og þ.a.l. má ekki breyta þeim og setja t.d. lyftu, hjólastólapalla eða rampa í þær. Lög um menningarminjar nr. 80 (2012) segja að öll hús og mannvirki byggð 1923 eða fyrr séu friðuð og óheimilt sé að gera breytingar á friðlýstum byggingum eða mannvirkjum án leyfis Minjastofnunar Íslands. Eitt safnanna hefur nýtt sér tæknina sem lausn á þessu aðgengisvandamáli og býður upp á skoðun í sýndarveruleika (e. virtual reality) í staðinn; *Þannig að leiðin okkar er kannski bara stafræn. Það er okkar lausn. Við erum með sýndarveruleika sýningar, svona gleraugu sem við getum boðið fólki.*

Auk þess að finnast inngilding vera ljótt orð eru viðmælendur einnig sammála um að hugtakið sé bæði stórt og erfitt, þar sem fjölbreytileiki samfélaga er mikill. Rýnihópaviðtalið var tekið upp í lok Farskóla FÍSOS, þar sem boðið var upp á fjölbreytta fyrirlestra og vinnustofur, og benti einn viðmælanda á gagnrýni sem þar kom fram varðandi hugtakið; *[...] eins og einhver sem kom með góða gagnrýni í hérna í gær, en af hverju eigum við að taka fólk og hólfa það allt niður? Á einum fyrirlestri Farskólans voru listasöfn gagnrýnd fyrir að*

vera ekki búin að halda sérstakar sýningar með samkynhneigðum listamönnum, og um það spratt upp umræða í rýnihópnum. Því var velt því upp af hverju að hafa sérstakar sýningar fyrir samkynhneigða eða trans-fólk, þar sem einstaklingar sem eru í þeim hópum er fólk eins og annað fólk. Viðmælendur eru sammála því að það sé verið að draga fólk í dilka með þessum hætti, og með því er verið að stuðla að aðgreiningu frekar en inngilding.

Við erum mikið að draga fólk í dilka. Bara eins og greinin sem [nafn fjarlægt] varpaði upp í gær, þá snerist gagnrýnin um að listasöfnin væru ekki búin að vera með sérstakar sýningar fyrir samkynhneigða listamenn. Þarftu ekki bara að vera góður listamaður til þess að fá sýningu á safni?

Hins vegar þarf að hugsa sérstaklega til þeirra hópa sem eru t.d. hreyfihamlaðir, blindir, heyrnarskertir og heyrnarlausir, þar sem þeir eru í öðru mengi en aðrir og eiga ekki þess kost oft á tíðum að upplifa söfn á sama máta og aðrir að mati viðmælenda.

Viðmælendur telja ógerlegt fyrir söfn að þjóna öllum hópum samfélagsins, en til að gera betur geta söfn hins vegar verið meðvituð og vakandi fyrir þröskuldum. Það sem átt er við með meðvitund er að söfn þurfa að hafa í huga að það sem hentar einum getur verið þröskuldur fyrir annan. Hins vegar þarf eitt ekki að útiloka annað, þó að hlutunum sé stundum stillt upp þannig skv. viðmælendum, en það þarf að reyna að mæta þeim hópum með einhverjum hætti þannig að þau upplifi sig einnig velkomin. Það skiptir máli að mati viðmælenda að tileinka sér kynhlutlaust mál á samfélagsmiðlum og hópurinn var sammála um að miðlunarleiðir á sýningum safna séu oft gamaldags, og að þær þurfi að uppfæra í nútímalegra horf þar sem þær eru oft mjög karllægar.

En ég held að, vandræði okkar séu svolítið svona miðlunarleiðirnar, þær eru gamaldags ennþá. Ég meina, þær eru gamaldags fyrir mig að koma í Þjóðminjasafnið. Saga sögð af köllum, ef ég heyri kvenrödd þá er hún í síma að tala við kallinn sinn.

Sé horft til íbúa með erlendan bakgrunn, þá eru söfn á landsbyggðinni líkast til ekki komin á sama stað gagnvart þeim líkt og söfn í Reykjavík að mati viðmælenda, þar sem fjöldi innflytjenda er mun meiri á höfuðborgarsvæðinu. Viðmælendur eru sammála um að þar séu tækifæri til að gera betur, t.d. með því að auglýsa viðburði ekki bara á íslensku heldur einnig á ensku og jafnvel pólsku, og að bjóða heimafélki upp á leiðsagnir á sömu tungumálum. Þegar söfn beina orðum sínum til ákveðna hópa, með því að auglýsa á þeirra tungumáli, þá snertir það tilfinningar og fólk áttar sig á að það er verið að tala beint til þeirra. Einn viðmælenda hefur starfað á safni sem bauð upp á leiðsagnir sem sérstaklega voru fyrir

heimafólki af erlendum uppruna. Sú tilraun gekk ekki vel en ekki var farið ýtarlega í hvernig undirbúningi var háttað.

Við höfum verið að reyna að bjóða upp á þetta [staðsetning fjarlægð], þar er 21% samfélagsins af erlendu bergi brotin, ég held 13% frekar en 17% Pólverjar, þannig að við vildum hafa einn laugardag í mánuði, þá væri hægt að koma á ensku leiðsagnir, enska bara svo við gætum gripið einhverja, það kom einn fyrsta í skiptið, það kom enginn næstu þrjú.

Fyrir söfn er það ákaflega flókið að þjóna öllum hópum samfélagsins en viðmælendur eru sammála um að þrátt fyrir það þá eru söfn fyrir alla hópa samfélagsins. Viðmælendur telja að söfn þurfi ekki endilega að breytast í stóra samhenginu, heldur að huga að litlu hlutunum, eins og t.d. stefnumörkun, að tileinka sér kynlaust tungumál á samfélagsmiðlum, vera meðvituð og vakandi fyrir þröskuldum, eða miðla sögunni á annan hátt en karlægum.

Mér finnst svona, að þessi krafa einhvern veginn um að þjóna öllum hópum, og hóparnir eru bara svo ótrúlega margir, að það er ekki gerlegt. En mér finnst bara, við erum fyrir öll og alla, alltaf!

Einn viðmælandi bendir á að safnafólk þarf kannski að viðurkenna að við erum í raun öll börn okkar tíma, og að það megi lagfæra, breyta og bæta þannig að fleiri hópar upplifi að þeir séu velkomnir. Breytingar á sýningum safna skapa meðvitund og annað sjónarhorn á hlutina. Í því getur falist ákveðið jafnrétti, líkt og jafnrétti milli kynjanna, en það þýðir samt ekki að það sé verið að taka réttindi af einum til að gefa hinum, heldur snýst þetta um að segja söguna frá sjónarhóli fleiri hópa.

En svo er það bara svo oft þannig, að sagan er sögð út frá stórum viðburðunum, og einhverjum svona vörðum í sögunni í staðinn fyrir að taka eitt skref til hliðar. Í staðinn fyrir að fjalla um áhöfn á hákarlaskipi, að fjalla um konurnar og börnin sem biðu í landi eða þú veist. [...]Við þurfum að átta okkur að því að þegar talað er um jafnrétti, að þá þarf ekki að halla á einhvern, þar sem það snýst ekki um að taka réttindi af einum til að gefa öðrum.

Samvinna og þátttaka heimafólks

Að mati viðmælanda getur það styrkt tilfinningu heimafólks um að tilheyra, að söfn viðurkenni að þau viti ekki allt og leiti út í samfélagið eftir aðstoð. Í þessu felst að skapa venjur eða viðburði sem hafa tilgang og þar sem fólk getur gefið af sér. Það er hægt að hugsa út frá hinum ýmsu hópum samfélagsins, en viðmælendur taka sem dæmi greiningu

ljósmynda með eldri borgurum þar sem einstaklingar koma ekki til að þiggja sýningu eða upplýsingar, heldur til að miðla upplýsingum til safnsins.

[...] „við þurfum á þinni aðstoð halda“ þú veist, sem við höfum gert rosa mikið í gegnum ljósmyndir og sýningar, og beðið fólk um að koma og segja okkur sögur. Og fólk er rosalega til í það um leið og það finnur að, þú veist, „ég er ekki bara koma þarna til þess að, til þess að þiggja sýningar eða upplýsingar. Ég get gefið af mér“. Það skiptir líka rosa miklu máli.

Viðmælendur telja það dýrmætt fyrir eldri borgara að finna til sín með þessum hætti og geta notað tímann í verkefni sem hreyfir við þeim og eru öðrum til gagns. Og fyrir söfnin er þetta gríðarlega mikilvægt, því þau eru að afla upplýsinga sem hugsanlega munu glatast í tímans rás.

Þetta er algjörlega win win, en, ég held að tilfinningin sé svo mikilvæg hjá þeim sem eru almennir íbúar í samfélaginu, að þeir finni að það sem þeir vita og þekkja og kunna, sé eitthvað sem skiptir máli.

Traust samfélagsins til safna er eitt af lykilatriðunum að mati viðmælanda, og meiri líkur eru á trausti samfélagsins ef það upplifir að söfn séu til staðar fyrir það; *Maður þarf einhvern vegin að passa að samfélagið sé vinur manns, eiginlega sko. Að það sé svona vinalegt samband og samfélagið upplifi að við séum til staðar einhvern vegin.*

Sjálfböðastarf og samfélagsleg ábyrgð

Viðmælendur telja að söfn muni tengjast og þjóna samfélaginu betur í framtíðinni í gegnum sjálfböðaliða og sjálfböðastarf. Hópur sjálfböðaliða geta verið mjög dýrmætur fyrir söfn, en Flugsafnið á Akureyri er nefnt sem dæmi hvað það varðar. Sjálfböðaliðar eru öllu jafna fólk á seinna skeiði lífsins, eldra fólk eða eldri borgarar sem hafa orðið meiri frítíma og frelsi. Í framtíðinni munum við væntanlega sjá hressara eldra fólk og nefnir einn viðmælandi að safnafólk á Íslandi eigi að horfa til Hollands, varðandi hvernig stjórna megji sjálfböðastarfi með góðum hætti.

Það er líka, þú veist, við verðum eldri, hressari og meiri einmanaleiki, okkur vantar verkefni og söfn geta verið vettvangur, en það þarf að stýra því og þar held ég að við getum lært svolítið úr síðasta Farskóla, sem var í Amsterdam, af því að við þurfum að komast í betra samband við þau aftur, því þau eru búin að mastera hvernig á að stjórna svona sjálfböðaliðastarfi. Það var bara magnað!

Auk Hollands minntust viðmælendur á dæmi frá Ljósmyndasafni Íslands, Linköping, Spáni og Belgíu um mikilvægi sjálfböðaliða, t.d. varðandi að miðla þekkingu og verklagi, og í

einhverjum tilfellum, í viðhaldi á safnkostinum. Einn viðmælenda nefnir að börn séu einnig mikilvægur hlekkur fyrir framtíð safna og ættu söfn að sinna því hlutverki að ala börn upp í að skilja og átta sig á vægi safna. Viðkomandi tók dæmi um listasafn í Groningen í Hollandi þar sem slíkt verkefni er í gangi, og með því, verið að búa til safnafólk framtíðarinnar.

Þessar niðurstöður, ásamt niðurstöðum rýnihópa A, B og C, varpa ljósi á flókin tengsl milli safna og samfélaga, þar sem söfn tengjast samfélögum m.a. í gegnum tilfinningar, þátttöku og arfleifð. Í næsta kafla verður dýpri greining lögð á þessar niðurstöður í ljósi fræðilegra kenninga og markmiða rannsóknarinnar.

5 Umræður

Líkt og fram kemur í inngangi var markmið þessarar rannsóknar að varpa ljósi á tengingu milli safna og samfélaga með því að leita svara við rannsóknarspurningunum „*Hvaða þættir hafa áhrif á samband safns og samfélags? Hvernig getur Síldarminjasafnið styrkt tengsl sín við nærsamfélagið og aukið aðsókn íbúa þess?*“. Mig langaði að fá sýn mismunandi hópa íbúa á Siglufirði og skilgreindi því samfélagið í þrjá hópa eftir uppruna. Fyrir fram bjóst ég við að þessir þrír hópar þyrftu mismunandi nálgun. Til að fá sýn á þetta samband úr gagnstæðri átt, setti ég saman fjórða hópinn sem saman stóð af safnstjórum af söfunum á Norðurlandi. Samhliða greiningu rýnihópaviðtalanna skoðaði ég sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDG) með það að markmiði að skýra hvaða þættir þar gætu stuðlað að því að söfn, líkt og Síldarminjasafnið, geti orðið virkur og líflegur hluti samfélaga og eflt samfélagslega sjálfbærni.

Helstu punktar úr rýnihópaviðtölunum eru eftirfarandi:

- Rýnihópur A (innfæddir Siglufirðingar):
 - Safnið er mikilvægt fyrir samfélagið og sögu þess
 - Virkni heimamanna hefur aukist með viðburðum í Síldarkaffi
 - Auglýsa þarf betur að íbúar Fjallabyggðar þurfa ekki að greiða aðgangseyri
- Rýnihópur B (aðfluttir Íslendingar):
 - Safnið stuðlar að þátttöku í samfélaginu og tengir fólk saman
 - Sýningar Síldarminjasafnsins auka menningarvitund
 - Auglýsa þarf betur að íbúar Fjallabyggðar greiða ekki aðgangseyri
- Rýnihópur C (aðfluttir íbúar með erlendan bakgrunn):
 - Sýningar Síldarminjasafnsins auka menningarvitund og tengir fólk við samfélagið
 - Tungumál skiptir máli og er enska er lykilatriði fyrir þennan hóp
 - Viðburðir auka tengingu, en þátttaka einstaklinga er háð aðstæðum

Rýnihópur D, sem skipaður var fagfólki úr safnastarfi á Norðurlandi, dró fram mikilvægi þess að söfn hlusti á samfélagið, byggji upp traust og stuðli að þátttöku íbúa með markvissri miðlun, samstarfi og viðburðum sem höfði til mismunandi hópa. Þessi tvö sjónarhorn, þ.e.

samfélagsins annars vegar og safnafólks hins vegar, varpa saman ljósi á hversu margþætt samband safna og samfélaga í rauninni er.

Í umræðunum hér á eftir verður fyrst beint sjónum að rýnihópunum þremur sem íbúar tóku þátt í. Fjallað verður um hvernig íbúar með ólíkan bakgrunn upplifa og skilgreina tengsl sín við Síldarminjasafnið og það sett í samhengi við fræðilega hluta ritgerðarinnar, sem og tengt við sjálfbærnimarkmið þar sem það þykir eiga við. Þar á eftir eru ræddar þær áskoranir og tækifæri sem stjórnendur safna upplifa að þeir standi frammi fyrir þegar kemur að því að efla tengsl við samfélagið sitt og það einnig sett í fræðilegt samhengi. Að lokum eru sameiginleg þemu og tengsl milli viðhorfa þessara hópa rædd.

5.1 Rýnihópur A, B og C – fjölbreyttar raddir samfélagsins

Viðmælendur í öllum rýnihópunum voru almennt sammála um að Síldarminjasafnið er að sinna sínu samfélagslega hlutverki vel og að það væri sýnilegt og virkt í samfélaginu. Það kemur heim og saman við hugmyndir Kelly (2006) um að samfélög skilji og kunni að meta hlutverk safna og Black (2011) o.fl. um mikilvægi safna fyrir samfélög. Þrátt fyrir ánægju má greina að ólíkir hópar upplifa tengsl við safnið með mismunandi hætti og því má ætla að þeir hafi ólíkar þarfir og væntingar þegar kemur að nálgun og þátttöku. Í upphafi var sú tilgáta sett fram að hópar A, B og C þyrftu mismunandi nálganir til að tengjast safninu. Þó virtist við fyrstu sýn sem sú tilgáta stæðist ekki, þar sem allir hópar lýstu jákvæðri tengingu við safnið. Við nánari skoðun kemur hins vegar í ljós að leiðirnar að þeirri tengingu eru ólíkar og byggja á mismunandi forsendum. Það bendir til þess að þrátt fyrir sameiginlega viðurkenningu á mikilvægi safnsins, þurfi að aðlaga nálganir til að virkja og viðhalda þátttöku ólíkra samfélagshópa.

Niðurstöður úr rýnihópum A, B og C sýna að tilfinningaleg tenging viðmælenda við safnið er mismunandi eftir uppruna og persónulegri sögu einstaklinganna. Þessi tenging virðist vera sterkust meðal innfæddra íbúa (hópur A), sem eiga og áttu fjölskyldumeðlimi sem störfuðu í síldariðnaðinum á árum áður. Þessi tenging við menningararfinn framkallar stolt af safninu og menningararfinum sem það varðveitir, sem styður kenningu Black (2011) um að söfn veki upp stolt í samfélögum. Fyrir þennan hóp eru sýningarnar sem finna má í safnhúsum Síldarminjasafnsins mikilvægar sem tenging við fortíðina og staðinn Siglufjörð. Þetta gefur til kynna að safnið spegli bæði fortíð og sjálfsmynd þátttakenda í hópi A, sem mótar upplifun þeirra af mikilvægi safnsins og tilfinningu fyrir því að tilheyra. Þessi

niðurstaða styður við kenningu Price og Appelbaum (2021) um að söfn geti eftt slíka tilfinningu.

Aðfluttir og tenging í gegnum þátttöku

Tengsl aðfluttra (hópur B og C) eru annars eðlis þar sem persónuleg fortíðartenging við söguna er lítil sem engin. Þrátt fyrir það eru viðhorf þeirra almennt jákvæð og þrátt fyrir að hóparnir tengi sig ekki beint við söguna sem safnið miðlar, líkt og hópur A gerir, sýna þeir henni áhuga og virðingu. Þátttakendur lýstu því hvernig tengingar þeirra byggja meira á samfélagslegri þátttöku, fræðslu og jákvæðri afstöðu til safnsins sem hefur myndast m.a. í gegnum viðburði og auknum skilningi á menningu og sögu staðarins, sem margir telja að hafi auðveldað aðlögun að samfélaginu. Í því samhengi væri áhugavert að skoða nánar hvaða þættir í sýningum safna hafi áhrif á persónulega tengingu aðfluttra einstaklinga. Safnið er í augum aðfluttra jákvæð og aðgengileg stofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu, bæði sem vettvangur fyrir samfélagslega þátttöku og uppsprettu þekkingar. Það bendir til að þátttaka í viðburðum og fræðsla hafi ekki eingöngu áhrif á þekkingu heldur líka á félagslega og tilfinningalega aðlögun, og styrkir þ.a.l. tilfinninguna um að tilheyra. Þá virðast viðburðir skipta sköpum í að skapa tengsl milli safnsins og þessara hópa. Þessar niðurstöður styðja hugmyndina um að upplifun einstaklinga á safni ráðist að stórum hluta af bakgrunni og lífsreynslu (Falk og Dierking, 2013). Það má einnig túlka þessar niðurstöður sem svo að safnið gegni óformlegu hlutverki sem brú milli nýrra íbúa og samfélagsins með því að veita aðgang að sögu staðarins og stuðla samfélagslegri þátttöku. Í því ljósi má álykta að söfn geti gegnt mikilvægu hlutverki í að efla tengsl og þátttöku milli ólíkra hópa, ekki einungis með því að varðveita fortíðina, heldur einnig með því að skapa tækifæri til virkrar þátttöku í samtímanum. Að þessir hópar tengist safninu með þessum hætti styður við hugmyndir Simon (2010) um þátttökusafnið sem m.a. hjálpar einstaklingum að tengjast í verkefnum á vegum safna, eða í tilfelli Síldarminjasafnsins í gegnum viðburði. Það sýnir einnig að safnið er að starfa sem lifandi vettvangur í anda hinar nýju safnafræði stað þess að vera einhliða fræðlustofnun og geymsla gamalla muna.

Það er athyglisvert hversu skýrt mikilvægi tilfinningalegrar tengingar heimafólks við safnið kemur fram í þessu samhengi, þar sem slík tenging stuðlar að varðveislu menningarlegrar sjálfsmyndar og styrkir félagsleg tengsl. Í því má sjá samsvörun við heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna (SDG) nr. 11, (sjálfbærar borgir og samfélög), sem leggja áherslu á menningarlega sjálfbærni og samfélagsleg tengsl. Hin persónulega tenging

hjá innfæddum Siglfríðingum útskýrir hvers vegna þátttakendur í hópi A tengjast sýningum safnsins dýpra en aðfluttir (hópar B og C). Í ljósi þess mætti velta upp spurningunni um hvernig söfn geti skapað rými í sýningum sínum þar sem fleiri samfélagshópar geti byggt upp slíka tengingu, þrátt fyrir að þeir eigi ekki rætur í sögu staðarins. Þessi niðurstaða styður þó bæði við það sem Lane o.fl. (2007) og Johansson og Bevelander (2017) leggja áherslu á, varðandi mikilvægi merkingar og þýðingar menningararfs fyrir einstaklinga, sem tengist jafnframt heimsmarkmiðum SDG 4 (menntun fyrir alla) og SDG 16 (friður, réttlæti og sterkar stofnanir), þar sem sjálfsmynd er eflað ásamt tilfinningunni um að tilheyra.

Viðburðir sem brú milli fólks og safns

Þó að aðfluttir einstaklingar, bæði íslenskir og erlendir (hópar B og C), hafi ekki sömu persónulegu tengingar við síldarsöguna og innfæddir íbúar, þá kemur fram að þeir upplifi engu að síður sterka tengingu við safnið sem stað fyrir samfélagslega þátttöku. Þessi tenging byggist á hlutverki safnsins sem vettvangi upplifunar, menntunar og þátttöku. Gögnin benda sterklega til þess að viðburðir gegna lykilhlutverki fyrir alla hópa, sérstaklega þó fyrir einstaklinga í rýnihópum aðfluttra Íslendinga og erlendra einstaklinga. Þeir lýstu því hvernig viðburðir skapa rými til félagslegra tengsla og veita þeim tækifæri til að upplifa sig sem þátttakendur í samfélaginu. Slík þátttaka skapar persónulega og tilfinningalega tengingu við safnið, líkt og Simon (2010) og Falk og Dierking (2013) hafa fjallað um. Þeir leggja áherslu á að safnheimsóknir og safnatengd upplifun verði dýpri og áhrifaríkari ef hún á sér stað í gegnum félagslega reynslu og virka þátttöku. Simon (2016) heldur því einnig fram að söfn þurfi að þróast úr stöðum sýninga yfir í vettvang þátttöku, þar sem fólk deilir, skapar og upplifir saman. Það fellur vel að niðurstöðum rýnihópanna, sérstaklega hópa B og C, þar sem viðburðir og samfélagsverkefni skipta miklu máli fyrir upplifun fólks og tilfinningu þess um að tilheyra.

Viðburðir á vegum safnsins, á borð við tónleika, listviðburði, foreldramorgna og skólaheimsóknir, skapa tækifæri fyrir breiðari hóp samfélagsins til að koma að safninu með mismunandi hætti. Þetta styður við kenningu Simon (2010) um að þegar söfn skapa samtal og bjóða upp á virka þátttöku, geti þau orðið að sameiginlegu rými þar sem ólíkir hópar upplifa að sýningarnar eigi erindi við þá og að þeir hafi gildi og hlutverk innan safnsins, jafnvel þó að þeir tengist þeim ekki beint. Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi þess að söfn þrói starfsemi sína út fyrir hina hefðbundnu safnastarfsemi og verði virkur þátttakandi í samfélaginu með áherslu á inngildingu og samfélagslega þátttöku. Slík sýn fellur vel að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, einkum SDG 4 (Menntun fyrir alla), þar sem

þátttaka í menningarstarfi getur verið hluti af óformlegri menntun, og SDG 17 (Samstarf um markmiðin), þar sem samskipti og samvinna við fjölbreytta samfélagshópa eru lykilatriði í sjálfbærri þróun. Safnið getur þannig virkað sem brú milli fortíðar og nútíðar, en einnig milli ólíkra einstaklinga og hópa sem byggja upp nýja sameiginlega reynslu í gegnum menningu og samskipti.

Þótt rýnihóparnir lýsi ánægju með starfsemi safnsins, kemur skýrt fram hjá þeim að betur megi miðla því að allir íbúar Fjallabyggðar þurfi ekki að greiða aðgangseyri að Síldarminjasafninu, samkvæmt samningi við sveitarfélagið. Þessar upplýsingar virðast ekki vera nægilega sýnilegar eða fastar í sessi innan samfélagsins, sem leiðir líkast til þess að færri íbúar nýta sér þennan möguleika. Að bjóða heimafólki ókeypis aðgang er mikilvægt fyrir aukinn jöfnuð í samfélaginu, en það má velta því fyrir sér hvort það eitt og sér nægir til að styrkja samfélagslega virkni eða tryggja að þátttaka verði að veruleika og inngildandi. Það leiðir til spurningarinnar um hvort að nóg sé að bjóða upp á ókeypis aðgang, eða þarf einnig að skapa aðstæður þar sem fólk upplifir að það eigi erindi á safnið? Ókeypis aðgangur styður á skýran hátt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, einkum SDG 10 um jöfnuð innan samfélaga og SDG 11 um sjálfbærni og menningarlega virkni í samfélögum. Jafnframt fellur ókeypis aðgangur vel að hugmyndum fræðimanna á borð við Olivares og Piatak (2021), í tengslum við að tryggja jöfn tækifæri til aðgangs að menningu, en að það þurfi að vera skýr og markviss stefna varðandi slíkt. Auk þess benda Reza (2023) og Reyes-Garcia o.fl. (2021) á nauðsyn þess að rjúfa félagslegar hindranir sem standa í vegi fyrir menningarlegri þátttöku. Það krefst annars konar vinnu en að setja upp sýningar og felst í byggingu trausts, viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum og að hlusta virkilega eftir því hvernig fólk upplifir tengslin við safnið. Þegar þannig er horft á hlutverk safna, verða þau ekki aðeins geymslustaðir fyrir gripi fortíðar, heldur virkir aðilar í mótun framtíðar, þar sem menningararfur, sjálfsmynd og samfélagsleg virkni styðja hvert við annað.

Viðmælendur bæði í hópi uppalinna Siglfirðinga og aðfluttra Íslendinga lýstu áhuga á söltunarsýningum safnsins sem fram fara við Róaldsbrakka, og töldu mikilvægt að þær væru betur auglýstar. Þeir lýstu því yfir áhuga á þessum lifandi sýningum og möguleika á að bjóða gestum sínum að upplifa þær. Mögulegt er að þetta endurspegli ekki eingöngu áhuga á þátttöku, heldur einnig stolti og vilja til að deila menningu staðarins með öðrum, sem gefur til kynna sterka tengingu við samfélagið. Samkvæmt áætlunum sumarið 2025 munu hins vegar einungis þrjár af um 80 söltunarsýningum verða opnar almenningi, þar sem sýningar eru öllu jafna bókaðar sérstaklega af ferðaskrifstofum fyrir skipulagða hópa. Það takmarkar

möguleika safnsins til að auglýsa sýningarnar sérstaklega fyrir heimamenn. Síldarminjasafnið hefur þó undanfarin ár staðið fyrir opnum síldarsöltunum tvisvar á ári, annars vegar á Trilludögum og hins vegar um Verslunarmannahelgar. Sumarið 2025 bætist við sérstök sýning í tilefni 100 ára afmælis verkfalls síldarstúlkna í Siglufirði. Skilningur var á því að söltunarsýningarnar væru að mestu skipulagðar fyrir ferðahópa, en þarna má greina tækifæri til að laða heimafolk á safnið. Þessi áhugi heimamanna vekur upp spurninguna hvort sumir heimamenn sjái hugsanlega þessar sýningar sem mikilvæga tengingu við arfleifð og eigin sjálfsmynd, sem og sem þátt í menningarlegri sjálfsmynd staðarins, frekar en eingöngu sem skemmtun fyrir ferðamenn.

Í umræðum aðfluttra Íslendinga kom fram hugmynd um að kalla eftir upplýsingum um nýbúa á Siglufirði, þannig að hægt væri að miðla til þeirra upplýsingum um safnið og að heimafolki bjóðist að heimsækja það án aðgangseyris. Þó að slík nálgun gæti stuðlað að aukinni þátttöku og sýnileika safnsins meðal nýbúa, þá stangast hún á við persónuverndarlög, þar sem miðlun og notkun slíkra gagna er óheimil (Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90, 2018). Það kallar hins vegar á spurninguna, hvernig safnið geti nálgast nýbúa á betri hátt en það gerir nú þegar, og án þess að það stangist á við lög. Einnig var áhugavert að hugmynd að stuðningi við tungumálakennslu innflytjenda kom úr hópi aðfluttra Íslendinga en ekki úr hópi þeirra erlendu einstaklinga sem tóku þátt í rannsókninni. Það má túlka á fleiri en einn veg. M.a. má líta á það sem merki um góðan vilja til að styðja við aðra hópa í samfélaginu, en einnig má líta á það sem merki um innsýn, þ.e. að viðkomandi hafi þekkingu á stöðunni vegna reynslu, nálægðar við málefnið eða samfélagslegrar yfirsýnar. Slík sjónarhorn geta verið verðmæt, sérstaklega ef þau byggja á virðingu og vilja til samtals.

Raddir erlendra íbúa

Sjónarmið þátttakenda í rýnihópi C, sem samanstóð af erlendum íbúum, gefa til kynna að Síldarminjasafnið stuðli að tilfinningu um að vera velkomin og hluti af samfélaginu. Viðmælendur upplifa safnið sem opið og aðgengilegt, og telja það styðja við þátttöku í samfélagslífi Siglufjarðar. Þetta bendir til þess að Síldarminjasafnið starfi í anda þess sem Reyes-Garcia o.fl. (2021) leggja til, að söfn eigi að einblína á aðgengi og inngildingu. Þau nefndu ekki að þau upplifðu sérstaka þröskulda í aðgengi að safninu eða starfsemi þess og töldu ekki nauðsynlegt að menningarlegur bakgrunnur þeirra kæmi sérstaklega fram í sýningum safnsins. Þvert á móti voru einhverjir þeirra þeirrar skoðunar að slík innleiðing

gæti raskað þeirri sérstöðu sem sýningarnar byggja á. Á sama tíma kom fram að þátttakendum þætti mikilvægt að geta tekið þátt í safnastarfinu með virkum hætti, meðal annars með því að leggja sitt af mörkum á viðburðum og í öðrum verkefnum þar sem þeir gætu nýtt sína styrkleika. Þetta má túlka sem ósk um að fá að tjá sjálfsmynd sína og persónulegan bakgrunn, sem í sumum tilvikum getur falið í sér tjáningu menningarlegs uppruna, án þess að það þurfi að speglast beint í sýningum. Þetta sýnir að þátttaka og aðkoma að safnastarfi getur birst á margvíslegan hátt. Hún þarf ekki endilega að felast í því að sjá eigin menningu endurspeglða á sýningum, heldur getur hún einnig falist í því að fá tækifæri til að hafa áhrif, upplifa að rödd manns skipti máli og finna til tilheyrandi innan safnsins. Þessi afstaða hópsins er áhugaverð í fræðilegu samhengi þegar sjónarmið fræðimanna á borð við Olivares og Piatak (2021) eru skoðuð, varðandi útilokun samfélagshópa þegar sýningar safna einblína eingöngu á ákveðinn hóp, og sýnir fram á ákveðna mótsögn. Það á einnig við sjónarmið Black (2011), sem telur inngilding skipta miklu máli. Þetta varpar ljósi á að fjölbreytileiki og inngilding þurfa ekki alltaf að felast í sýningum sjálfum, heldur í aðgengi að þátttöku, viðburðum og tengslamyndun innan safnsins. Þannig getur safnið skapað rými fyrir margbreytileika án þess að hverfa frá megináherslum sínum í sýningum.

Það er áhugavert að viðmælendur af erlendu bergi brotnir lýstu ákveðinni þreytu á því að taka þátt í „stöðluðum“ eða „steríótýpískum“ sýningum og viðburðum sem tengdust menningu þeirra eingöngu út frá þjóðerni eða upprunalandi. Þeir sýndu hins vegar áhuga á því að koma fram sem einstaklingar frekar en að vera settir í ramma eigin menningar eða þjóðfána síns. Það er því ástæða til að velta fyrir sér hvort viðburðir sem ætlaðir eru til að stuðla að inngilding, með því að biðja fólk um að sýna eigin menningu, geti ómeðvitað haft gagnstæða áhrif þar sem þátttakendur verða fremur „til sýnis“ en virkir þátttakendur. Þess í stað má ætla að inngilding og samfélagsleg tenging styrkist frekar ef einstaklingum er gefið rými til að koma fram á eigin forsendum og sem þeir sjálfir. Slíkt getur aukið tilfinningu um að tilheyra. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að söfn skapi vettvang fyrir fjölbreytta tjáningu, þar sem fólk getur deilt reynslu sinni og menningu á sínum eigin forsendum og þannig myndað dýpri tengsl við safnið og samfélagið. Þetta samræmist hugmyndum Nina Simon (2010) í *The Participatory Museum*, þar sem hún leggur áherslu á að söfn geti verið vettvangur þar sem almenningur er virkur meðhöfundur menningar í stað þess að vera einungis áhorfandi. Þátttakan verður þannig hluti af ferli fremur en einstökum viðburðum. Sú sýn tengist einnig heimsmarkmiði 11 um sjálfbær borg og samfélög, þar sem

menningarleg virkni, þátttaka og aðgengi skipta lykilmáli. Þar er lögð áhersla á að allar raddir fái að heyrast og að fólk hafi tækifæri til að hafa áhrif og taka þátt á eigin forsendum.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að Síldarminjasafnið styðji með ólíkum hætti við ólíka samfélagshópa. Það þjónar hlutverki sínu sem „félagslegt akkeri“ (Black, 2011) og er vettvangur þar sem margbreytileiki samfélagsins getur komið saman á eigin forsendum og fundið eitthvað sem skiptir máli. Að safnið sé að ná til velflestra íbúa, þó með ólíkum hætti, endurspeglar hugmyndir Lane o.fl. (2007) og Johansson og Bevelander (2017) um að hlutir og sýningar öðlist gildi þegar þeir hafa merkingu sem einstaklingar eða hópar tengja við á sameiginlegan, persónulegan eða samfélagslegan hátt. Það undirstrikar einnig mikilvægi þess að safnið þrói áfram fjölbreyttar leiðir til þátttöku og samtals, til að mæta fjölbreyttum hópum samfélagsins sem það þjónar.

5.2 Rýnihópur D – sjónarhorn safnafólks

Rýnihópur D, þ.e. safnstjórar á Norðurlandi, var settur saman með það í huga að fá sýn safnafólks á samband milli safna og samfélaga. Niðurstöður rýnihópaviðtalanna benda til þess að söfnin sem tóku þátt í þessari rannsókn séu að vinna í samræmi við þau atriði sem rýnihópar íbúa nefndu sem mikilvæg til að styrkja tengsl safna við samfélagið.

Rýnihópur D (stjórnendur safna):

- Stefna í miðlun, upplýsingagjöf og traust er lykilatriði
- Söfn tengjast samfélögum með viðburðum, samfélagsmiðlum og samvinnu
- Mikilvægt er að safnið sé „heimafólks“ og að söfn virkji tilfinninguna um að tilheyra

Viðmælendur í rýnihópi D líta á hlutverk safna í samskiptum við nærsamfélagið sem flókið og fjölþætt. Fjölþætt að því leiti að samfélög geta verið saman sett af fjölbreyttum hópum einstaklinga, og flókið því þeir hafa m.a. mismunandi tengsl við menningararfinn, hafa mismunandi þarfir, sjónarhorn og reynslu. Þeir telja viðburði skipta miklu máli í smærri samfélögum til að skapa lifandi vettvang og styrkja tengsl heimafélks við safnið sem samræmis sjónarmiðum Falk og Dierking (2013), sem leggja áherslu á að söfn þurfi að þróa fjölbreytta dagskrá sem tekur mið af breiðum hópi og krefjist virkrar þátttöku samfélagsins. Þetta endurspeglar góðan skilning viðmælenda um mikilvægi safna gagnvart mismunandi hópum samfélagsins og ólíkum væntingum og reynsluheimi einstaklinga. Þátttakendur lýstu því yfir að mikilvægt sé að íbúar upplifi safnið sem sitt eigið og finni sig velkomna og

endurspeglar það sýn þátttakenda í rýnihópum heimafólks, þá sér í lagi innfæddum Siglfríðingum, sem upplifir sterka tilfinningalega tengingu við safnið og sér það sem sitt safn. Það er ekki hægt að fullyrða en ætla má að tilfinningin um að safn sé „sitt eigið“ sé eitt af lykilatriðum fyrir virkri þátttöku einstaklinga í starfsemi safna. En það má túlka sem svo að safnstjórar sjái söfn sem sameiginlega eign samfélagsins og vettvang sem bæði skapar og styrkir tilfinningu fyrir samfélagslegu stolti.

Rannsóknin gefur tilefni til að velta fyrir sér hvernig safn geti raunverulega orðið hluti af daglegu lífi samfélagsins sem það þjónar. Safnstjórar gefa til kynna að það dugi ekki að bjóða upp á hefðbundnar sýningar og afmarkaða viðburði fyrir heimafólk, heldur þarf að byggja upp tengsl sem eru bæði persónuleg og gagnkvæm. Hér lýsa safnstjórnarnir mikilvægi þess að safnið nái til ólíkra hópa í samfélaginu og bjóði upp á fjölbreytta dagskrá sem hvetur til þátttöku. Þeir telja viðburði skipta miklu máli, sérstaklega í smærri samfélögum, til að styrkja tengsl fólks við safnið og skapa rými þar sem allir finna sig velkomna. Þetta endurspeglar skilning þeirra á samfélagslegu hlutverki safna og mikilvægi þess að íbúar upplifi safnið sem sitt eigið. Hér má einnig sjá skýra samsvörun við kenningar Falk og Dierking (2013), sem benda á að slík tengsl krefjist virkrar þátttöku frá samfélaginu og fjölbreyttrar dagskrár sem tekur mið af ólíkum hópum. Simon (2010; 2016) hefur lagt áherslu á að safn sem vill vera samfélagsmiðað þurfi ekki aðeins að vera aðgengilegt í bókstaflegum skilningi, heldur þarf það einnig að skapa rými þar sem gestir upplifa að þeir tilheyri og að þeirra rödd skipti máli. Í þessu samhengi verður safnið vettvangur þar sem gestir koma ekki eingöngu til að læra heldur einnig til að leggja sitt af mörkum til þekkingarsköpunar. Þessi nálgun á safnastarf tengist einnig markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sérstaklega er áhugavert að velta fyrir sér hvernig SDG 11 (um sjálfbærar borgir og samfélög) og SDG 16 (um frið, réttlæti og sterkar stofnanir) eiga við í þessu samhengi. Hlutverk safnsins verður ekki aðeins menningarlegt heldur líka félagslegt og getur skapað vettvang fyrir samræðu, þátttöku og tilheyrandi samfélagsleg tengsl. En þetta krefst vilja til að hlusta, aðlaga sig og í sumum tilfellum endurskilgreina hefðbundið safnastarf.

Inngilding er viðamikil hugtak að mati viðmælenda, sem velta fyrir sér hvort raunhæft sé að ná til allra samfélagshópa með starfi safnsins, þar sem hóparnir eru margir og ólíkir, með mismunandi þarfir, væntingar og bakgrunn. Það rennur stoðum undir fyrri rannsóknir m.a. Kinsley (2016), Reza (2023) o.fl., sem segir söfn ekki ná til allra samfélagshópa. Þeir benda á að þó það sé vilji að söfn séu fyrir „öll og alla, alltaf“, þá kallar sú sýn á stöðuga

ígrundun og sveigjanleika í starfsháttum. Með öðrum orðum, aðgengi að safni er ekki eins fyrir alla, heldur mótast það af upplifun mismunandi hópa og því hvort þeir finni þar raunverulega stað fyrir sig. Þrátt fyrir að viðmælendur séu meðvitaðir um að það sé í raun ógerlegt að þjóna öllum hópum samfélagsins að fullu, þá lýsa þeir trú á að hægt sé að nálgast það markmið með því að vinna markvisst að breytingum í smáum skrefum. Í þessu samhengi má einnig benda á að viðhorf til aðgengis og þátttöku eru mismunandi, líkt og kom fram hjá viðmælendum varðandi sérstakar sýningar með samkynhneigðum listamönnum á listasöfnum. Sumir líta svo á að hæfni ein og sér eigi að ráða því hver fái rými í safnastarfi og má segja að slíkt viðhorf geti talist sanngjarnt, en önnur viðhorf benda á að slíkt sjónarhorn geti hunsað kerfisbundnar hindranir sem jaðarsettir hópar mæta. Að leggja áherslu á fjölbreytileika og sýnileika minnihlutahópa er því ekki aðeins spurning um réttlæti, heldur einnig um að tryggja að söfn endurspegli samfélagið í allri sinni breidd. Í því samhengi væri áhugavert að skoða nánar hvaða hindranir standa mismunandi hópum í vegi fyrir þátttöku í safnastarfi hér á landi, og hvernig söfn geta brugðist við þessum hindrunum á markvissan hátt. Viðmælendur leggja áherslu á mikilvægi þess að greina og bregðast við mismunandi hindrunum sem standa í vegi fyrir þátttöku, eins og t.d. tungumálahindrunum, félagslegu óöryggi eða þeirri tilfinningu að upplifa sig ekki velkomin á menningarstofnun. Sérstaklega er bent á að mikilvægt sé að koma til móts við fólk af erlendum uppruna og liggja ýmiss tækifæri til að gera betur þar, m.a. með leiðsögnum og auglýsingum á ensku og pólsku með skýrari skilaboðum um að allir séu velkomnir til þátttöku í starfsemi safnsins. Þessi nálgun speglar þá sýn Sandell (1998) og Simon (2016) að hlutverk safna í nútímasamfélagi felist ekki aðeins í að miðla efni, heldur einnig að vera staður fyrir alla hina margbreytilegu hópa samfélagsins. Það sem hentar einum hópi, t.d. íslenskum gestum sem eru kunnugir menningu, venjum eða samskiptamynstri, getur skapað ósýnilegar hindranir fyrir aðra. Eins og Olivares og Piatak (2021) benda á að þegar miðlun er einsleit geti sumir hópar upplifað sig utanveltu, þar sem þeir tengja ekki við það sem safnið sýnir. Þetta samræmist einnig markmiðum Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega SDG 10 um að minnka ójöfnuð innan samfélaga og SDG 17 sem leggur áherslu á mikilvægi samstarfs. Þátttaka ólíkra samfélagshópa og samstarf við grasrótarsamtök, hópa og hagsmunaaðila geta hjálpað söfnum að þróa aðgengilegri og réttlátari starfshætti.

Traust og tenging við samfélagið, að mati viðmælenda, styrkist þegar söfn sýna auðmýkt og viðurkenna að þau búi ekki yfir allri þekkingu sjálf. Með því að leita eftir innsýn og þátttöku frá íbúum geta söfn byggt upp gagnkvæmt traust og skapað vettvang fyrir

sameiginlega merkingarsköpun. Þetta gefur til kynna að stjórnendur safna leggi áherslu á mikilvægi trausts sem grundvöll fyrir tengsl við samfélagið, og að miðlun safna eigi að taka mið af þörfum og væntingum heimamanna. Þessi nálgun endurspeglar hugmyndir Simon (2016) um "The Participatory Museum", þar sem hlutverk safnsins breytist úr því að vera einhliða miðlari yfir í að vera vettvangur samræðu, hlustunar og sameiginlegrar sköpunar. Það eru ekki aðeins faglegir og tæknilegir hvatar fyrir söfn að vera opin fyrir nýjum sjónarmiðum, heldur er það siðferðileg skylda sem styður við inngildingu og samfélagslega ábyrgð. Viðmælendur leggja einnig áherslu á að sjálfbóðaliðastarf geti gegnt lykilhlutverki í að tengja safnið enn frekar við samfélagið í framtíðinni. Þegar íbúar fá tækifæri til að taka þátt í starfi safnsins, með t.d. vinnuframlagi, þekkingu og viðveru, eykst ekki einungis aðgengi þeirra að menningu heldur einnig tilfinningin fyrir að eiga hlut í safninu. Þessi sýn fellur að hugmyndum Black (2011), sem lítur á söfn sem félagsleg akkeri sem stuðla að samfélagsþátttöku, félagslegum tengslum og samkennd. Slík þátttaka getur haft mikil áhrif og getur styrkt sjálfbær og virk samfélög, líkt og rannsóknir hafa sýnt. Þannig tengist sjálfbóðaliðastarf m.a. markmiðum SDG 8 (Góð atvinna og hagvöxtur) með því að styðja við félagslegt og skapandi rými þar sem óformleg þátttaka fær að vaxa. Það tengist einnig SDG 11 (Sjálfbær borg og samfélög) og SDG 17 (Samstarf um markmiðin), þar sem sterk tengsl og þátttaka íbúa eru grundvöllur virks og sjálfbærs samfélags. Þetta varpar ljósi á hinar samfélagslegu og siðferðilegu skyldur safna, sem eru ekki aðeins menningarstofnanir, heldur mikilvægir þættir í að efla sjálfbærni og samstöðu innan samfélaga.

5.3 Kenningar Weil, Witcomb og Crooke í ljósi niðurstaðna úr rýnihópunum

Kenningar Stephen Weil, Andreu Witcomb og Elizabeth Crooke varpa ljósi á það hvernig söfn geta þróað sterkari tengsl við samfélög sín og gegnt virku samfélagslegu hlutverki. Þegar þessar kenningar eru bornar saman við niðurstöður úr rýnihópum A, B, C og D í þessari rannsókn má greina ákveðinn samhljóm.

Ein meginkenning Stephen Weil um að söfn þurfi að vera „fyrir einhvern“ en ekki eingöngu „um eitthvað“ á skýran samhljóm við viðhorf þátttakenda í öllum rýnihópunum. Þátttakendur í rýnihópum heimamanna lýstu að safnið væri virkur þátttakandi í samfélaginu, en ekki einungis geymsla gamalla hluta heldur vettvangur fyrir tengslamyndun, umræðu og þátttöku. Þetta styður hugmyndir Weil um að árangur safnsins mælist ekki bara í sýningum eða gestaþátttöku, heldur í áhrifum þess á samfélagið sjálft. Þá kom einnig fram hjá rýnihópi

D að söfn gætu gert betur til að ná til íbúa með erlendan bakgrunn, sem undirstrikar það sem Weil heldur fram, að söfn þurfi meðvitað að rækta tengsl við breiðari hópa samfélagsins til að uppfylla raunverulegt samfélagslegt hlutverk.

Kenningar Andreu Witcomb (2015) um tilfinningalega virkni safna varpa ljósi á hvernig fólk tengist menningararfi og safnastarfi. Hún leggur áherslu á að söfn geti skapað „tilfinningaleg rými“ (e. pedagogy of feeling) þar sem gestir upplifa samkennd, ígrundun og persónulega tengingu, sérstaklega þegar fjallað er um sögu sem snertir einstaklinga og samfélög. Slík nálgun gerir gestum kleift að spegla sig í frásögnum og getur stuðlað að menningarlegum skilningi, félagslegri tengingu og samtali á milli ólíkra hópa. Þessi nálgun á vel við niðurstöður rannsóknarinnar, þar sem mismunandi tengsl þátttakenda við safnið komu skýrt fram. Í rýnihópi A, þar sem flestir höfðu djúp persónuleg tengsl við söguvið safnsins, má greina sterka tilfinningalega tengingu við sýningarnar og menningararfinn. Fyrir þá virkaði safnið sem spegill minninga og sjálfsmyndar. Í rýnihópum B og C komu tengslin við safnið aðallega fram í gegnum þátttöku í viðburðum eða samfélagsviðburðum á vegum safnsins. Þar varð safnið vettvangur samveru og tengsla, fremur en staður sem vakti djúpa persónulega endurminningu. Þessi mismunandi upplifun endurspeglar það sem Witcomb bendir á, að fólk tengist söfnum og menningararfi á ólíkan hátt, og því þurfi söfn að skapa rými fyrir staðbundnar, sögulegar og persónulegar frásagnir, sem og fjölbreyttari reynslu nýrra íbúa og gesta sem ekki eiga beina tengingu við menningararfinn sem safnið byggir á.

Kenningar Elizabeth Crooke varpa ljósi á spurningar um þátttöku, vald og raddir í safnastarfi. Hún leggur áherslu á að menningararfur sé ekki hlutlaus, heldur endurspegli alltaf ákvarðanir um hvað sé sagt, af hverjum og fyrir hvern. Þetta er gagnlegur rammi til að skilja umræðuna sem átti sér stað í rýnihópi D, þar sem safnstjórar ræddu hvernig hægt væri að þróa safnastarfið áfram með þátttöku fleiri samfélagshópa. Þeir bentu á mikilvægi þess að skapa meira samtal við íbúa og opna safnið enn frekar fyrir fjölbreyttari röddum.

Athyglisvert er að í öllum rýnihópunum kom fram að Síldarminjasafnið er ekki einungis að spegla fortíðina heldur er það einnig að tengjast nútímanum með því að efla samtal, fjölbreytni og samfélagslega virkni. Það samræmist kenningum þessara þriggja fræðimanna hér að ofan, Weil vill mælanleg samfélagsleg áhrif, Witcomb vill rými fyrir margbreytileika og Crooke krefst valddreifingar og gagnrýnnar sýnar á menningararfinn. Ég tel að þessir punktar veiti ákveðna innsýn til að greina möguleika, en einnig áskoranir, safnsins við að efla tengsl við samfélagið í Siglufirði.

5.4 Sameiginleg þemu og tengingar

Í umræðum rýnihópanna komu í ljós ýmis sjónarhorn á hlutverk og áhrif safnsins í samfélaginu. Þrátt fyrir ólíkan bakgrunn þátttakenda má greina ákveðin sameiginleg þemu sem varpa ljósi á hvernig safnið getur eflt tengsl við íbúa og styrkt samfélagslegan tilgang sinn. Hér á eftir eru dregin fram helstu þemun sem endurspeglast í öllum rýnihópunum og sýna hvernig safnið getur verið vettvangur fyrir inngildingu, þátttöku og samveru.

Tilfinning um að tilheyra: Öll fjögur rýnihópaviðtölin draga fram hversu mikilvægu hlutverki safnið gegnir í að efla tilfinningu einstaklinga fyrir því að tilheyra samfélaginu. Niðurstöðurnar sýna að innfæddir í hópi A tengjast í gegnum fjölskyldur sínar á meðan að viðburðir og félagsleg þátttaka eflir tilfinninguna um að tilheyra hjá hópi B og C og styrkir tengingu þeirra við Síldarminjasafnið. Þátttakendur í rýnihópum heimafélks sögðu að safnið hjálpi þeim að upplifa sig sem hluta af stærri heild. Þessi upplifun styður við kenningar Falk og Dierking (2013), sem leggja áherslu á að heimsóknir í söfn séu félagslegar og tilfinningalegar upplifanir þar sem tengsl við stað, fólk og merkingu skipta miklu máli. Einnig samræmist þetta hugmyndum Simon (2010), sem telur að söfn geti byggt upp sterk samfélagstengsl með því að skapa rými fyrir samveru, umræðu og virka þátttöku, og Price og Appelbaum (2021) sem segja söfn geta stutt við tilfinninguna að tilheyra.

Samfélagsþátttaka og viðburðir: Í heimafélki í rýnihópum A, B og C kom fram að þátttaka í viðburðum safnsins hefur mikil áhrif á hvernig fólk upplifir safnið sem hluta af samfélaginu og hjá safnstjórum í rýnihópi D kom fram mikilvægi viðburða, sér í lagi í smærri samfélögum. Þessir viðburðir eru ekki aðeins menningarleg afþreying, heldur virkt samtal milli safns og samfélags sem eflir félagsanda og traust. Þeir virka sem brú milli einstaklinga með ólíkan bakgrunn og stuðla að inngildingu (SDG 10) með því að skapa vettvang þar sem allir geta tekið þátt óháð uppruna, aldri eða félagslegri stöðu. Um leið styrkja þeir samfélagstengsl og sjálfbærni staðarins (SDG 11), þar sem menningarviðburðir geta eflt staðarvitund og samstöðu.

Jafn aðgangur og aðgengi: Í mörgum viðtölum heimafélks kom skýrt fram að þörf sé á að koma betur á framfæri upplýsingum um ókeypis aðgang fyrir íbúa Fjallabyggðar að Síldarminjasafninu. Þrátt fyrir að slíkur aðgangur sé í boði, virðist hann ekki öllum ljós, sem getur skapað óþarfa hindranir fyrir þátttöku í menningarstarfi. Þetta bendir til þess að jafn aðgangur sé ekki aðeins spurning um að bjóða upp á ókeypis aðgang, heldur einnig að

tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar og skiljanlegar fyrir alla. Þetta fellur undir SDG 10, sem leggur áherslu á að minnka ójöfnuð og tryggja jafna möguleika allra til þátttöku í samfélaginu.

Sjálfbær tenging safna við samfélagið: Í viðtali við safnstjóra í rýnihópi D, komu fram áhugaverðar hugmyndir um að styrkja tengsl safnsins við samfélagið, m.a. með því að virkja sjálfbodaliða í meira mæli og vera opin fyrir nýjum sjónarhornum. Þátttakendur lögðu áherslu á að söfn þurfi ekki að vita allt, heldur geta þau sótt upplýsingar og lærdóm til samfélagsins. Greining ljósmynda með aðstoð samfélagsins er gott dæmi um slíkt. Þetta endurspeglar hugmyndir Simon (2016) um þátttökusöfn, þar sem samfélagið tekur virkan þátt í starfseminni, og Black (2011), sem sér söfn sem samfélagsmiðstöðvar sem laga sig að þörfum fólks. Slík nálgun styður við SDG 17, þar sem samstarf milli stofnana og samfélags er lykill að árangri.

6 Lokaorð

Þessi rannsókn gefur vísbendingar um að Síldarminjasafn Íslands gegni mikilvægu hlutverki í nærsamfélagi sínu á Siglufirði, og hefur burði til að vera brú yfir milli ólíkra hópa í samfélaginu. Með virkri þátttöku íbúa, fjölbreyttum viðburðum og tengingu við sögu staðarins, þá styður safnið við tilfinninguna um að tilheyra, það styrkir samfélagstengsl milli ólíkra hópa og styrkir félagsandann í samfélaginu. Rýnihópar heimafólks bentu á fjölmargar jákvæðar upplifanir sem renna stoðum undir fræðilegar kenningar um samfélagsleg áhrif safna og mikilvægi inngildingar. Viðtöl við heimafólk (rýnihópar A, B og C) sýna að tilfinningaleg tenging við safnið, þátttaka í viðburðum og upplifun af að vera velkomin eru lykilatriði í því að efla tengsl þessa hópa við safnið. Innfæddir Siglufirðingar í hópi A, sem eiga persónulegar rætur í síldarsögunni, upplifa stolt og tilfinningalegar tengingar við menningararfinn og sýningar safnsins, og sjá það sem hluta af eigin sjálfsmynd. Aðfluttir einstaklingar, bæði íslenskir (hópur B) og erlendir (hópur C) tengjast safninu hins vegar tilfinningalega í gegnum viðburði, félagslega þátttöku og fræðslu á sögu staðarins, sem auðveldar aðlögun að samfélaginu og styður við tilfinninguna um að tilheyra. Safnið virkar þannig sem brú á milli fortíðar og nútíðar, ólíkra einstaklinga og samfélagsins í heild. Rýnihópur safnastjóra (hópur D) styður þessa sýn með áherslu á að safnið eigi að vera vettvangur samtals, fjölbreytni og þátttöku. Þeir lýsa vilja til að þróa starf safnsins með samfélaginu og leggja áherslu á að safnið verði vettvangur þar sem íbúar geta ekki aðeins lært, heldur einnig lagt sitt af mörkum. Þeir viðurkenna þó að áskoranir séu til staðar, sérstaklega hvað varðar að ná til allra samfélagshópa á jafnréttisgrundvelli. Þar kemur skýrt fram að inngilding er ekki sjálfgefin heldur krefst skýrleika, aðgengilegrar miðlunar, trausts og virkrar hlustunar. Það eru viðburðir og samfélagsverkefni gegna lykilhlutverki í að efla sambandið milli heimafólks og Síldarminjasafnsins, og sýnir þessi rannsókn fram á að safnið er ekki aðeins staður sem varðveitir menningararfinn, heldur virkur þátttakandi í mótun samfélagsins í Siglufirði. Það má því svara rannsóknarspurningunum þannig að Síldarminjasafnið tengist samfélagi sínu með fjölbreyttum hætti, þar sem tilfinningaleg tenging, þátttaka, samvera og sameiginleg reynsla skipta lykilmáli. Þeir þættir sem styðja sterkari tengsl eru m.a. viðburðir sem virkja samfélagið, tenging við arfleifð sem veitir stolti og sjálfsmynd rými, opið og aðgengilegt viðmót, sem og vilji safnsins til að þróa starfsemi sína með samfélaginu.

Þótt íbúar Fjallabyggðar hafi ókeypis aðgang að safninu, eru enn hindranir til staðar, eins og skortur á upplýsingum og tengslum. Þetta sýnir að inngilding gerist ekki af sjálfu sér, hún krefst skýrrar miðlunar, hlustunar og aðgengis sem tekur mið af þörfum fólks. Því þurfa söfn ekki aðeins að varðveita menningararf, heldur líka að vera virkir þátttakendur í samfélagsþróun. Niðurstöðurnar sýna mikilvægi þess að söfn séu meðvituð um þröskulda, beiti markvissum miðlunaraðferðum og leiti samvinnu við íbúa. Áhersla á fjölbreytni, þátttöku og jafnan aðgang tryggir að söfn geti orðið vettvangur inngildingar og sjálfbærrar samfélagsþróunar. Rannsóknin staðfestir að söfn á landsbyggðinni geta stuðlað að sjálfbærni, félagslegum jöfnuði og samfélagsþátttöku í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDG 4, 8, 10, 11, 16 og 17).

Þó að rannsóknin hafi verið afmörkuð við eitt safn í einu samfélagi, má ætla að niðurstöðurnar geti haft gildi fyrir söfn víðar á Íslandi, sér í lagi í smærri samfélögum. Niðurstöðurnar benda til meðvitund og samvinnu skipta máli fyrir samband safna og samfélaga. Sérstaklega skiptir máli að nálgast samstarf með virðingu, hlustun og þátttöku, því það getur skilað ávinningi, bæði fyrir safnið og samfélagið í heild. Hvað varðar frekari rannsóknir, þá væri áhugavert að gera sambærilega rannsókn á safni í öðru samfélagi en Siglufirði, með áherslu á inngilding og samfélagsþátttöku, til samanburðar. Einnig væri áhugavert að bera saman hvernig mismunandi gerðir safna, t.d. þéttbýlissöfn og landsbyggðarsöfn, nálgast samfélagslegt hlutverk sitt, sem og að skoða reynslu fleiri hópa, t.d. ungmenna eða fólks með fatlanir, til að dýpka skilning á því hvernig inngilding og aðgengi virka í raun.

Ég tel það mikilvægt að það komi fram, varðandi hlutleysi mitt sem rannsakanda, að það reyndist mér nokkuð krefjandi í þessari rannsókn að halda fjarlægð og hlutleysi við efnið þar sem ég er svo mikið tengdur rannsóknarefninu. Ég er fæddur og uppalinn í Siglufirði og hef unnið hjá Síldarminjasafninu síðustu ár, sem gerir tengsl mín bæði persónuleg og fagleg. Ég gerði mitt besta til að halda gagnrýnni hugsun og byggja niðurstöður á orðræðu þátttakenda. Það má þó í stuttu máli má segja að þessi rannsókn gefi vísbendingar um hvernig lítil menningarstofnun getur haft áhrif á lífsgæði íbúa og samfélagið í heild. Með því að taka samfélagslegu hlutverki sínu alvarlega, getur safn orðið vettvangur umbreytinga og staður þar sem nýjar tengingar, nýr skilningur og ný framtíðarsýn verða til.

Heimildir

- Anderson, G. (2012). *Reinventing the museum. The evolving conversation on the paradigm shift*. AltaMira Press.
- Andrea Hjálmsdóttir og Atli Hafþórsson. (2015). Staða kynjanna fyrir og eftir opun Héðinsfjarðarganga: Samgöngur, viðhorf til vinnumarkaðar og verkaskipting heimilum. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(1). Bls. 53-75.
- Archer, L., Dawson, E., Seakins, A., og Wong, B. (2016). Disorientating, fun or meaningful? Disadvantaged families' experiences of a science museum visit. *Cultural Studies of Science Education*, 11, 917-939. <https://doi.org/10.1007/s11422-015-9667-7>
- Ágúst Ólafur Ágústsson. (2024). *Menning og skapandi greinar: Hugmyndir, skipulag og stefnumótun*. Menningar- og viðskiptaráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Menningar--og-vidskiptaraduneyti/Menning_og_skapandi_greinar.pdf
- Árnastofnun. (e.d.). Málið. <https://malid.is/leit/safn>
- Árni Daníel Júlíusson, Bjarni Guðmarsson, Einar Hjörleifsson, Haukur Jóhannesson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Ólafur Ísberg, & Pétur Már Ólafsson. (1993). *Íslenskur söguatlas* (Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson, ritstj.; 3. bindi). Íðunn.
- Black, G. (2011). *The Engaging Museum: Developing Museums for Visitor Involvement*. Routledge.
- Boylan, P. J. (1999). *Universities and museums: Past, present and future*. *Museum Management and Curatorship*, 18(1), 43–56. [https://doi.org/10.1016/S0260-4779\(99\)00034-5](https://doi.org/10.1016/S0260-4779(99)00034-5)
- Braun, V., Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>

- Campos, M. R. C. (2021). Museums, tourism and interpretation of the heritage. *Revista Rosa dos Ventos - Turismo e Hospitalidade*, 13(3), 894–908. <https://doi.org/10.18226/21789061.v13i3p894>
- Crooke, E. (2010). *The politics of community heritage: Motivations, authority and control*. *International Journal of Heritage Studies*, 16(1–2), 16–29. <https://doi.org/10.1080/13527250903441705>
- Dawson, E. (2014). "Not designed for us": How science museums and science centers socially exclude low-income, minority ethnic groups. *Science Education*, 98(6), 981–1008. <https://doi.org/10.1002/sce.21133>
- Falk, J. H. og Dierking, L. D. (2013). *The museum experience revisited*. Left Coast Press, Inc.
- Guðrún D. Whitehead og Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2018). *Museology and the Icelandic museum field*. *Nordic Museology*, 1, 104–110.
- Heiða Björk Árnadóttir og Tinna Grétarsdóttir. (2010). Stafræn miðlun safnkosts. *Eftirskjálftar tæknibyltingarinnar innan safna*. (Helga Ólafs, Hulda Proppé riststj.). Þjóðarspejillinn 2010.
- Hörður Ágústsson. (1998). *Íslensk byggingararfleið I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750 - 1940*. Húsafriðunarnefnd Ríkisins.
- ICOM. (e.d.). *International Council Of Museums*. <https://icom.museum/en/>
- ICOM. (2017). *ICOM code of ethics for museums*. <https://icom.museum/wp-content/uploads/2018/07/ICOM-code-En-web.pdf>
- Izzo, F., Camminatiello, I., Sasso, P., Solima, L., og Lombardo, R. (2023). Creating customer, museum and social value through digital technologies: Evidence from the MANN Assiri project. *Socio-Economic Planning Sciences*, 85, 101502. <https://doi.org/10.1016/j.seps.2022.101502>
- Jennings, G. (2010). *Tourism research*. John Wiley & sons Australia Ltd.
- Johansson, C., og Bevelander, P. (2017). Introduction: Museums in a Time of Migration. Í Johansson, C. og Bevelander, P. (ritstj.), *Museums in a Time of Migration: Rethinking*

Museums' Roles, Representations, Collections and Collaborations (bls. 9–28). Nordic Academic Press.

Jóhanna Bergmann. (2022a). *Skapandi samstarf grunnskóla og safna. Hugmyndahatturinn - handbók fyrir grunnskólakennara*. [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman.

https://skemman.is/bitstream/1946/42293/1/lokaritgerd_2022.pdf

Jóhanna Bergmann. (2022b). *Hugmyndahatturinn - handbók fyrir grunnskólakennara um skapandi samstarf við söfn*. [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman.

<https://skemman.is/bitstream/1946/42293/2/hugmyndahatturinn.pdf>

Kelly, L. (2006). *Measuring the impact of museums on their communities: The role of the 21st century museum*. INTERCOM 2006 Conference Paper.

<https://citeseerx.ist.psu.edu/document?doi=2eed1a137651637c86f9a7093ce0bffe6f167bae>

Kinsley, R. P. (2016). Inclusion in museums: A matter of social justice. *Museum Management and Curatorship*, 31(5), 474-490. <https://doi.org/10.1080/09647775.2016.1211960>

Kirchberg, V. (1998). Entrance fees as a subjective barrier to visiting museums. *Journal of Cultural Economics*, 22(1), 1–13.

Kluge-Pinsker, A., og Stauffer, B. (2021). Non-visitors: Who are they and what should we do about them? *Journal of Museum Education*, 46(1), 61-73. <https://doi.org/10.1080/10598650.2021.1875314>

Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2016). Starfenda- og þátttökurannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 347-360). Háskólinn á Akureyri.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2015). Ræktunarstarf byggðasafna. Í Sigurjón Baldur Hafsteinsson (ritstjóri), *Byggðasöfn á Íslandi* (bls. 7-17). https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/1552/Byggdasofn%20a%20islandi_web.pdf?sequence=1&isAllowed=y

- Lane, R., Vancley, F., Wills, J. og Lucas, D. (2007). Museum Outreach Programs to Promote Community Engagement in Local Environmental Issues. *The Australian Journal of Public Administration*, 66(2), 159–174. <https://doi.org/10.1111/j.14678500.2007.00525.x>
- Leavy, P. (2023). *Research design*. Guildford Press.
- Lög um menningaminjar nr. 80 (2012). <https://www.althingi.is/lagas/155/2012080.html>
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90. (2018). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018090.html>
- Munro, E. (2013). “People just need to feel important, like someone is listening”: Recognising museums’ community engagement programmes as spaces of care. *Geoforum*, 48, 54-62. <https://doi.org/10.1016/j.geoforum.2013.04.008>
- Murawska-Muthesius, K., og Piotrowski, P. (2015). From museum critique to the critical museum. (Murawska-Muthesius, K., Piotrowski, P. ritstj.), *From museum critique to the critical museum*. Routledge.
- Olivares, A., og Piatak, J. (2022). Exhibiting inclusion: An examination of race, ethnicity, and museum participation. *VOLUNTAS: International Journal of Voluntary and Nonprofit Organizations*, 33, 121–133. <https://doi.org/10.1007/s11266-021-00322-0>
- Ólöf Gerður Sigfúsdóttir. (2021). The state of research among Icelandic museums. *Nordic Museology*, 2–3, 81–95.
- Örlygur Kristfinnsson (2013). *Saga Sildarminjasafnsins*. <http://www.sild.is/um/um-safnid/saga-safnsins/>
- Price, C. A. og Applebaum, L. (2022). Measuring a sense of belonging at museums and cultural centers. *Curator: The Museum Journal*, 65(1), 135-160. <https://doi.org/10.1111/cura.12454>
- Pokojska, W. (2017). *Breaking definitional boundaries – Museums in Iceland*. Zarządzanie w Kulturze, 18(1), 61–74. <https://doi.org/10.4467/20843976ZK.17.005.6288>

- Poulot, D. (1994). Identity as self-discovery: The eco museum in France. Í Sherman D. J. og Rogoff, I. (ritstjórar), *Museum culture – Histories, discourses, spectacles* (bls. 66-84). Routledge.
- Reyes-García, M. E., Criado-García, F., Camúñez-Ruíz, J. A., & Casado-Pérez, M. (2021). *Accessibility to Cultural Tourism: The Case of the Major Museums in the City of Seville*. Sustainability, 13(6), 3432. DOI: 10.3390/su13063432
- Reza, A. (2023). Inclusive to Some: Examining Immigrant Interactions with Museum Practice. *The International Journal of the Inclusive Museum; Ahmedabad Vol. 16* (2), 109-135. <https://doi.org/10.18848/1835-2014/CGP/v16i02/109-135>
- Ross, M. (2004). Interpreting the new museology. *Museum and Society*, 2(2), 84–103. <https://doi.org/10.29311/mas.v2i2.43>
- Safnalög nr. 141. (2011). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>
- Safnaráð Íslands. (e.d.-a). *Hvað er viðurkennt safn?* <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/hvad-er-vidurkennt-safn/>
- Safnaráð Íslands. (e.d.-b). *Höfuðsöfnin þrjú*. <https://safnarad.is/safnastarfsemi/hofudsofnin-bthru/>
- Safnaráð Íslands. (e.d.-c). *Um safnaráð*. <https://safnarad.is/um-safnarad/>
- Safnaráð Íslands. (e.d.-d). *Listi yfir viðurkennd söfn*. <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/listi-yfir-vidurkennd-sofn/>
- Sandell, R. (1998). *Museums as agents of social inclusion*. *Museum Management and Curatorship*, 17(4), 401–418. [https://doi.org/10.1016/s0260-4779\(99\)00037-0](https://doi.org/10.1016/s0260-4779(99)00037-0)
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2018). *Hver er leiðin fram á við?* https://www.academia.edu/37703311/Hver_er_lei%C3%B0in_fram_%C3%A1_vi%C3%B0?email_work_card=thumbnail
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2015). Ræktunarstarf byggðasafna. Í Sigurjón Baldur Hafsteinsson (ritstjóri), *Byggðasöfn á Íslandi* (bls. 7-17). <https://opinvisindi.is/>

- bitstream/handle/20.500.11815/1552/Byggdasofn%20a%20islandi_web.pdf?sequence=1&isAllowed=y
- Sigríður Halldórsdóttir. (2016b). Inngangur að aðferðarfræði. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 17-30). Háskólinn á Akureyri.
- Simon, N. (2016). *The art of relevance*. Museum 2.0. <https://artofrelevance.org/read-online/>
- Simon, N. (2010). *The participatory museum*. Museum 2.0.
- Síldarminjasafn Íslands. (2006). *Skipulagsskrá*. <http://www.sild.is/um/skipulag/skipulagsskra/>
- Síldarminjasafn Íslands. (2022). *Síldarminjasafnið tilnefnt til íslensku safnaverðlaunanna 2022*. <http://www.sild.is/frettir/sildarminjasafnid-tilnefnt-til-islensku-safnaverðlaunanna-2022>
- Síldarminjasafn Íslands. (e.d.). *Saga safnsins*. <http://www.sild.is/um/um-safnid/saga-safnsins/>
- Síldarminjasafn Íslands. (e.d.). *Aðsókn*. <http://www.sild.is/um/um-safnid/adsokn/>
- Sóley S. Bender. (2016). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299-311). Háskólinn á Akureyri.
- Unnur Guðrún Óttarsdóttir. (2016). Grunduð kenning og teiknarðar skýringarmyndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 361-376). Háskólinn á Akureyri.
- Þjóðsskrá. (e.d.). *Íbúar landsins*. <https://www.skra.is/gogn/thjodskrargattin/ibuar-landsins/>
- Vergo, P. (1989). Introduction. Í Peter Vergo (ritstjóri), *New museology* (bls. 1-5) Reaktion books.
- Wali, A., & Collins, R. K. (2023). Decolonizing museums: Toward a paradigm shift. *Annual Review of Anthropology*, 52, 1–17. <https://doi.org/10.1146/annurev-anthro-052721-040652>

Weber, K. E. (2022). *The role of museums in educational pedagogy and community engagement* (College of Education Theses and Dissertations No. 254). DePaul University. https://via.library.depaul.edu/soe_etd/254

Weil, S.E. (1999) *From being about something to being for somebody: The ongoing transformation of the American museum*. *Daedalus*, 128(3), 229-258. <https://www.jstor.org/stable/20027573>

Witcomb, A. (2015). Toward a pedagogy of feeling: Understanding how museums create a space for cross-cultural encounters. Í A. Witcomb & K. Message (ritstj.), *The international handbooks of museum studies: Museum theory* (bls. 321–344). John Wiley & Sons

Viðauki

Viðtalsrammar

Inngangur (fyrir alla rýnihópa)

1. Bjóða þátttakendur velkomna
2. Stjórnandi kynnir sig (og athuganda ef á við)
3. Skýra tilgang og ávinning rannsóknarinnar
4. Skýra framkvæmd viðtalsins og tímalengd þess
5. Greina frá nauðsyn þess a taka upp viðtalið og útskýra að upptöku verði eytt eftir úrvinnslu viðtalsins
6. Skýra út reglur o.þ.h.:
 - a. Einn talar í einu, heiðarleiki er lykilatriði, það eru engin svör röng...
7. Biðja þátttakendur um að kynna sig
 - a. Hópur A – fornafn, aldur
 - b. Hópur B – fornafn, aldur, hvað viðkomandi hefur búið lengi á Siglufirði
 - c. Hópur C – fornafn, aldur, hvað viðkomandi hefur búið lengi á Siglufirði
 - d. Hópur D – fornafn, safnstjóri hvaða safns

Viðtalsrammi fyrir rýnihóp A

– fyrir þá sem eru fæddir og uppaldir á Siglufirði

1. Samfélagsþátttaka (Community engagement):
 - a. Finnst þér Síldarminjasafnið leggja sitt af mörkum til nærsamfélagsins?
 - i. Ef já, þá hvernig og hefur þú tekið þátt í því á einhvern hátt eða séð aðra í samfélaginu gera það?
 - ii. Ef nei, hvað finnst þér að safnið ætti að gera til að leggja sitt af mörkum?
 - b. Hvernig finnst þér safnið endurspegla gildi og sögu þessa samfélags?
 - i. Finnst þér það virkja heimamenn á áhrifaríkan hátt?
2. Inngilding (Inclusion):
 - a. Telurðu að Síldarminjasafnið sé fulltrúi samfélagsins í heild sinni, þar með talið mismunandi kynslóða, þjóðfélagshópa, trúarhópa, o.s.frv.?
 - i. Ef nei, hvað getur safnið gert til að geta tilheyrt fleirum?

3. Staðartilfinning (Sense of Place):

- a. Eru einhverjir þættir Síldarminjasafnsins sem gera það að verkum, að þú finnur fyrir sterkri tengingu við heimabæinn þinn en ella?
 - i. Eru fleiri þættir sem gætu styrkt þá tilfinningu?
- b. Hvernig stuðlar Síldarminjasafnið að persónulegri tengingu þinni við Siglufjörð?
 - i. Lætur safnið þig líða eins og þú sért betur í tengslum við menningararfinn?

4. Að tilheyra (Belongingness):

- a. Hvernig heldur þú að Síldarminjasafnið ýti undir þá tilfinningu, um að tilheyra, á meðal íbúa sem hafa búið hér lengi?
 - i. Finnst þér Síldarminjasafnið vera "þitt" safn?
- b. Þegar þú heimsækir Síldarminjasafnið, finnur þú fyrir stolti að því að vera Siglufirðingur?
 - i. Hvers vegna eða hvers vegna ekki?

5. Heimsmarkmiðin (SDG 17):

- a. Hvernig getur samstarf milli Síldarminjasafnsins og annarra stofnana, skóla eða samtaka stuðlað að þróun samfélagsins?
- b. Hvaða hlutverk telur þú að safnið gæti gegnt í samstarfi við önnur samtök á staðnum til að efla sterkari samfélagsanda?

Viðtalsrammi fyrir rýnihóp B

– þá sem fæddir eru á Íslandi og flytjast til Siglufjarðar

1. Samfélagsþátttaka (Community engagement):

- a. Hefur Síldarminjasafnið á einhvern hjálpað þér að finnast þú tengdari samfélaginu betur síðan þú fluttir hingað?
 - i. Eru t.d. einhverjir viðburðir sem þú hefur farið á og hafa þannig hjálpað þér að taka þátt í samfélaginu?
- b. Hvernig hefur Síldarminjasafnið stuðlað að meiri þátttöku þinni í nærsamfélaginu?
- c. Hefur Síldarminjasafnið hjálpað þér að fræðast meira um sögu og menningu svæðisins?

2. Inngilding (Inclusion):

- a. Hvernig gæti Síldarminjasafnið bætt sig hvað varðar inngildinguna fyrir nýja íbúa?
- b. Heldurðu að safnið bjóði upp á upplifun án aðgreiningar fyrir fólk sem er nýtt á svæðinu?
 - i. Er eitthvað sem vantar upp á hvað það varðar?

3. Staðartilfinning (Sense of Place):

- a. Hvernig hefur annað hvort heimsókn eða einhverskonar samskipti við safnið, mótað skilning þinn á þessu samfélagi hér í Siglufirði?
 - i. Hefur það hjálpa þér að finna rætur hér?
- b. Hvernig hefur Síldarminjasafnið haft áhrif á tilfinningu þína fyrir tengingu við Siglufjörð síðan þú fluttir hingað?"

4. Að tilheyra (Belongingness):

- a. Finnst þér þú tilheyra þessu samfélagi og gegnir Síldarminjasafnið hlutverki í þeirri tilfinningu?
 - i. Hvað gæti hjálpað nýbúum að líða betur á Siglufirði?
- b. Finnst þú tilheyrandi þegar þú heimsækir Síldarminjasafnið?
 - i. Hvernig gæti safnið styrkt þessa tilfinningu fyrir nýbúa?"

5. Heimsmarkmiðin (SDG 17)

- a. Sérðu fyrir þér að Síldarminjasafnið gæti tekið þátt í samstarfi sem styður aðlögun nýbúa á Siglufirði?
 - i. Hvaða hlutverki ætti það að gegna?
- b. Hvaða samstarf eða samfélagssamstarf gæti safnið kannað til að styðja betur við fólk sem er nýtt á þessu svæði?"

Viðtalsrammi fyrir rýnihóp C

– þá sem fæddir eru erlendis og flytjast til Siglufjarðar

1. Samfélagsþátttaka (Community engagement):

- a. Hvernig hvetur Síldarminjasafnið til eða hindrar þátttöku þína í nærsamfélaginu?

- i. Eru einhverjar hindranir sem koma í veg fyrir þátttöku þína í viðburðum eða athöfnum Síldarminjasafnsins?
 - b. Sem nýbúi á Íslandi, finnst þér tekið vel á móti þér á Síldarminjasafninu?
 - i. Hefur safnið hjálpað þér að styrkja tengingu þína við nærsamfélagið?
2. Inngilding (Inclusion):
- a. Hvernig getur Síldarminjasafnið tekið betur á móti fólki með fjölbreyttan menningarbakgrunn?
 - b. Sérðu þína eigin menningu eða bakgrunn endurspeglast í safninu á einhvern hátt?
 - i. Hvernig gæti safnið bætt sig í inngildingu?
3. Staðartilfinning (Sense of Place):
- a. Hefur Síldarminjasafnið hjálpað þér að skilja betur eða finna fyrir tengingu við þennan nýja stað sem þú kallar nú heimilið þitt?
 - i. Hvað gæti bætt þá upplifun?
 - b. Hvernig hefur safnið mótað skilning þinn eða mat á menningu og sögu Siglufjarðar?
4. Að tilheyra (Belongingness):
- a. Hvernig stuðlar Síldarminjasafnið að tilfinningu þinni fyrir að tilheyra samfélaginu?
 - i. Finnst þér þú vera hluti af samfélaginu í gegnum starf safnsins?
 - b. Hjálpar heimsókn á safnið þér til að finnast þú tilheyra þessu nýja umhverfi?
 - i. Hvernig væri hægt að bæta þetta?
5. Heimsmarkmiðin (SDG 17):
- a. Telur þú að Síldarminjasafnið eiga að sýna frumkvæði, og jafnvel í samstarfi við önnur samtök, og styðja við menningarskipti?
 - i. Hvernig gæti safnið gegnt stóru hlutverki í þannig verkefni?
 - b. Hvaða samstarfi við aðrar staðbundnar eða alþjóðlegar stofnanir gæti safnið stundað til að fólk með ólíkan bakgrunn upplifi sig meira með?"

Enska:

c. Community Engagement:

- i. How does the museum encourage or hinder your engagement with the local community?
 - a. Are there barriers that prevent your participation in its events or activities?
- ii. Do you feel welcomed by the museum as someone new to the country?
 - a. Has it helped you feel more connected to the local community?"

d. Inclusion:

- i. How can the museum become more welcoming to people from diverse cultural backgrounds?
- ii. Do you see your own culture or background reflected in the museum in any way?
 - 1. How could it be more inclusive?

e. Sense of Place:

- i. Has the museum helped you better understand or feel a connection to this new place you now call home?
 - 1. What could improve that experience?
- ii. How has the museum shaped your understanding or appreciation of this place's culture and history?

f. Belongingness:

- i. How does the museum contribute to your sense of belonging in the community?
 - 1. Do you feel included as part of the community through its work?
- ii. Does visiting the museum help you feel a sense of belonging in this new environment?
 - 1. How could this be improved?

g. Sustainable goals (SDG 17):

- i. Do you think the museum is partnering with other organizations or initiatives to support cultural exchange and sustainability?

1. How could it play a stronger role in this?
- ii. What collaborations with other local or international organizations could the museum pursue to make people from diverse backgrounds feel more included?

Viðtalsrammi fyrir rýnihóp D

– fyrir safnstjóra safna á Norðurlandi

1. Biðja þátttakendur um að kynna sig (nafn, safnstjóri hvaða safns)
 2. Hverjar eru helstu leiðir safna ykkar til að skapa tengingu við nærsamfélagið?
 3. Hvernig myndir þú lýsa núverandi sambandi safnsins við nærsamfélagið?
 4. Hvernig sérðu fyrir þér að safnið þróast til að þjóna og tengjast nærsamfélaginu betur í framtíðinni?
- Samfélagsþátttaka (Community engagement):
 - Hverjar eru helstu leiðir safna ykkar til að skapa tengingu við nærsamfélagið?
 - Hvernig sérðu hlutverk safnsins í samskiptum við nærsamfélagið?
 - Hvaða aðferðir hafa verið árangursríkastar til að ná til ólíkra hópa?
 - Inngilding (Inclusion):
 - Hvernig tryggir safn að það sýni eða nái yfir fjölbreytileika samfélagsins?
 - Hvaða áskoranir standa söfn frammi fyrir, í því að vera án aðgreiningar?
 - Staðartilfinning (Sense of Place):
 - Hvernig myndir þú lýsa núverandi sambandi safnsins við nærsamfélagið?
 - Á hvaða hátt heldur þú að söfn leggi sitt af mörkum til að móta eða styrkja staðvitund samfélagsins?
 - Að tilheyra (Belongingness):
 - Hvaða átak hefur þitt safn gert til að efla tilfinninguna um tilheyra samfélaginu í þínum bæ?
 - Hvernig er hægt að mæla árangur þesskonar átaks?
 - Heimsmarkmiðin (SDG 17):

- Hvernig sérðu fyrir þér að söfn þróist til að þjóna og tengjast nærsamfélaginu betur í framtíðinni?
- Á safnið þitt samstarf við aðrar staðbundnar eða alþjóðlegar stofnanir um þessar mundir?
 - Hvernig gæti slíkt samstarf stuðlað að samfélagsþátttöku og þátttöku án aðgreiningar?

Samantekt (fyrir alla rýnihópa)

1. Taka saman megin atriði viðtalsins.
2. Er eitthvað sem fólk vill bæta við?
3. Þakka öllum fyrir þátttökuna